**KRISTLAUG M. SIGURÐARDÓTTIR**

*Lærði teiknimyndagerð í Tallinn*

Ferðir Bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

*Nýsköpun er dráttarklár framtíðarinnar*

Sérblað um íslenskan iðnað

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




NEXT-BÆKLINGURINN FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

NEXT



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. maí 2007 — 144. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

## MIÐVIKUDAGUR



### Á heimsmælikvarða

Katrín Pétursdóttir hannar veggspjald Montreux-djasshátíðarinnar í Sviss.

MENNING 25

### Uppheimar í sókn

Kristján Kristjánsson útgefandi fær hvern stórrithöfundinn á fætur öðrum til liðs við sig.

FÓLK 34

### Aftur í meðferð



Lindsay Lohan hefur leitað sér hjálpar eftir að hafa komist í kast við lögin um helgina.

FÓLK 26



### Versta byrjun KR í 30 ár

KR hefur ekki byrjað Íslandsmótið í knattspyrnu verr síðan 1977. Þá féll liðið um haustið.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝINDI** Í dag verða norðaustan 10-15 m/s með ströndum suðaustan til, annars mun hægari vindur. Skýjað sunnan til en bjart með köflum nyrðra lengst af í dag. Hiti 8-19 stig, hlýjast á Vesturlandi.

VEÐUR 4



**STIKLAÐ TIL ANDANNA** Þessi drengur lét sig ekki muna um að stikla langt út í lækinn í Hafnarfirði til að geta brauðfætt endurnar sem þar syntu letilega um í sólskininu. Hlýjast var á höfuðborgarsvæðinu og við Egilsstaði í gær en búist er við að hitinn á landinu hækki enn í vikunni. Íslenska sumarið virðist því loksins gengið í garð. Eins og þessi mynd ber með sér lifnar mjög yfir fólki og fuglum um borg og bý þegar sólin lætur loksins á sér kræla. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Samstarf um Strætó í hættu

**Bæjarstjóri Kópavogs er ósáttur við stjórn Strætó. Sveitarstjórnarmenn ósáttir við kostnaðarskiptingu. Hugmynd að skipta upp sameiginlegum rekstri.**

**SAMGÖNGUR** Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir koma til greina að hætta samstarfi um rekstur Strætó bs. Þessa skoðun lét hann í ljós á stjórnarfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem bæjarstjórar nágrannasveitarfélaganna sátu í þessum mánuði. Segist hann hafa viðrað þá hugmynd að minni sveitarfélögin rækju sameiginlega strætólínu sem næði frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Það væri svo í verkahring hvers bæjarfélags fyrir sig að koma farþegum í þá strætólínu. Gangi þetta eftir verður samstarfi um rekstur Strætó bs. í núverandi mynd hætt.

Gunnar segir að auðvitað sé ákjósanlegast að bæjarfélögin standi saman að þessum rekstri. „Hins vegar kemur þetta til greina þegar menn ganga ekki í takt. Sívaxandi halli hefur verið á rekstri Strætó undanfarin ár. Talað hefur verið um að hagræða í rekstrinum og minnka niðurgreiðslur. Á sama tíma eru samt uppi kröfur um að allt verði frítt. Það liggur í augum uppi að ekki er hægt að gera hvort tveggja í einu,“ segir bæjarstjórinn.

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, segir marga líta þannig á að illa hafi verið haldið á málefnum Strætó undanfarna mánuði og ár. Stjórn fyrirtækisins hafi verið handahófskennd. Ákvarðanir sem varði reksturinn séu teknar í hinum og þessum sveitarfélögum en ekki á vettvangi Strætós sjálfs.

Undir þetta tekur Gunnar Birgisson og fleiri sveitarstjórnarmenn sem Fréttablaðið ræddi við í gær. Í apríl hafi til dæmis Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri tilkynnt að frítt yrði fyrir alla námsmenn í Strætó frá næsta hausti. Þá hafi borgaryfirvöld ákveðið rétt eftir síðustu sveitastjórnarkosningar að kosta leið Strætós upp í Hádegismóa. Þegar á reyndi hafi það komið í hlut allra sveitarfélaganna að greiða fyrir pólitíska ákvörðun eins sveitarfélags.



GUNNAR BIRGISSON

Gunnar krafðist þess á stjórnarfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 7. maí síðastliðinn að málefni Strætó yrðu rædd. Þar gagnrýndi hann meðal annars Vilhjálm borgarstjóra fyrir það hvernig haldið væri á málum varðandi rekstur fyrirtækisins. Tóku allir forystumenn í Samtökum sveitarfélaga þátt í þessum umræðum á stjórnarfundinum og sýndist sitt hverjum.

„Ef við stöndum ekki saman þurfa menn að athuga sína stöðu,“ segir Gunnar en vill ekki tjá sig um umræður á stjórnarfundum Samtaka sveitarfélaga, sem séu trúnaðarmál.

Jónmundur Guðmarsson vill ekki heldur tjá sig um það sem rætt var á stjórnarfundinum 7. maí. Hann segist lengi hafa verið þeirrar skoðunar að óstjórn hafi verið á fjármálum Strætó og er ósáttur við nýja skiptingu kostnaðar sem tekin var upp um síðustu áramót. Gjöld sveitarfélaganna vegna Strætó hafi hækkað verulega án þess að meiri þjónusta kæmi fyrir. Á sama tíma fækkaði notendum almenningssamgangna á Seltjarnarnesi.

„Út frá okkar sjónarmiði má færa ýmislegt til betri vegar,“ segir Jónmundur. **- bg**

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Engin hátíðardagskrá verður á Akureyri vegna sjómannadagsins eins og venja er:

# Neita að styrkja sjómennina

**HÁTÍÐAHÖLD** „Nú er komin upp sú sorglega staða að útgerðirnar neita að styrkja sjómennina til að halda sjómannadaginn hátíðlegan,“ segir Konráð Alfreðsson, formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar, en engin hátíðarhöld verða á Akureyri í tengslum við sjómannadaginn á sunnudaginn. Sjómannadagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur í bænum síðan árið 1939 og samkvæmt Konráði er þetta í fyrsta skiptið sem á því verður breyting.

„Auðvitað halda sjómenn og fjölskyldur þeirra daginn hátíðlegan en það er sorglegt þegar útgerðirnar í einum stærsta útgerðarbæ landsins sjá sér ekki fært um að styrkja sjómennina okkar um það lítilræði sem þarf til að halda daginn hátíðlegan. Útgerðirnar eru hins vegar að styrkja hátíðir í öðrum bæjarfélögum,“ segir Konráð.

Sjómannafélag Eyjafjarðar mun funda um málið en Konráð segir engin tök á að koma dagskrá saman tímanlega. „En nú er botninum náð og hann er góður til að spyrna sér upp.“ **- ih**

Pioneer ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

4x50W Mosfet magnari · Útvarp D4Q · 24 stöðva minni FM/MW/LW
3 banda tónjafnari · CD/MP3/WMA · EEQ forstilltur tónjafnari



DEH-2900MP
19.900.-
FRÍ ÍSETNING

ORMSSON
ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

IG veiði vörur

Þú færð IG-veiðivörur á næstu Þjónustustöð

N1

**SPURNING DAGSINS**



*Ólafur, er kalt á toppnum?*

„Ég hef ekki náð toppnum ennþá.“

Ferðafélag Íslands fór sína árlegu ferð á tind Hvannadalshnúks á hvítasunnudag. Ólafur Örn Haraldsson er forseti félagsins.

Nokkur mál eru á dagskrá sumarþings auk kosninga í nefndir og rannsókn kjörbréfa:

# Þinghald og viðhald á Alþingi

**STJÓRNMÁL** Þing verður sett eftir hádegi á morgun. Þingsetningarathöfnin hefst á messu í Dómkirkjunni klukkan hálf tvö og að henni lokinni setur forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, þingið.

Hlutað verður um sæti þingmanna, forseti kjörinn og kosið í nefndir þingsins.

Annað kvöld flytur Geir H. Haarde forsætisráðherra stefnuræðu sína og umræður um hana fylgja í kjölfarið.

Fyrir þinginu liggur að afgreiða þrjú stjórnarfrumvörp. Eitt um breytingar á lögum um stjórnarráðið vegna tilfærslu verkefna milli ráðuneyta, annað um málefni barna og ungmenna og hið þriðja um lífeyrismál aldraðra.

Unnið er að viðgerðum á Alþingishúsinu og það því klætt stillönsum. Fúgur á norðurhlið hússins eru endurnýjaðar og skífur á þaki. Búist er við að viðgerðum ljúki eftir mánuð.



**ALÞINGI** Reiknað er með að viðgerð á þinghúsinu standi í mánuð í viðbót. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Af þeim 24 nýju þingmönnum sem náðu kjöri í kosningunum 12. maí hafa sautján ekki sest áður á þing. Aðrir hafa ýmist verið þingmenn áður eða komið inn sem varamenn.

Kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréf nýrra þingmanna á morgun. - bþs

Tannlæknafélag Íslands:

## Samþykkti forvarnarskoðun

**HEILSA** Tannlæknafélag Íslands hefur samþykkt samning við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Samkvæmt honum fá þriggja og tólf ára börn forvarnarskoðun gegn endurgreiðslu. 55 prósent félagsmanna kusu um málið, þar af sagði 61 prósent já.

„Meirihluti stjórnarinnar er mjög ánægður með þessa niðurstöðu,“ segir Sigurjón Benediktsson formaður. „Það var hart tekist á um málið innan félagsins en það sneri að því hvernig staðið var að samningnum, ekki efnisatriðum hans. Þetta er fyrsta skrefið í bættri tannheilsu íslenskra barna.“ - sþs

Aðstoðarmaður iðnaðarráðherra:

## Einar Karl aðstoðar Össur

**STJÓRNMÁL** Einar Karl Haraldsson hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra.



EINAR KARL HARALDSSON

Einar Karl fékkst lengi við blaðamennsku og var meðal annars fyrsti ritstjóri Fréttablaðsins.

Hann hefur sinnt ýmsum ráðgjafarverkefnum, til dæmis fyrir Kaupþing. Þá var Einar Karl formaður stjórnar Hjálparstarfs kirkjunnar. Einar var varaþingmaður Samfylkingarinnar á síðasta kjörtímabili. - bþs



**VEIÐAR** Japanar leggja áherslu á að þeir fái hvalveiðikvóta eins og frumbyggjar.

Alþjóðahvalveiðiráðið fundar:

## Sátt um kvóta frumbyggja

**ALASKA, AP** Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti í gær hvalveiðikvóta fyrir frumbyggja Alaska fyrir næstu fimm árin. Þeir fá að veiða 260 grænlandssléttbaka á tímabilinu, eða 52 á ári. Kvótinn var samþykktur samhljóða á ársfundi ráðsins, sem fram fer þessa dagana í Bandaríkjunum.

Fulltrúar Japans sögðu á fundinum að þeir myndu halda sig við áform um veiðar á fimmtíu hnúfubökum. Fulltrúar ríkja sem andsnúin eru hvalveiðum höfðu áður hafnað því að veita Japan kvóta hliðstæðan frumbyggjakvótunum gegn því að hætt yrði við veiðar á hnúfubaki. - bj

# Alvarlegum líkamsárásum fjölgar ekki

**Parið sem rændi mann í húsasundi aðfaranótt sunnudags hefur verið handtekið. Lögregla leitar enn tveggja manna sem réðust á karlmann í Breiðholti sömu nótt. Lögreglustjóri segir að minniháttar líkamsárásum hafi fjölgað í miðborginni.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu yfirheyrði í gær karlmann og konu sem grunuð eru um að hafa ráðist á 67 ára gamlan karlmann í húsasundi við Laugaveg aðfaranótt sunnudags. Maðurinn var handtekinn á mánudagskvöld eftir að hann hafði freistað þess að nota kreditkort mannsins sem ráðist var á. Konan gaf sig sjálf fram við lögreglu í gærmorgun.

Atvikið átti sér stað á fjórða tímanum aðfaranótt sunnudags. Konan lokkaði manninn inn í húsasund og bað hann um að gefa sér eld. Þar var hann sleginn í höfuðið aftan frá af vitorðsmanni konunnar. Þau tóku síðan af manninum peningaveski, síma, lykla, gleraugu og úr og lömdu hann svo illa að hann rifbeinsbrotnaði og nefbrotnaði auk þess sem hann hlaut ýmsa minni áverka.

Tilkynnt var um sjö líkamsárásir á höfuðborgarsvæðinu þessa nótt og voru tvær þeirra alvarlegar. Tveir menn veittust að karlmanni í Breiðholti, kýldu hann í götuna og óku á brott. Þeirra er enn leitað en lögregla hefur haft uppi á bílnum sem þeir óku.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segir að minniháttar líkamsárásum hafi fjölgað undanfarið. „Samkvæmt þeim tölum sem við höfum undir höndum hefur verið meira um líkamsárásir í miðborginni það sem af er þessu ári en á sama tíma í fyrra. Alvarlegum líkamsárásum hefur hins vegar ekki fjölgað,“ segir Stefán. Hann bendir á að mikilvægt sé að taka þessari fjölgun með fyrirvara enda um fremur stutt tímabil að ræða. „Við fylgjumst náið með þessum tölum og höfum verið að skoða lausnir til þess að ná þeim niður. Undanfarið höfum við unnið að því í samvinnu við Reykjavíkurborg og dómsmálaráðuneytið að fjölga öryggismyndavélum í miðborginni, eins erum við í samstarfi við skemmtistaðina og dyraverði sem þar starfa,“ segir Stefán.



**LOKKAÐUR INN Í HÚSASUND** Kona lokkaði karlmann inn í húsasund við Laugaveg aðfaranótt sunnudags. Þar var hann rændur og laminn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



STEFÁN EIRÍKSSON

Flest brotin eiga sér stað aðfaranætur laugardaga og sunnudaga og þar er mesta fjölgunin. Stefán segir að aukin fíkniefnaneysla á skemmtistöðum kunni að vera orsök vandans en fíkniefni koma við sögu í flestum málum.

Maðurinn sem varð fyrir líkamsárásinni vildi ekki tjá sig um atvikið en kvaðst ánægður með að þrjótarnir hefðu náðst. Hann er á batavegi.

thorgunnur@frettabladid.is

Vopnatilraunir í Rússlandi:

## Ný langdræg eldflaug prófuð

**RÚSSLAND, AP Varaforsætisráðherra Rússlands segir að nýjar langdrægar eldflaugar, sem gerðar voru tilraunir með í gær, gætu komist í gegnum öll eldflaugavarnakerfi. Rússneskar fréttastofur greindu frá þessu.**



SERGEI ÍVANOV

**„Frá og með deginum í dag hefur Rússland nýjar eldflaugar sem eru færar um að komast í gegnum allar þær eldflaugavarnir sem eru eða munu verða til,“ hafði ITAR-Tass-fréttastofan eftir varaforsætisráðherranum Sergei Ívanov. Áður hafði eldflaugadeild Rússlandshers tilkynnt um tilraun með nýja langdræga eldflaug sem bæri marga sprengjuodda. Einnig hefði ný gerð stýriflaugar verið prófuð.** - aa

Fyrsta Hilton-hótelið á Íslandi:

## Nordica hótel verður Hilton

**VIÐSKIPTI** Nordica hótelið í Reykjavík verður hluti af Hilton-hótelkeðjunni og mun eftirleiðis heita Hilton Reykjavik Nordica. Merkingum og ýmsu varðandi starfsemi hótelsins verður breytt á næstu vikum. Skrifað var undir samning þessa efnis í Düsseldorf í gær, að því er fram kemur í tilkynningu frá Icelandair hotel, eiganda Nordica hótelsins.

Um er að ræða sérleyfissamning við Hilton Hotels Corporation, en Icelandair hotels mun áfram reka hótelið. Hilton mun leggja til gæðaímynd og margvísleg markaðs- og kynningartækifæri á alþjóðavísu. Um 500 Hilton-hótel eru starfandi um heim allan. - bj


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN MURANO**

Nýskr. 03.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 8 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Loftslagsmál í fyrirrúmi á samráðsfundi ESB- og Asíuríkja og í aðdraganda G8-fundar:

# Stefnt að nýjum Kyoto-sáttmála

**HAMBORG, AP** Ráðherrar Asíuríkja – þar á meðal risaríkjanna Kína og Indlands – féllust með semingi í gær á að styðja áform Evrópusambandsríkjanna um að stefna að því að gerður verði nýr bindandi alþjóðasamningur um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum fyrir árið 2009, þegar Kyoto-sáttmálinn umtalaði rennur út.

Samkomulagið, sem náðist á samráðsfundi Evrópusambands- og Asíuríkja í Hamborg í gær, var áfangasigur fyrir Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, sem gegnir nú formennskunni bæði í ESB og G8-hópi mestu iðnvelda heims. Henni er í mun að á leiðtogafundi G8-hópsins í Heiligendamm við Eystrasalt í næstu viku náist sátt um að stefna skuli að gerð slíks nýs alþjóðasamnings.

Þýsku stjórninni var í mun að fá stuðning Asíulandanna við þessi áform til að auka þrýstinginn á Bandaríkjastjórn að styðja þau einnig.

James Connaughton, sérlegur ráðgjafi Bush Bandaríkjaforseta í umhverfismálum, tók af tvímæli um það á blaðamannafundi í Berlín í gær að Bandaríkjastjórn væri eftir sem áður á móti því að á G8-fundinum yrði eitt allsherjarmarkmið sett um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. - aa



**SÁTTIR** Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, og kínverskur starfsbróðir hans Yang Jiechi á fundinum í Hamborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





## **KIA Sportage** dísil túrbó

KIA Sportage er kröftugur sportjeppi með eyðslugrannri og hljóðlátri 2ja lítra dísilvél sem skilar 140 hestöflum.

**Nú getum við boðið nokkur eintök af þessum vinsæla jeppa með aflmikilli dísilvél á lækkuðu verði, 2.890.000 kr.**

**Heilsársdekk og dráttarbeisli fylgja með.**

★★★★★

KIA Sportage er sigurvegari í sínum flokki, samkvæmt gæðakönnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power. Könnunin náði til 115 þúsund bíleigenda í Bandaríkjunum.

**29.616 kr.** á mánuði*

AVANT

*M.v. 30% útborgun og 84 mánaða gengistryggt bílalán frá AVANT.
Einnig fáanlegur með 100% láni.

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA MOTORS
*The Power to Surprise*™

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

**GENGIÐ 29.05.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,58 | 61,88 |
| Sterlingspund | 122,34 | 122,94 |
| Evra | 83,05 | 83,51 |
| Dönsk króna | 11,144 | 11,210 |
| Norsk króna | 10,254 | 10,314 |
| Sænsk króna | 8,986 | 9,038 |
| Japanskt jen | 0,5067 | 0,5097 |
| SDR | 93,3 | 93,86 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
112,8278
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óbyggðanefnd úrskurðar um þjóðlendukröfur ríkisins á Norðausturlandi:

# Úrskurðir fara líklega fyrir dómstóla

**DÓMSMÁL** Líklegt er að landeigendur á Norðausturlandi höfði mál á hendur ríkinu til að hnekkja úrskurðum óbyggðanefndar um Norðausturland. Nefndin féllst á sumar kröfur fjármálaráðherra á svæðinu en hafnaði öðrum.

Óbyggðanefnd úrskurðaði í gær í fimm málum á Norðausturlandi. Ólafur Björnsson, lögmaður fjölmargra landeigenda á svæðinu, sagði eftir að úrskurðurinn féll í Þjóðmenningarhúsinu í gær að hann ætti frekar von á því að þeir landeigendur sem hefðu orðið undir í málinu færu með málið fyrir dóm. Landeigendurnir hafa sex mánuði til að höfða mál til ógildingar úrskurðinum.


**ÞJÓÐLENDUDEILUR** Landeigendur hafa sex mánuði til umhugsunar.

Ólafur benti til að mynda á að jörðin Valþjófsstaður, prestsetur sem áður var stórbýli, yrði eftir úrskurð óbyggðanefndar að stærð við frímerki. Hann sagðist þó ekki ósáttur við úrskurðina í heild, þar væru kostir og gallar. Landeigendur hefðu haft betur í hluta og ríkið fengið sínu framgengt að hluta.

Þjóðlendukröfur ríkisins voru að stærstum hluta teknar til greina á Fljótsdal og austan Jökulsár á Jökuldal. Norðan og vestan Jökulár á Jökuldal voru kröfurnar teknar til greina, en kröfum í Jökulsárhlíð hafnað.

Í landi Vopnafjarðarhrepps var fallist á kröfur ríkisins um þjóðlendur, nema kröfu á Smjörfjallssvæði var hafnað. Þjóðlendukröfur vegna Svalbarðs-, Þórshafnar- og Skeggjastaðahrepps voru teknar til greina að hluta, sem og í sunnanverðum Öxarfjarðarhreppi. **- bj**

Þróunarsamvinnustofnun:

# Fjárfestingar í þróunarlöndum

**VIÐSKIPTI** Þróunarsamvinnustofnun heldur á fimmtudag ráðstefnu um fjárfestingartækifæri í þróunarlöndum. Ráðstefnan, sem verður á Hótel Sögu, er haldin í samstarfi við utanríkisráðuneytið, Útflutningsráð og Fiskifélag Íslands.

Í fréttatilkynningu segir að á ráðstefnunni verði leitast við að leiða saman þá sem hafa reynslu af starfi í þróunarlöndum og þá sem leita tækifæranna.

Auk íslenskra fyrirlesara munu meðal annars Kieran Kelleher frá Alþjóðabankanum og Bernadette Artivor frá Fjárfestingarstofu Namibíu halda erindi. **- sþs**


**TÍGRISDÝR** Í meiri útrýmingarhættu en talið var. NORDICPHOTOS/AFP

Útrýmingarhætta á Indlandi:

# Tígrisdýrunum fækkar stöðugt

**INDLAND, AP** Mun færri tígrisdýr lifa villt í náttúru Indlands en áður var talið, og hafa þau þó lengi verið sögð í útrýmingarhættu.

Samkvæmt fyrstu niðurstöðum úr nýrri rannsókn eru tígrisdýrin í sumum ríkjum Indlands allt að 65 prósentum færri en sérfræðingar höfðu talið.

Árið 2001 var áætlað að indversku bengaltígrisdýrin væru um fimm til sjö þúsund, þar af um helmingurinn á Indlandi. Dýraverndarsinnar telja réttara að áætla heildarfjöldann vera nálægt tvö þúsund dýr, eða hugsanlega einungis nokkur hundruð. Nýja rannsóknin á að skera úr um hver rétta talan er. **- gb**

**SKEMMDARVERK**

## Rannsókn gengur hægt

Rannsókn lögreglu á skemmdarverkum á vinnuvélum í Álafosskvos miðar hægt áfram. Rannsóknarlögreglan telur að þau spellvirki kunni að tengjast öðrum sem unnin voru víðar á höfuðborgarsvæðinu þá sömu nótt. Félagar Varmársamtakanna eru ekki grunaðir um verkið og lögregla hvetur sjónarvotta til að gefa sig fram.

# Þrýsta á ríkisstjórn Súdan að stöðva átökin í Darfúr

**George W. Bush tilkynnti í gær um efnahagsþvinganir gegn Súdan, sem hafa að markmiði að þvinga stjórnvöld til ráðstafana svo stöðva megi átökin í Darfúr og hleypa inn fjölmennara friðargæsluliði.**

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti fyrirskipaði í gær nýjar efnahagsþvinganir gegn Súdan, í því skyni að þrýsta á Súdanstjórn að grípa til ráðstafana til að stöðva átökin í Darfúrhéraði sem Bandaríkjastjórn hefur fordæmt sem þjóðarmorð.

„Ég heiti fólkinu í Darfúr þessu: Bandaríkin munu ekki loka augun af ástandi sem ögrar samvisku heimsbyggðarinnar,“ sagði Bush.

Talsmenn Súdanstjórnar gagnrýndu aðgerðirnar harkalega, sögðu þær „ósanngjarnar og ótímabærar“ og hvöttu aðrar þjóðir heims til að leiða þær hjá sér.

Þvingunaraðgerðirnar beinast gegn ríkisreknum fyrirtækjum sem tengjast olíuiðnaði Súdans, auk þriggja einstaklinga, þar á meðal þekkts forsprakka skæruliða, sem grunaðir eru um að eiga þátt í ofbeldisverkunum í Darfúr.

„Í of langan tíma hafa íbúar Darfúr þjáðst fyrir hendi ríkisstjórnar sem er meðsek um sprengjuárásir, morð og nauðganir á saklausum borgurum,“ sagði Bandaríkjaforseti. „Ríkisstjórn mín hefur kallað þessar aðgerðir réttu nafni: þjóðarmorð. Það er á ábyrgð heimsbyggðarinnar að binda enda á það.“

Bush var tilbúinn að tilkynna þessar refsiaðgerðir í síðasta mánuði, en beið með það til að gefa Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, tækifæri til að gera eina atlögu í viðbót að því að finna samningalausn á þessari fjögurra ára gömlu deilu. Á þeim tíma hefur geisað borgarastríð í Darfúr sem kostað hefur yfir 200.000 manns lífið.


**UMMERKI BLÓÐBAÐS** Heimamaður í Vestur-Darfúr sýnir hauskúpur úr fjöldagröf við bæinn Mukjar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Auk hinna nýju bandarísku refsiaðgerða gaf Bush utanríkisráðherranum Condoleezzu Rice fyrirmæli um að leggja fram drög að nýrri ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, í því skyni að auka alþjóðlegan þrýsting á Súdanstjórn.

„Ég skora á al-Bashir forseta að hætta hindrunaraðgerðum sínum og heimila friðargæsluliðum að halda til Darfúr til að binda enda á ofbeldisölduna sem beinist gegn saklausum mönnum, konum og börnum,“ sagði Bush.

Omar Al-Bashir Súdanforseti samþykkti í nóvember síðastliðnum áætlun Sameinuðu þjóðanna um að styrkja í áföngum friðargæsluliðið Afríkusambandsins í Darfúr, en í því hafa þjónað um 7.000 hermenn sem lítið hafa ráðið við ástandið. Um helgina ítrekaði al-Bashir aftur á móti andstöðu sína við að sent yrði allt að 22.000 manna sameiginlegt friðargæslulið SÞ og Afríkusambandsins á vettvang.


**GEORGE W. BUSH** Bandaríkjaforseti talar í Hvíta húsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann gæti aðeins fallist á að minna lið Afríkusambandsins nyti viss tæknilegs stuðnings frá Sameinuðu þjóðunum.

audunn@frettabladid.is


VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD



METNAÐARFULLT, FRAMSÆKIÐ OG HAGNÝTT NÁM

6 námsleiðir

- BA í hagfræði
- BS í hagfræði
- BS í fjármálum
- BS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
- BS í reikningshaldi
- BS í stjórnun og forystu

Umsóknarfestur er til 5. júní.
Árleg skráningargjöld eru 45.000 kr.

Styrktu stöðu þína og sæktu um. Rafræn skráning og upplýsingar um námið eru á vef viðskipta- og hagfræðideildar, www.vidskipti.hi.is.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HITINN Í 20°C?** Mjög hlýtt loft er nú yfir landinu og má ætla að í dag og næstu daga geti hitinn verið að slá upp undir 20 stigin á völdum stöðum. Vesturlandið verður einna hlýjast í dag og á morgun en á föstudag og laugardag kemur Norðurlandið einnig mjög sterkt inn. Þó hlýtt verði þá verður mis bjart. Í dag verður þungbúið syðra en segja má heildrænt að bjart verði með köflum næstu daga.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Norðan 5-8 m/s. Skýjað. Hiti 13-16 stig.

## VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun


8-13 m/s en heldur hvassara á annesjum syðra.

» föstudagur


5-13 m/s, hvassast suðvestan til.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skúrir | London | 14°C skúrir | Alicante | 28°C heiðskírt |
| Billund | 15°C skúrir | París | 18°C skúrir | Mallorca | 25°C heiðskírt |
| Osló | 16°C skúrir | Frankfurt | 18°C hálfskýjað | Basel | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 25°C skúrir | Friedrichshafen | 13°C hálfskýjað | Eindoven | 16°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 17°C skúrir | Berlín | 23°C skúrir | Las Palmas | 23°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Þinn stökkpallur að **námi** loknu
- 90% íbúðalán við kaup á fyrstu íbúð
- Námslokalán
- Áframhaldandi námsmannakjör í 1 ár
- Sérkjör á bílafjármögnun
- Frítt kreditkort fyrsta árið
- 15.000 króna inneign á VISA kreditkort
Þegar námi lýkur taka við spennandi tímar. Sparisjóðurinn býður þeim sem lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu námi, og eru að koma undir sig fótunum, þjónustu sem er sérsniðin að þeirra þörfum. Farðu inn á **spar.is** eða komdu til okkar í næsta sparisjóð og kynntu þér kosti þjónustunnar – reiknum dæmið saman.
SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

## KJÖRKASSINN



*Fórstu í kirkju um hvítasunnuna?*

| | |
|---|---|
| Já | 7% |
| Nei | 93% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að unglingar eigi að vinna í sumarfríinu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Impregilo hafnar því að starfsmönnum á Kárahnjúkum sé mismunað í launum:

# Impregilo segir eitt yfir alla ganga

**VINNUMARKAÐUR** Verktakafyrirtækið Impregilo hafnar því að fyrirtækið mismuni starfsmönnum með launagreiðslum, að því er fram kemur í yfirlýsingu vegna fréttaflutnings um aðbúnað verkamanna við Kárahnjúka.

Eitt gengur yfir alla starfsmenn í launamálum, þar sem laun byggjast á töxtum sem íslensk verkalýðsfélög hafa samið um við aðila vinnumarkaðarins, segir í yfirlýsingunni. Það sé beinlínis rangt að segja að unnið sé á 14 tíma vöktum, en hafa verði í huga að þegar unnið sé í 50 kílómetra djúpum göngum taki tíma að komast á vinnustað, en starfsmönnum sé greitt fyrir þann tíma.

Í yfirlýsingunni segir að umhverfis- og starfsmannastefna félagsins gangi að nokkru leyti lengra en íslensk lög og reglugerðir. Aðstæður á Kárahnjúkum séu þó mjög erfiðar og mörgum reynist erfitt að aðlagast aðstæðum. Fyrirtækið útvegi þó allan þann búnað sem nauðsynlegur sé, þar með talið öryggisbúnað.

Ekki sé hægt að búa svo um hnútana að alls ekkert vatn renni í göngunum. Á þeim stöðum sem vatn sé allt að hnédjúpt fái starfsmenn vöðlur og ullarnærföt.

Stundum er unnið á frídögum og sunnudögum, en þá geta starfsmenn valið hvort þeir vinna eða ekki, og er greitt hærra kaup fyrir vinnu á slíkum dögum, eins og kveðið er á um í kjarasamningum, segir enn fremur í yfirlýsingu Impregilo. - bj



**MÖTUNEYTI** Starfsmenn frá 32 þjóðlöndum vinna á Kárahnjúkum og því reynt að tryggja fjölbreytileika í mötuneytum, segir í yfirlýsingu Impregilo.




ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 37559 05/07

Acidophilus Bifidus + FOS
Mjólkursýrugerlar, góðir fyrir meltinguna.

Milk Thistle DETOX
Hreinsaðu líkamann að innan.

Champignon DETOX + FOS og Spirulina
Hreinsaðu líkamann að innan - minnkar óæskilega lykt.

Psyllium Husk Fibre
Rúmmálsaukandi, gott fyrir meltinguna.

Apótekið lægra verð

www.lyfja.is

LYFJA - Lífið heil




**VERKAMENN VIÐ KÁRAHNJÚKA** Frá Portúgal berast fregnir af slæmum aðbúnaði verkamanna. Sendiherra Portúgals í Noregi er væntanlegur til landsins til að kynna sér aðstæður þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kynferðisleg áreitni liðin á Kárahnjúkum

**Sendiherra Portúgals er væntanlegur í vikunni til að skoða aðstæður við Kárahnjúka. Fyrrverandi starfsmaður segir mikla stéttskiptingu við lýði hjá Impregilo. Kynferðisleg áreitni yfirmanna sé liðin án þess að nokkuð sé að gert.**

**VINNUMARKAÐUR** „Verst er farið með portúgalskt og kínverskt verkafólk á Kárahnjúkum. Það er sárt að hafa þurft að horfa upp á afskiptaleysi lögreglu og stjórnvalda gagnvart því sem hefur átt sér stað,“ segir Hrafndís Bára Einarsdóttir, fyrrverandi starfsmaður Impregilo.

Hrafndís segir að sú vanvirðing sem verkafólkinu sé sýnd verði til þess að það kjósi að fara ekki eftir settum reglum og vilji ekki geðjast yfirmönnum sínum. Slíkt framferði geti valdið hættu, því öryggisreglur séu meðal þess sem ekki sé farið eftir með viðunandi hætti.

Þá segir hún að gróf kynferðisleg áreitni líðist. „Það segir sig sjálft að kínverskar verkakonur eiga erfitt með að sækja rétt sinn enda er lítið sem ekkert gert til að leiðbeina þeim,“ segir Hrafndís og nefnir sem dæmi að eitt sinn hafi kínversk kona verið send heim eftir að hún neitaði að þóknast yfirmanni sínum: „Þannig var málið leyst og þessi maður er enn yfirmaður á Kárahnjúkum,“ segir hún.

João Antônio da Silveira de Lima Pimentel, sendiherra Portúgals á Íslandi með aðsetur í Noregi, er væntanlegur til landsins í vikunni til að skoða aðstæður verkamanna við Kárahnjúka.

Stjórnvöld í Portúgal höfðu samband við sendiherrann eftir fjölmiðlaumfjöllun ytra.

Portúgalskur fyrrverandi starfsmaður við Kárahnjúka hefur líkt starfi sínu þar við þrælahald og Albano Ribeiro, formaður félags byggingarverkamanna, hefur tekið undir gagnrýnina.

Helga Lára Guðmundsdóttir, ræðismaður Portúgals á Íslandi, segir að frumkvæði að heimsókn sendiherrans komi frá stjórnvöldum í Portúgal. Hún getur ekki tjáð sig um hvað felist í rannsókn sendiherrans, né um hvað verði gert, reynist ásakanirnar um harðýðgi á vinnustaðnum sannar.

„Við eigum ekki von á öðru en að þarna séu allir í góðum málum og maður er ekkert að gefa sér að þarna sé allt á hvolfi fyrr en maður sannreynir það,“ segir hún og ítrekar að málið sé viðkvæmt.

Ómar R. Valdimarsson, fjölmiðlafulltrúi Impregilo, segir „eiginlega merkilegt að íslenskir fjölmiðlar skuli nenna að lepja upp slúður í portúgölskum fjölmiðlum“.

klemens@frettabladid.is
karen@frettabladid.is









Skaðabótamál í kjölfar stórbruna í Sundahöfn í nóvember 2004:

# Hringrás sýknuð af kröfum slökkviliðs

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær endurvinnslufyrirtækið Hringrás af kröfu slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Krafan, sem hljóðaði upp á rúmar 25 milljónir króna, snerist um skaðabætur vegna skemmda í kjölfar mikils bruna á svæði Hringrásar árið 2004.

Eldurinn kom upp í skemmu við Klettagarða 9 í Reykjavík hinn 22. nóvember og teygði sig fljótlega í nálægan dekkjahaug. Slökkviliðinu gekk illa að ráða niðurlögum eldsins og fékk aðstoð verktakafyrirtækisins E.T. við að slökkva hann.

Tæki E.T. skemmdust í slökkviaðgerðunum, auk þess sem hreinsa þurfti til á lóð fyrirtækisins, og vildi það því skaðabætur frá tryggingafélagi Hringrásar. Tryggingafélagið neitaði og slökkviliðið greiddi E.T. fyrir skemmdirnar. Í kjölfarið höfðaði slökkviliðið mál á hendur Hringrás til að fá kostnaðinn endurgreiddan.

Dómurinn féllst ekki á kröfur slökkviliðsins og taldi að lög um brunavarnir segðu að sveitarfélög bæru allan kostnað vegna slökkviaðgerða eins og fóru fram á svæðinu. Því var Hringrás sýknuð af öllum kröfum slökkviliðsins og slökkviliðið látið greiða 300.000 krónur í málskostnað. - sþs



**BRUNI** Eldurinn kom upp í bárujárnsklæddri skemmu á lóð Hringrásar. Hann teygði sig síðan í stóran dekkjahaug.

Sjóðheit

# SUMAR ÚTSALA

## dagana 30. maí til 2. júní

**hjá Bílalandi B&L, valdir bílar á alvöru útsölu.**
**Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.**

**Enginn útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.**

**Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:**

**Útsöluverð kr. 1.290 þús.**
Verð áður kr. 1.650 þús.




Ford Mondeo, 2003 - Ek. 81 þús.

**Útsöluverð kr. 1.340 þús.**
Verð áður kr. 1.680 þús.




RENAULT MEGANE II, 2005 - Ek. 29 þús.

**Útsöluverð kr. 990 þús.**
Verð áður kr. 1.260 þús.




Peugeot 307, 2004 - Ek. 57 þús.

**Útsöluverð kr. 290 þús.**
Verð áður kr. 560 þús.




HYUNDAI ELANTRA, 2000 - Ek. 92 þús.

**Útsöluverð kr. 1.780 þús.**
Verð áður kr. 2.260 þús.




HYUNDAI SONATA, 2005 - Ek. 32 þús.

**Útsöluverð kr. 1.170 þús.**
Verð áður kr. 1.510 þús.




RENAULT SCENIC II, 2003 - Ek. 79 þús.

**Útsöluverð kr. 780 þús.**
Verð áður kr. 1.060 þús.




RENAULT MEGANE, 2003 - Ek. 76 þús.

**Útsöluverð kr. 1.660 þús.**
Verð áður kr. 2.080 þús.




Hyundai Santa Fe, 2004 - Ek. 106 þús.

**Útsöluverð kr. 1.320 þús.**
Verð áður kr. 1.760 þús.




RENAULT LAGUNA, 2003 - Ek. 44 þús.

**Útsöluverð kr. 950 þús.**
Verð áður kr. 1.350 þús.




Opel Zafira, 2003 - Ek. 84 þús.

**Útsöluverð kr. 1.750 þús.**
Verð áður kr. 2.190 þús.




Toyota Avensis, 2005 - Ek. 115 þús.

bíla land B&L notaðir bílar

bilaland.is
Grjóthálsi 1 - 575 1200

Opið frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.

bílaland.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað var urriðinn sem Börkur Birgisson veiddi á stöng í Þingvallavatni mörg pund?*
2. *Hvað heitir formaður íslensku sendinefndarinnar á fundi Alþjóða hvalveiðiráðsins?*
3. *Hvað er lið KR í Landsbankadeild karla búið að vinna marga leiki í sumar?*

SVÖRIN ER AÐ FINNA Á BLS. 34

Útlendingar í íslenskunámi hjá Mími-símenntun hafa aldrei verið fleiri:

# Mikilvægt að tryggja kennslu

**MENNTAMÁL** Aðsókn útlendinga í íslenskunám hjá Mími-símenntun hefur aldrei verið meiri. Árið 2006 sóttu 1.550 nemendur íslenskunám hjá Mími og kennslustundum fjölgaði um 115 prósent frá árinu áður. Þetta er meðal þess sem kynnt var á ársfundi Mímis í gær.

Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis, segir að íslenskukennslan hafi vaxið mikið. „Það er tvennt sem kemur til. Í fyrsta lagi hefur útlendingum fjölgað og hins vegar fengum við nú í fyrsta skipti styrk frá ríkinu og gátum því lækkað gjöldin um helming,“ segir Hulda.

Í nóvember á síðasta ári ákvað ríkisstjórnin að verja 100 milljónum til íslenskukennslu fyrir útlendinga árið 2007. Öllum þeim peningum hefur nú verið varið. Hulda segir mikilvægt að tryggja framtíð íslenskukennslunnar og koma kennslunni í fastari skorður svo auðveldara sé að skipuleggja fram í tímann. Hún er bjartsýn á að tekið verði til í þessum málaflokki og bendir á að í stefnuyfirlýsingu Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks sé boðað átak í íslenskukennslu fyrir útlendinga.



HULDA ÓLAFSDÓTTIR

Mímir er stærsti fagaðilinn á sviði íslenskukennslu en þar er einnig boðið upp á fjölmörg önnur námskeið. Í vetur hafa fjölmargar erlendar konur sem starfa við umönnun á öldrunarstofnunum stundað nám á félagsliðabrú sem er nám á framhaldsskólastigi, sérsniðið fyrir útlendinga í þessum störfum. - þo

Fyrrverandi gjaldkeri játar svik:

# Játar fjárdrátt úr félagssjóði

**LÖGREGLUMÁL Fyrrverandi gjaldkeri starfsmannafélags Norðuráls hefur játað að hafa dregið sér á aðra milljón króna úr sjóðum félagsins. Skessuhorn.is segir frá þessu.**

**Gjaldkerinn gat ekki framvísað neinum reikningum á aðalfundi félagsins 4. maí og við athugun á bankayfirliti félagsins komu í ljós grunsamlegar færslur sem ekki fengust skýrðar.**

**Maðurinn er hættur störfum hjá Norðuráli. Málið hefur verið afhent lögfræðingum til eftirfylgni, en fram kemur í tilkynningu frá félaginu að fjárhagsstaða þess sé enn traust.** - sh



**Á SKAGASTRÖND** Höfðahreppur heitir eftir stærsta þéttbýliskjarnanum.

Nafnbreyting við Húnaflóa:

# Höfðahreppur að Skagaströnd

**SVEITARSTJÓRNIR** Nafni Höfðahrepps verður breytt í Skagaströnd eftir eina þéttbýliskjarna sveitarfélagsins.

Kosið var um þetta í nýafstöðnum alþingiskosningum. Í boði var annars vegar að hafa Höfðahreppsnafnið áfram eða breyta því í sveitarfélagið Skagaströnd. Tæp 74 prósent þeirra sem greiddu atkvæði reyndust hlynnt nafnbreytingunni. - gar

Rannsókn efnahagsbrotadeildar á skattamálum einstaklinga sem tengdir eru Baugi Group:

# Yfirheyrslur sagðar vera langt komnar

**LÖGREGLUMÁL** Yfirheyrslur yfir fjórum einstaklingum, sem allir tengjast Baugi Group, vegna ætlaðra skattalagabrota hafa staðið yfir hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra undanfarna daga og eru nú langt komnar.

Skattrannsóknarstjóri kærði fjóra einstaklinga og þrjú fyrirtæki, sem öll tengjast Baugi á einn eða annan hátt, til ríkislögreglustjóra í nóvember 2004.

Í bréfi sem Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, sendi ríkislögreglustjóra og fjölmiðlum í október 2006 kemur fram að hann sjálfur sé meðal þeirra sem liggi undir rannsókn. Rannsóknin beinist einnig að Baugi Group og Fjárfestingafélaginu Gaumi, fjölskyldufyrirtækis Jóns Ásgeirs.

Málið er tvískipt. Ríkislögreglustjóri rannsakar meint skattalagabrot en yfirskattanefnd hefur til meðferðar álitaefni um skattskyldu vegna meintra brota, segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra.

Hann segir hugsanlegt að ákvörðun yfirskattanefndar geti haft áhrif á meðferð skattamálsins. Verið sé að skoða hvort hægt verði að ljúka málinu hjá efnahagsbrotadeild óháð yfirskattanefnd, eða hvort bíða þurfi niðurstöðu nefndarinnar.

Meðferð Baugsmálsins í héraðsdómi í febrúar og mars varð til þess að fresta þurfti yfirheyrslum, segir Helgi, erfitt geti verið að finna tíma fyrir yfirheyrslur sem henti öllum. - bj



**HELGI MAGNÚS GUNNARSSON** Skattrannsóknarstjóri kærði fjóra einstaklinga og þrjú fyrirtæki, sem öll tengjast Baugi á einn eða annan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


**Ráðstefna** á Hótel Sögu fimmtudaginn 31. maí 2007

# Ný Örfirisey

Framtíðarnotkun og skipulag byggðar í Örfirisey og á tengdum landfyllingum

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Skráning fer fram á netfanginu radstefna@faxaports.is eða í síma **525 8900.**

Ráðstefnustjóri verður Kjartan Magnússon.





## Dagskrá

| | |
|---|---|
| 12.30 | Skráning þátttakenda og afhending ráðstefnugagna |
| 13.00 | **Opnun – Örfirisey framtíðarinnar**<br>Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs |
| 13.20 | **Örfirisey og hafnarstarfsemi Reykjavíkurborgar**<br>Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna |
| 13.50 | **Þróun byggðar með hafnarstarfsemi í Kaupmannahöfn**<br>Karl–Gustav Jensen, framkvæmdastjóri Port of Copenhagen Ltd. |
| 14.20 | **Reynsla frá evrópskum verkefnum, hugmyndir fyrir Örfirisey**<br>Sjoerd Soeters, arkitekt hjá Soeters Van Eldonk í Amsterdam |
| 14.50 | Kaffiveitingar |
| 15.15 | **Samþætting íbúðabyggðar og hafnar í Stokkhólmi frá sjónarhóli hafnarinnar**<br>Kjell Karlsson, framkvæmdastjóri innra skipulags Stokkhólmshafnar |
| 15.45 | **Stóra myndin, skipulag íbúðabyggðar og hafnarstarfsemi**<br>Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur |
| 16.05 | **Örfirisey – draumalandið?**<br>Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs Reykjavíkur |
| 16.25 | **Tónlistar- og ráðstefnuhúsið við höfnina**<br>Stefán Þórarinsson, formaður verkefnisstjórnar Portus hf. |
| 16.45 | **Opnar umræður og spurningar** |
| 17.10 | **Samantekt og lokaorð** |

Faxaflóahafnir sf




ENNEMM / SIA / NM27979

Kynningin verður í verslunum Símans í Ármúla, Smáralind og Kringlunni á morgun, fimmtudaginn 31. maí, þar sem sýndir verða ótrúlegir nýir möguleikar.

**KOMDU OG SJÁÐU MEÐ EIGIN AUGUM HVERNIG ÞETTA VIRKAR!**



**MYNDSÍMTÖL**
Með myndsímtölum gefst viðmælendum kostur á að sjá hvorn annan á meðan símtalið stendur.



**SJÓNVARP Í FARSÍMANUM**
Hægt að horfa á sjónvarp í farsímanum með meiri gæðum en áður.




**GAGNAKORT**
Með gagnakorti getur þú tengst Internetinu hvar og hvenær sem er, svo sem í strætó eða úti í garði.

800 7000 - siminn.is

Síminn




Óánægja hjá Hlaðbæ-Colas með takmarkað leyfi hreyfanlegrar stöðvar:

# Talið valda tugmilljóna tjóni

**HAFNARFJÖRÐUR** Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar veitir malbikunarstöð Hlaðbæjar-Colas aðeins takmarkað leyfi til að reka hreyfanlega malbikunarstöð en sótt hafði verið um leyfi til rekstrar hennar sem aðalstöðvar.

Sigþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvar Hlaðbæjar-Colas, segir að tugmilljóna tjón hljótist ef þetta verði niðurstaðan. Tekjutapið í heildina geti numið 200 milljónum króna, eða um fimmtán prósentum af heildarveltunni. Fyrirtækið verði af hagnaði upp á 20-30 milljónir króna.


SIGÞÓR SIGURÐSSON

„Við vildum fá að nýta þessa stöð næstu þrjá mánuði. Við höfðum gert ráð fyrir að vera komnir á nýjan stað í sumar en því hefur seinkað þar sem dregist hefur að afgreiða deiliskipulag hjá Hafnarfjarðarbæ. Það tekur sex mánuði að reisa nýja verksmiðju þannig að hún tekur ekki til starfa fyrr en um áramót,“ segir hann.

Hlaðbær-Colas hefur farið fram á afturköllun ákvörðunar Heilbrigðiseftirlitsins samkvæmt stjórnsýslulögum vegna þess að umhverfisráð Hafnarfjarðar hafi ekki haft allar upplýsingar undir höndum þegar ákvörðunin var tekin.

„Starfsemin fer að mestu fram á sumrin þannig að vertíðin er að byrja. Verksmiðjan verður bara á hálfum afköstum ef þetta verður ekki afturkallað,“ segir Sigþór.

- ghs

Hjólað í vinnuna:

# Kringum jörðina tíu sinnum

**ÚTIVIST Verðlaun voru afhent í átakinu Hjólað í vinnuna í veitingatjaldi Húsdýragarðsins á fimmtudaginn í síðustu viku. Þátttakendur í átakinu voru fleiri en nokkru sinni eða tæplega 6.700 en voru 5.300 í fyrra. Þátttakendur hjóluðu 417 þúsund kílómetra eða tíu hringi kringum jörðina.**

**Keppt var í sex flokkum um flesta daga og flesta kílómetra. Starfsmenn Alcan, starfsmenn Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, starfsmenn Síðuskóla, Öskjuhlíðarskóla, Biskupsstofu, Verkfræðistofnunar HÍ og Hafnaskóla voru í fyrsta sæti. Einnig Sjúkraþjálfun FSA, Efnalaug Suðurlands, viðgerðabúðin Heiðrún, Bolungarvíkurskrifstofur og Salka fiskmiðlun.**

**Veittir voru viðurkenningarskildir fyrir efstu þrjú sætin.**

- ghs


**MOHAMED TATOU, FYRIR MIÐJU, VIÐ UPPHAF AÐALMEÐFERÐAR** Dómurinn taldi verulegar líkur á að Tatou hefði „tekið þátt í refsiverðri háttsemi, tengdri ólögmætri meðferð fíkniefna“. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sýknaður með óhreint mjöl í pokahorninu

**Tveir menn sýknaðir af ákæru um smygl á 834 e-töflum. Annar líklega sekur um ólöglega meðferð fíkniefna. Ákæruvaldið krafðist ekki refsingar fyrir vægara brot til vara. Dómari sagði ákæruna arfavitlausa.**

**DÓMSMÁL** Mohamed Tatou, 24 ára hollenskur ríkisborgari, og Randiya Keshara Lankathilaka, tvítugur ríkisborgari Srí Lanka, hafa verið sýknaðir af ákæru um að hafa staðið að innflutningi á 834 e-töflum til landsins í nóvember síðastliðnum. Dómurinn segir margt benda „eindregið til þess að [Tatou] hafi óhreint mjöl í pokahorninu“ en þó sé ekki hægt að sakfella hann.

Tatou var ákærður fyrir að skipuleggja smyglið og Lankathilaka fyrir að veita efnunum viðtöku. Oddgeir Einarsson, verjandi Tatou, segir að af dómnum megi skilja að hefði ákæruvaldið til vara krafist refsingar fyrir vægara brot, til að mynda hlutdeild í innflutningi efnanna, hefði Tatou sennilega verið fundinn sekur.

Tatou fór ásamt vini sínum til Hollands í október, þaðan sem senda átti fíkniefnin til Íslands, og kenndi Tatou vini sínum um innflutninginn. Mörgum sögum fór af því hver tilgangur ferðarinnar var. Tatou sagðist hafa farið út til að skoða melónuskurðarvél fyrir tengdaföður sinn, og fékk það stoð í vitnisburði tengdaföðurins.

Vinur Tatous var margsaga um tilganginn, sagði hann meðal annars hafa verið peningaþvætti og loks nefndi hann saklausa heimsókn til móður Tatous.

Ákærðu opnuðu pakkann frá Hollandi í sameiningu á heimili þess síðarnefnda, eftir að lögregla hafði skipt innihaldinu út fyrir gerviefni. Þeir voru handteknir á staðnum. Báðir neituðu sök.

Í dómnum segir að ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að Lankathilaka hafi vitað að fíkniefni væru falin í pakkanum. Sumt í framburði hans hafi vissulega veitt vísbendingu um það að hann hafi mátt gruna það, en á hinn bóginn hafi hann opnað sendinguna þegar fjölskylda hans var heima við, sem þykir ekki bera vott um einbeittan brotavilja.

Tatou var sýknaður meðal annars vegna þess að ákæruvaldið byggði málatilbúnað sinn að miklu leyti á vitnisburði vinarins, sem dómurinn telur „með slíkum ólíkindum að ekkert sönnunargildi hafi í málinu, ákærða í óhag. [...] Þótt verulegar líkur séu á því að ákærði hafi engu síður tekið þátt í refsiverðri háttsemi, tengdri ólögmætri meðferð fíkniefna verður hann ekki sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru,“ segir í dómnum.

Jónas Jóhannsson dómari hafði sagt ákæruna arfavitlausa við upphaf aðalmeðferðar fyrr í mánuðinum, og baðst undan því að heyra hana lesna upp.

stigur@frettabladid.is

FÉLAGSVÍSINDADEILD



FARSÆL LEIÐ TIL ÞRÓUNAR Í STARFI OG MEIRI LÍFSGÆÐA

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands býður spennandi námskost: 15 eininga diplómanám á meistarastigi. Tilvalið nám með starfi.

- Afbrotafræði
- Alþjóðasamskipti
- Atvinnulífsfræði
- Áfengis- og vímuefnamál
- Fjölmenningarfélagsráðgjöf
- Fjölmiðlafræði
- Fræðslustarf og stjórnun
- Fötlunarfræði
- Hagnýt jafnréttisfræði
- Mat og þróunarstarf
- Opinber stjórnsýsla
- Rannsóknaraðferðir félagsvísinda
- Þróunarfræði
- Öldrunarfélagsráðgjöf
- Öldrunarþjónusta

Inngönguskilyrði eru BA-próf eða sambærilegt próf.

Diplómanám er metið inn í viðkomandi meistaranám fái nemendur inngöngu í það.

Umsóknareyðublöð og allar upplýsingar eru á heimasíðu deildar: www.felags.hi.is

Umsóknum skal skilað til Kolbrúnar Eggertsdóttur, deildarstjóra framhaldsnáms, skrifstofu félagsvísindadeildar, Odda við Sturlugötu, sími 525 4263, tölvupóstfang kolbegg@hi.is

Umsóknarfrestur er til 5. júní

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 37786 05/07

Hafnfirskir jafnaðarmenn:

# Vilja ekki landbúnaðartolla

**LANDBÚNAÐUR** **Ungir jafnaðarmenn í Hafnarfirði skora á Einar K. Guðfinnsson landbúnaðarráðherra að afnema tolla á landbúnaðarvörum. Þeir vilja einnig hefja undirbúning að inngöngu Íslands í ESB og hafna hugmyndum um einkarekstur í grunnstoðum heilbrigðiskerfisins. Þetta er meðal þeirra ályktana sem þeir sendu frá sér í gær.**

**„Ályktunin um landbúnaðartollana byggist á því að láta landbúnaðinn virka eins og hver annar atvinnuvegur hérna á Íslandi," segir Þórður Sveinsson formaður. „Þetta er mikið hagsmunamál fyrir íslenska neytendur."** - sþs

Samkomulag undirritað:

# Stofnun Vigdísar fær stuðning

**MENNTAMÁL** Prentsmiðjan Gutenberg og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands hafa gert með sér samkomulag um samstarf til ársins 2011. Gutenberg mun gerast einn af bakhjörlum stofnunarinnar og verða henni innan handar með hönnun og framleiðslu prentgripa.

Unnið er markvisst að áformum um að koma á fót alþjóðlegri þekkingarmiðstöð tungumála á Íslandi. Gutenberg vill með styrk sínum veita þessu lið og jafnframt stuðla að aukinni útgáfu á vegum stofnunarinnar. - shá



**FRÁ UNDIRRITUN** Þorgeir Baldursson, forstjóri Gutenberg, og Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, undirrituðu samkomulagið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Hékk á manni og braut fingur

**DÓMSMÁL** **Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir líkamsárás fyrir að hafa fingurbrotið mann á fimmtugsaldri í átökum þeirra á milli í Reykjavík í janúar 2005. Meintur árásarmaður neitar sök.**

**Ákærða er gefið að sök að hafa, í átökunum miðjum, hangið á vinstri handlegg mannsins með þeim afleiðingum að hann hlaut afrifubrot handarbaksmegin á ystu kjúku litlafingurs.**

**Sá sem fingurbrotnaði krefst rúmlega tveggja milljóna króna í skaðabætur frá þeim ákærða. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur.** - sh



**KRÍUNES 1** Tilboð óskast.

Einangrunarstöð til sölu:

# Tilboð óskast í sóttkví í Hrísey

**FASTEIGNIR** Ríkiskaup eru nú með húsnæði til sölu þar sem um árabil var starfrækt einangrunarstöð fyrir gæludýr. Rekstur stöðvarinnar hefur verið hætt og er nú samsvarandi rekstur í höndum einkaaðila í Höfnum á Reykjanesi.

Um gæludýrastöðina í Hrísey fóru fjölmörg dýr sem Íslendingar fluttu með sér heim frá útlöndum og þurftu að vera í sóttkví í tiltekinn tíma svo tryggt væri að þau bæru ekki með sér sjúkdóma inn í landið. Húsið ber nafnið Kríunes 1 og er alls 135 fermetrar. Það er byggt á einni hæð úr steinsteypu og timbri. - gar

Herferð gegn vasaþjófum:

# Veski lögreglustjórans stolið

**NOREGUR, AP** **Anstein Gjengedal, lögreglustjóri í Osló, varð fyrir því að vasaþjófur nappaði veskinu frá honum í síðustu viku, einmitt í þann mund sem lögreglan í Osló hugðist blása til herferðar gegn vasaþjófnaði.**

**Gjengedal var staddur í lestinni frá Osló til flugvallarins þegar hann lenti í mannþröng. Stuttu síðar áttaði hann sig á því að veskið væri horfið.**

**„Ég var ekki með mikið fé á mér, en þetta var samt ekki mjög skemmtilegt," sagði hann.**

**Síðar í vikunni tilkynnti aðstoðarmaður hans að sumarherferð lögreglunnar gegn vasaþjófum væri hafin.** - gb







HUGVÍSINDADEILD



NÝ TUNGUMÁL OPNA NÝJA HEIMA

- Kínverska og rússneska
  Lyklar að risastórum markaðssvæðum

- Kínverska og japanska
  Grunnur að Austur-Asíufræðum

Nýtt nám – ný sýn á heiminn – ný viðskiptatækifæri

Margar fleiri áhugaverðar námsleiðir
eru í boði í Hugvísindadeild

Umsóknafrestur er til 5. júní
Nánari upplýsingar á www.hug.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið



Skemmdarverk fyrir milljónir unnin á nýbyggingasvæði Húsbyggs:

# Verðlaun fyrir upplýsingar

**LÖGREGLUMÁL** Verktakafyrirtækið Húsbygg ætlar að greiða þeim sem veitir upplýsingar um innbrot og skemmdarverk, sem unnin voru í nýbyggingu fyrirtækisins 100 þúsund krónur í verðlaun. Lögreglan segir ekki algengt að menn bjóði fram peningaverðlaun fyrir upplýsingar sem þessar. „Við vonum að þetta beri árangur en auðvitað reynum við að hafa hendur í hári þeirra manna sem þarna voru að verki og erum að rannsaka málið,“ segir Sigurður Már Gunnarsson, rannsóknarlögreglumaður hjá lögreglunni á Akranesi.

Einar Árnason, yfirverkstjóri verktakafyrirtækisins Húsbygg, sagðist í gær í samtali við Fréttablaðið ekki hafa fengið neinar upplýsingar um innbrotið enn sem komið er.

„Við höfum ekki farið áður þessa leið að heita peningum í verðlaun fyrir upplýsingar um innbrot í fyrirtækið, en þau hafa verið nokkur í gegnum tíðina. Tilgangurinn með þessu innbroti virðist hafa verið sá að valda sem mestum skemmdum en nánast engu var stolið. Aðkoman var hrikalega ljót,“ segir Einar. - **lbb**



**EIGNATJÓN MIKIÐ** Tjónið eftir skemmdarvargana er talið nema allt að fjórum milljónum króna.

Þriggja ára fangelsisdómur:

# Pakistönsk hjón voru úrskurðuð samkynheigð

**PAKISTAN** Pakistönsk hjón voru dæmd í þriggja ára fangelsi fyrir meinsæri eftir deilu fyrir dómstólum um kyn eiginmannsins.

Dómstóllinn úrskurðaði að eiginmaðurinn væri í raun kona og að hjónaband þeirra væri því í andstöðu við lög íslams.

Shumail Raj fór í kynskiptiaðgerð til að breyta sér úr konu í karl og giftist síðan frænku sinni sem vissi um aðgerðina en sagðist hafa þurft aðstoð til að sleppa við þvingað hjónaband. Hjónin voru handtekin fyrir tveimur vikum eftir að fjölskylda brúðarinnar kvartaði yfir því að Raj væri í raun kona. - **sdg**



**SHUMAIL RAJ OG SHAHZINA TARIQ** Raj hefur farið í tvær kynskiptiaðgerðir á undanförnum sextán árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



KOLVIÐUR

Kolviður er sjóður sem stofnaður er af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd. Markmið Kolviðar er að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt. Bakhjarlar Kolviðar eru ríkisstjórn Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og Kaupþing. Vefsíða Kolviðar er www.kolvidur.is.

Ungur maður greiðir sekt:

## Rauk fúll út úr lögreglubílnum

**DÓMSMÁL Ungur maður hefur verið sýknaður af ákæru fyrir vítaverðan akstur með spóli, en dæmdur til greiðslu sektar fyrir að rjúka í fússi út úr lögreglubíl áður en lögreglumönnum hafði tekist að taka af honum skýrslu.**

**Manninum var gefið að sök að hafa í tvígang reykspólað með væli og hávaða í hringi á tveimur bílastæðum á Selfossi í fyrra. Vitnum bar ekki saman um hvar þetta átti sér stað, og var hann því sýknaður. Hann þarf þó að greiða tuttugu þúsund krónur fyrir að rjúka úr lögreglubílnum.**

**Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands.** - sh




**HNÚKURINN** Póstmenn fóru á toppinn.

Hvannadalshnúkur á frímerki:

## Sjötíu póstmenn gengu á toppinn

**ÚTGÁFA** Um sjötíu póstmenn gengu fyrir nokkru á topp Hvannadalshnúks, hæsta tinds landsins. Gangan var þáttur í heilsuátaki Íslandspósts til nokkurra ára. Gengin var Sandfellsleið í léttskýjuðu veðri og smá golu.

Það var svo 21. maí sem Íslandspóstur gaf út frímerki með mynd af Hvannadalshnúk, að verðmæti 300 krónur, sem hluta af frímerkjaröðinni Jöklar á Íslandi. Grafíski hönnuðurinn Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerkin í röðinni, sem sýna myndir af fimm íslenskum jöklum. - sh

# Villandi afsláttarskilti við bensínstöðvar olíufélaganna

**Neytendastofa telur afsláttarskilti við bensínstöðvar villandi í kjölfar reglubreytingar. Fjöldi neytenda hefur haft samband við stofuna vegna þessa. Sum olíufélög boða breytingar en önnur hafa ekki tekið afstöðu.**

**NEYTENDUR** Afsláttarskilti við bensínstöðvar, þar sem lofað er krónuafslætti af hverjum lítra, eru villandi að mati Neytendastofu, og hefur stofan sent bréf til allra íslenskra olíufélaga þar sem þeim tilmælum er beint til fyrirtækjanna að fara að lögum.

„Undanfarnar vikur höfum við verið að fá fjöldann allan af ábendingum um hinar og þessar bensínstöðvar sem eru með svona skilti,“ segir Anna Birna Halldórsdóttir, sviðsstjóri hjá Neytendastofu.

Ný reglugerð um verðmerkingar á eldsneyti tók gildi 4. maí síðastliðinn. Þar kemur fram að á verðskiltum við bensínstöðvar eigi að birta upplýsingar um lægsta mögulega lítraverð sem viðskiptavinurinn getur fengið, sem yfirleitt er sjálfsafgreiðsluverð.

Talsverð brögð hafa hins vegar verið að því að fyrirtæki setji upp afsláttarskilti við hlið verðskiltana þar sem lofað er nokkurra króna afslætti af hverjum lítra. Það blekkir suma neytendur þar sem þegar er búið að reikna þennan afslátt inn í verðið á verðskiltinu, í stað þess að hann komi þar til lækkunar eins og skilja má.

Vegna þessa sendi Neytendastofa öllum olíufélögunum bréf fyrir tveimur vikum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, þar sem þau eru hvött til þess að gæta þess að verðmerkingar séu í samræmi við reglur. Notkun á afsláttarskiltum sé villandi fyrir neytendur. Fyrir mistök fór þó bréfið til N1 ekki út fyrr en síðastliðinn miðvikudag.

Anna Birna segir að nú hafi olíufélögin tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, málið sé því í vinnslu.

Fréttablaðið leitaði viðbragða nokkurra olíufélaga við bréfi Neytendastofu. Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, sagði bréf Neytendastofu ekki hafa borist. Hann sagði félagið ekki hafa áttað sig á að hætta væri á misskilningi, en skiltum verði þá breytt til að gefa með öðrum hætti til kynna tímabundin tilboð.

Stefán Karl Segatta, framkvæmdastjóri neytendasviðs hjá Shell, sagði bréfið ekki hafa borist fyrirtækinu, og vildi því ekki tjá sig um efni þess.

Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, sagði að fyrirtækið hafi þegar brugðist við bréfi Neytendastofu. Afsláttarskiltum verði breytt þannig að skýrt sé að um afslátt af listaverði sé að ræða. Neytendastofa hefur þegar fengið tillögu Atlantsolíu að breytingum á skiltum félagsins.

Sigurjón Bjarnason, rekstrarstjóri þjónustustöðva hjá Olís, sagði félagið ekki hafa tekið afstöðu til bréfs Neytendastofu.

brjann@frettabladid.is




**AFSLÁTTARVERÐ?** Á þessari bensínstöð N1 í Hveragerði er þegar búið að reikna fjögurra króna afslátt inn í verðið á skiltinu til hægri, í stað þess að afslátturinn sé dreginn frá auglýstu verði eins og skilja má. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL BJARNASON

Breytum útblæstrinum í GÓÐA gróðurhúsalofttegund!

**Tökum þátt í átaki Kolviðar og bindum útblásturinn í grænum skógi.**

Við erum bakhjarlar Kolviðar og byrjum auðvitað á okkur sjálfum. Fyrst íslenskra fyrirtækja kolefnisjöfnum við flugferðir vegna starfsemi okkar og einkabíla starfsfólks. Með því vonumst við líka til að veita öðrum innblástur og hvetjum landsmenn til að kvitta fyrir sitt kolefni. Þannig græðum við öll!

Taktu þátt í átaki Kolviðar og kolefnisjafnaðu bílinn þinn, www.kaupthing.is

KAUPÞING
Hugsum lengra

## „ORÐRÉTT“

### Hringja í Bubba?

**„Alls ekki galinn þessi Johnny [Cash], það vantar einhvern eins og hann inn á Alþingi.“**

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON, FORMAÐUR VG, VILL FLEIRI ÞINGMENN SEM SEGJA SANNLEIKANN EINS OG SVEITASÖNGVARINN JOHNNY CASH.
**DV, 29. maí**

### Ónauðsynleg uppgjöf

**„Síðan kemur annað markið eftir fína byrjun á seinni hálfleik og þá hættum við bara og gefumst upp, sem var algjör óþarfi.“**

GUNNLEIFUR GUNNLEIFSSON, FYRIRLIÐI HK, TAPAÐI FYRIR KEFLAVÍK Á MÁNUDAGINN.
**Fréttablaðið, 29. maí**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KRISTJÁN ARI SIGURÐSSON MENNTASKÓLANEMI:

## Hjálpar til í barnaþorpi í Rúmeníu

„Ég er á fullu í námi mínu í Hraðbraut og svo er ég einnig að æfa fótbolta með öðrum flokki Hauka. Það er það helsta sem er að frétta af mér,“ segir Kristján Ari Sigurðsson, nemandi á fyrsta ári í Menntaskólanum Hraðbraut. „Námið gengur ágætlega hjá mér en það má alltaf bæta eitthvað,“ segir hann.

„Það er að komast sumarfiðringur í mig. Það gefst að vísu ekki tími til þess alveg strax en það fer að styttast í það að ég komist í sumarfrí, eftir kannski tvær til þrjár vikur. Mér skilst að flestir menntaskólanemar séu þegar komnir í sumarfrí og við séum með þeim seinustu,“ segir hann.

Kristján Ari verður í fótboltanum í sumar en ætlar þó að taka sér þrjár vikur í frí til að fara til Rúmeníu. „Ég fer þangað til að hjálpa til í barnaþorpi á vegum Alþjóðlegu barnahjálparinnar ICC sem er með starfsemi úti um allan heim. Þetta er barnaþorp úti á landi. Upphaflega áttum við að hjálpa til við brauðgerð en eitthvað misfórst þannig að það er ekki alveg komið á hreint hvað við eigum að gera. ICC er Alþjóðlega barnahjálpin með starfsemi um allan heim. Við erum fimmtán manna hópur sem fer frá Íslandi.“ Systkini mín voru í heilsutrúboðaskólanum Hergilia í Rúmeníu og heimsóttu þá þetta barnaþorp. Hann segir að hópar hafi komið þangað frá öðrum löndum, meðal annars frá Noregi, og verið þá fengnir til að leggja sitt af mörkum til sinna ákveðnum verkefnum. Það hafi allt saman gengið mjög vel.



Kristján ætlar að sinna fótboltanum eftir megni í sumar. Hann býst við að missa bara af einni umferð og segir að sig myndi náttúrulega langa til að taka flesta leiki en sé bjargist. Hann segist leika margvíslegar stöður en sé helst á hægri kanti. Hann æfir fótboltann fjórum sinnum í viku yfir veturinn en veit ekki hvernig það verður í sumar þar sem æfingaplanið sé ekki komið á hreint.

„Ég verð í vinnu hjá Krónunni í Hafnarfirði í sumar.“

## SJÓNARHÓLL

### Veggjakrot

**HVER BER ÁBYRGÐ?**



**JÖKULL JÖRGENSEN**
tónlistarmaður

„Veggjakrot hefur fylgt mannkyninu frá upphafi,“ segir Jökull Jörgensen. „En það verður að gera greinarmun á þeim sem gera fallegar myndir og svo hinum sem krassa upphafsstafina sína á hverja einustu byggingu á Laugaveginum.“ Jökull lýsir eftir aðgerðum borgaryfirvalda. „Borgin hefur aldrei verið sóðalegri en einmitt núna, þá hlýtur maður að spyrja sig hver ber ábyrgð á því? Ég hefði haldið að nýr borgarstjóri myndi gera gangskör í þessum málum.“

Vaxandi eftirspurn eftir dýrum armbandsúrum á Íslandi:

## Ólíklegustu menn kaupa Rolex

Eftirspurn eftir hinum víðfrægu Rolex-úrum hefur aukist mikið hér á landi undanfarin misseri, að sögn Róberts Michelsen úrsmíðameistara. „Þau eru á rosalegri siglingu,“ segir Róbert, sem rekur úr- og skartgripaverslun Frank Michelsen við Laugaveg.

Róbert vill ekki gefa upp hversu mörg Rolex-úr hann selur á ári en segir ekki um að villast að þau séu að verða sífellt eftirsóttari. „Íslendingar eiga peninga, það er ekkert leyndarmál, úrin eru líka ódýr hér á landi miðað við útlönd,“ segir Róbert en hann býður upp á Rolex-úr á verðbilinu 350 þúsund til 1,7 milljónir króna. Hann er yfirleitt með um 50 úr á lager en einnig er hægt að sérpanta úr að utan. „Við erum með eftirsóttustu módelin hjá okkur en ef menn vilja geta þeir sérpantað aðrar gerðir. Það er töluvert um það. Þá borga menn helminginn við pöntun og hinn helminginn við afhendingu.“

Þá segir Róbert marga túrista kaupa Rolex-úr hjá sér. „Þau þykja á góðu verði. Svo fá þeir líka fimmtán prósenta skattaafslátt, sem er andvirði ferðarinnar til Íslands.“ Spurður hvort sérstakar manngerðir kaupi Rolex-úr frekar en aðrar segir Róbert svo ekki vera. „Ólíklegustu menn kaupa Rolex-úr. Stundum koma hér menn í skítugum málningargöllum í leit að vönduðum armbandsúrum og auðvitað líka bankamenn í jakkafötum. En maður á aldrei að dæma fólk eftir því hvernig það er klætt.“ **- bs**




**RÓBERT MICHELSEN** Býður upp á Rolex-úr á verðbilinu 350 þúsund upp í 1,7 milljón króna.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


# VIÐ ERUM FLUTT

## frá Skeifunni 5 í Vatnagarða 12
## Opnuðum á nýjum stað 29. maí



STOFNAÐ 1922

**Glerslípun & Speglagerð hf.**

VATNAGÖRÐUM 12, 104 REYKJAVÍK, SÍMI 588 5151, FAX 588 5152

**www.glerslipun.is**


## Margrét Eir verður raddkennari

Söngkonan Margrét Eir Hjartardóttir stendur á tímamótum um þessar mundir en hún stefnir á að setjast að í Bandaríkjunum og reyna fyrir sér sem raddkennari. Margrét Eir hefur stundað nám í faginu í New York síðustu tvö ár og mun útskrifast sem viðurkenndur raddkennari í lok mánaðarins.

„Á þessari stundu sækist ég eftir því að búa erlendis. Fjölskyldan og vinirnir eru ekki á Manhattan en þar er heldur ekki þetta stress sem er svo viðvarandi á Íslandi,“ segir Margrét Eir, en hún hefur sótt nokkurra vikna kennslunámskeið með reglulegu millibili þessi tvö ár. „Það er verið að kenna ákveðna aðferð við að beita röddinni og ég hreifst mikið að henni þegar ég var kynnt fyrir henni. Mig langaði endilega að læra meira um raddþjálfunina og því skellti ég mér í þetta.“

Margrét Eir kann vel við sig ytra og er að selja íbúðina sína hér heima á Fróni. Hún mun þó dveljast á Íslandi í sumar og koma að ýmsum verkefnum. „Svo ætla ég að reyna að taka góðan tíma í að semja eigið efni með góðum félögum,“ útskýrir hún.

Enn er óráðið hvenær Margrét Eir flytur endanlega búferlum. „Ég er að setja saman ferilskrána mína og sækja um vinnu hér og þar. Það er ýmislegt í gangi en ekkert fast í hendi ennþá,“ segir Margrét Eir en viðurkennir að draumurinn sé að sinna kennslu samhliða því að vinna að eigin frama í söngnum. **- vig**



**HUGURINN STEFNIR ÚT** Margrét Eir Hjartardóttur leiðist stressið hér á Íslandi og hyggst setjast að í Bandaríkjunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Hátíð hafsins haldin á Miðbakkanum í Reykjavík í níunda sinn:

# Sjómannavalsar og dýrindis sjávarmeti

Mikið verður um dýrðir á Hafnarbakkanum í Reykjavík helgina 2. til 3. júní þegar Hátíð hafsins verður haldin í níunda sinn. Hátíðin samanstendur af Hafnardeginum og Sjómannadeginum en árið 1999 var þessum dögum slegið saman í eitt ærlegt veisluhald.

Á hátíðinni kennir margra grasa. Má þar nefna hefðbundin atriði á borð við róðrakeppni og siglingar um sundin blá. Á laugardeginum geta gestir og gangandi skoðað skrýtna fiska, jafnvel smakkað á sumum þeirra, og kynnst björgunarstörfum svo fátt eitt sé nefnt. Fyrirtæki tengd hafi og útgerð kynna starfsemi sína sem og stofnanir á borð við Auðlindafræði Háskólans á Akureyri, Fjöltækniskólinn í Reykjavík, Siglingastofnun, Fiskistofa og fleiri.



**KAPPRÓÐUR** Róðrakeppni þykir ómisssandi partur af Sjómannadeginum, sem ávallt er haldinn hátíðlegur fyrsta sunnudaginn í júní.

Hátíðin lætur ekki Miðbakkann einan nægja sem hátíðarsvæði því Sjóminjasafnið Víkin á Granda tekur líka þátt. Þar geta gestir séð hvernig á að bera sig að við netahnýtingu og splæsingu og sjómannavalsar munu hljóma.

Rúsínan í pylsuendanum er án efa Fiskiveislan sem haldin var í fyrsta sinn í fyrra. Tíu veitingahús taka þátt og bjóða upp á dýrindis sjávarrétti á borð við hunangsgljáðan demantssmokkfisk, pestóhjúpaðan steinbít með humarsósu, engifermarineraðan hlýra og margt fleira ómótstæðilegt.



**Á MÓTI CHAVEZ** Ungt fólk í Caracas í Venesúela í mótmælagöngu til varnar óháðu sjónarpsstöðinni RCTV, sem Hugo Chavez forseti ákvað að loka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GÍSLI EINARSSON** Þáttur hans hefur notið mikilla vinsælda meðal landsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Gísli Einarsson snýr aftur:

## Út og suður aftur á dagskrá

Sjónvarpsþátturinn Út og suður í umsjá Borgfirðingsins Gísla Einarssonar verður á dagskrá Sjónvarpsins í sumar, fimmta árið í röð. Þátturinn hefur notið mikilla vinsælda frá upphafi og benda mælingar til að allt að því þriðjungur landsmanna fylgist með Gísla flækjast um krók og kima og spyrja viðmælendur spjörunum úr.

Í þeim 63 þáttum sem hafa verið sýndir hefur Gísli rætt við vel á annað hundrað manns og í sumar bætast sextán við. Meðal þeirra sem opna dyr sínar fyrir áhorfendum eru hnífagerðarmaður, geitahirðir, hugmyndari, ástríðufullur ýtumaður, lífrænir bændur, tröllagerðarkona, ættfræðigrúskari og svo mætti lengi telja.



**FRÁ UNDIRRITUNINNI** Þegar hefur verið ákveðið að gefa út þrjár bækur eftir starfsmenn Háskólans í Reykjavík.

Háskólinn í Reykjavík og JPV:

## Hefja samstarf í útgáfu fræðirita

Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, og Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi hjá JPV, undirrituðu í gær samstarfssamning um útgáfu fræðirita starfsmanna Háskólans í Reykjavík. Í tilkynningu frá skólanum segir að markmið samningsins sé að marka farveg fyrir starfsmenn Háskólans til að þeir geti komið verkum sínum til úgáfu hjá öflugu bókaforlagi, sjálfum sér, skólanum og JPV útgáfu til framdráttar.

Við undirritunina voru kynntar þrjár bækur sem þegar hefur verið ákveðið að komi út í tengslum við hinn nýja samning. Við sama tækifæri sagði Svafa að það væri „mikið gleði- og tilhlökkunarefni að íslenskt bókaforlag hefði sýnt hugrekki og þor til að ráðast í umfangsmikla útgáfu fræðirita á næstu misserum“.



## Svona erum við

> Meðalaldur við giftingu




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** VEGGJAKROT

# *Skemmdarverk, list eða pólitískt áróðurstæki?*

Íbúar miðborgarinnar segja að veggjakrot hafi aukist undanfarið. Lagðar hafa verið fram tillögur í borgarráði um frekari lausnir á veggjakroti og í sumar verða verktakar að störfum í miðborginni við að þrífa krot.

### Hvað er veggjakrot?

Veggjakrot er samheiti yfir flest það sem er teiknað, skrifað, málað eða úðað án leyfis á veggi, skilti, brýr, bekki og annað slíkt á opinberum stöðum. Veggjakrot er alls ekki nýtt af nálinni og hefur þekkst í borgarsamfélögum öldum saman. Elstu heimildir um slíkt eru frá dögum Grikkja og Rómverja.

Veggjakrotarar nota ýmsa tækni. Flestir úða eða mála beint á veggina en einnig eru notaðir stenslar og límmiðar til að koma skilaboðum á framfæri.




### Til hvers er krotað?

Veggjakrotarar skiptast í nokkra ólíka hópa. Í Reykjavík eru svokölluð „tögg“ líkast til algengasta form veggjakrots. Um er að ræða einkennisstafi eða tákn fyrir veggjakrotarann eða hópinn sem hann tilheyrir. Þetta tákn er síðan krotað á veggi hér og þar og þannig merkir veggjakrotarinn sér svæði. Iðjan er sprottin frá glæpaklíkum sem merktu sér svæði með þessum hætti í erlendum stórborgum.

Aðrir veggjakrotarar líta fyrst og fremst á sig sem listamenn og búa til stórar myndir í skjóli nætur sem þekja oft marga fermetra. Oft eru veggjakrotarar pólitískir í verkum sínum og nota krotið til þess að koma skoðunum sínum á framfæri.

Þá eru einnig dæmi um að í veggjakroti séu falin dulin tákn sem aðeins innvígðir skilja.

### Er veggjakrot list?

Meðan sumir líta á veggjakrot sem skemmdarverk og sóðaskap er það list í augum annarra. Áhrifa veggjakrots gætir víða í listum og hönnun og margir listamenn hafa notfært sér götulistamenninguna í verkum sínum.

**SPURT & SVARAÐ**
**BÓTA- OG TRYGGINGASVIK**

## *Fáir koma óorði á marga*

Bóta- og tryggingasvik almennings og heilbrigðisstétta eru talin jafn umfangsmikil hér á landi og í flestum Evrópulöndum. Karl Steinar Guðnason er forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.



**KARL STEINAR GUÐNASON** Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins

**Hversu stórt er vandamálið að þínu mati?** Það er ekki vitað hve viðamikið vandamálið er hérlendis en reynsla nágrannaþjóða sýnir okkur að um umtalsverðar upphæðir getur verið að ræða.

**Hvaða áhrif hefur það á samfélagið?** Ég vil koma í veg fyrir að allir sem þurfa á þjónustu okkar að halda liggi undir því ámæli að vera að svíkja og pretta. Eitt meginmarkmið okkar með ráðstefnunni er að skapa umræðu í samfélaginu til að draga fram að um fáa einstaklinga er að ræða sem koma óorði á stóra hópa fólks í samfélaginu.

**Til hvaða ráðstafana er nauðsynlegt að grípa?** Við þurfum að fá auknar lagaheimildir til að taka á vandanum. Tillögur okkar liggja fyrir um þau lagatæknilegu atriði sem við teljum nauðsynleg.

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.




REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# Æ nánara Eystrasaltssamstarf

**Í litháísku hafnarborginni Klaipeda fór í síðustu viku fram ráðstefna um stöðu og horfur samstarfs Norður- og Eystrasaltslandanna. Halldór Ásgrímsson, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, flutti þar inngangsræðu og ræddi við blaðamann Fréttablaðsins um viðfangsefni ráðstefnunnar og framtíð grannlandasamstarfsins.**

Meðal erinda sem flutt voru á ráðstefnunni var eitt um mengun Eystrasaltsins og hvernig hún, ásamt hlýnun sjávar og loftslags, ýtir undir hættulegan vöxt eiturþörunga sem getur haft ískyggileg áhrif á vistkerfi Eystrasaltsins. Í öðru erindi var vakin athygli á því hvernig fólksflótti heldur áfram frá löndunum við austanvert Eystrasaltið, ásamt því að fæðingartíðni heldur áfram að lækka og skapar þannig alvarlegar horfur í lýðfræðilegri þróun í þessum löndum.

Á móti þessum neikvæðu þáttum kemur að hagþróun er áfram hröð í öllum Eystrasaltslöndunum. Þau stefna að því að taka upp evruna sem fyrst og auka með því á efnahagslegan stöðugleika.

### Umhverfismál í fyrirrúmi

Spurður hver væri megintilgangurinn með ráðstefnu sem þessari svarar Halldór Ásgrímsson að aðalmarkmiðið sé að leiða fólk saman og ræða sameiginlega framtíð. „Og auðvitað hafa umhverfismál Eystrasaltsins mikil áhrif á framtíð svæðisins, þess vegna hafa Norðurlöndin unnið ötullega að því að bæta ástandið á því sviði í langan tíma,“ segir Halldór. Norræni fjárfestingabankinn NIB og fleiri stofnanir Norðurlandasamstarfsins hafa gegnt mikilvægu hlutverki í þessu starfi „og svo höfum við unnið í gegnum skrifstofur okkar á svæðinu við yfirvöld á hverjum stað,“ bendir Halldór á. Með tilvísun til áðurnefnds erindis um mengun Eystrasaltsins segir Halldór ljóst að viðunandi lausnir hafi enn ekki verið fundnar á að hamla streymi mengunarefna frá landbúnaði og iðnaði í sjóinn.

Halldór sagði það líka hafa slegið sig á ráðstefnunni hvernig fólki er að fækka í austri en fjölga í vestri. Hátt á annað hundrað þúsund manns hefur til að mynda yfirgefið Litháen á þessum undanförnum 15 árum. Það sé greinilega brýnt úrlausnarefni hvernig hægt sé að laða fólk til að flytja aftur til heimalanda sinna. Þá þurfi líka að beita fjölskyldustefnu til að bregðast við lækkandi fæðingartíðni.

### Ísland vel tengt Eystrasaltssamstarfi

Spurður hvernig Eystrasaltssamstarf horfi við sér persónulega, þar sem Ísland sé jú mjög fjarri Eystrasaltinu, rekur Halldór hvernig hann hafi tekið þátt í þessu samstarfi allt frá því Eystrasaltslöndin endurheimtu sjálfstæði sitt og Ísland varð fyrst landa heims til að viðurkenna það.

„Ég hef starfað með þeim allan þennan tíma og á marga góða vini á þessu svæði, svo að þótt Ísland sé fjarri þá hefur mér alltaf fundist ég vera náinn þeim – og geri mér grein fyrir mikilvægi samstarfs Norður- og Eystrasaltslanda fyrir heimshlutann í heild,“ segir hann.

Um framtíð þess samstarfs segir hann, að nú þegar sé verið að vinna að því að tengja Eystrasaltslöndin nánar inn í fleiri þætti norræns samstarfs, svo sem fleiri skiptiáætlanir en námsmannaáætlunina NORDPLUS. Stefnt sé að því að auka samstarfið á sviði menningarmála og fyrirtækjasamstarfs. „Þetta er spurning um að finna verkefni sem gagnast báðum; við höfum mjög opinn huga fyrir tillögum, einkum frá vinum okkar í Eystrasaltslöndunum,“ segir Halldór og tekur fram að þetta sé meðal forgangsmála finnsku formennskuáætlunarinnar í Norrænu ráðherranefndinni.

### Norðurlönd og hnattvæðing

Halldór tók við stöðu framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar um síðastliðin áramót. Spurður hvað standi upp úr í reynslu sinni af starfinu fram til þessa segir Halldór að það sé hversu umfangsmikið og fjölbreytt starfið sé.

„Ég hef verið lengi í stjórnmálum en hef aldrei gegnt eins fjölbreyttu starfi. Það kemur nánast inn á alla hluti,“ segir hann. Það sem hafi verið stóra málið hjá sér undanfarnar vikur hafi verið að undirbúa fund samstarfsráðherra Norðurlandanna sem verður nú í lok mánaðarins um afleiðingar hnattvæðingarinnar og hvað Norðurlöndin geti gert saman í því sambandi sem er síðan undirbúningur fyrir forsætisráðherrafund Norðurlandanna sem verður um miðjan júní í Finnlandi.



**HAFNARBORGIN KLAIPEDA** „Ég hef verið lengi í stjórnmálum en hef aldrei gegnt eins fjölbreyttu starfi. Það kemur nánast inn á alla hluti,“ segir Halldór Ásgrímsson.

### Góð tækifæri

„Ef þetta tekst þá mun það hafa töluverð áhrif á Norðurlandasamstarfið,“ segir Halldór. „Við stefnum að því að beina því í svolítið nýjar áttir undir þessum merkjum. Þannig að það er alltaf möguleiki að hreyfa ýmislegt til. Það er aðalatriðið að vinna með tilliti til breyttra aðstæðna. Það er alveg ljóst að Norðurlöndin geta gert mjög mikið saman á þessu sviði,“ segir hann. Með samtals um 25 milljónir íbúa eru Norðurlöndin tiltölulega lítil þegar horft er á hnattvæðinguna, en „þau hafa hins vegar mikla möguleika til að halda styrk sínum og auka styrk sinn með því að vinna náið saman á ýmsum sviðum og það sem ég finn er að Norðurlöndin eru að sjá þetta betur og betur,“ segir Halldór. Í þessu samhengi sé ekki hinn stóri munur á þjóð sem er 300.000 manns eða þrjár milljónir, bendir hann á.

### Sveigjanleiki lykillinn

„Íslendingar hafa nú sem betur fer haft þá stefnu að vinna náið með öðrum þjóðum,“ segir Halldór spurður um möguleika Íslendinga í þessu sambandi. „Og ég held að það sé nú lykillinn að hnattvæðingunni að sýna sveigjanleika og vera tilbúinn að vinna með öðrum. Og hafa opið hagkerfi. En ég held að ef Íslendingar geta kennt öðrum eitthvað – sem þeir geta – sé það hversu sveigjanlegir þeir eru og fljótir að breyta áherzlum ef eitthvað kemur upp.“ Þetta hafi ekki sízt nálægðin við hafið og náttúruna kennt Íslendingum. Það megi jafnvel þakka hnattvæðingunni fyrir að Íslendingar séu nú að verða æ minna háðir duttlungum náttúrunnar um efnahagslega afkomu sína.



**GAMLIR KUNNINGJAR** Antanas Valionis, fyrrverandi utanríkisráðherra Litháens, og Halldór Ásgrímsson voru meðal fyrirlesara á ráðstefnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

### Framtíðin skiptir öllu

Þegar viðtalið var tekið var Halldór á leið á fund litháískra ráðamanna í Vilnius og rússneskra í Moskvu. Með tilliti til þeirra erfiðu samskipta sem Eystrasaltslöndin – nú síðast einkum og sér í lagi Eistland – hafa átt við valdhafa í Moskvu var hann spurður hvort hann sæi ef til vill möguleika á því að leika eins konar sáttasemjarahlutverk þar eystra. Því svarar Halldór einfaldlega með því að vísa til þess að Norðurlönd og stofnanir Norðurlandasamstarfsins eigi í margvíslegu og árangursríku samstarfi við Rússland. „Okkur hefur verið mjög vel tekið í Rússlandi og ég vænti þess að það geti haldið áfram og það muni hjálpa til að bæta þessi samskipti,“ segir hann.

Það sé mikilvægt, eins og fram hafi komið í máli Antanas Valionis, fyrrverandi utanríkisráðherra Litháens, á ráðstefnunni, að „menn reyni að milda þessar deilur, en fortíðin gýs mjög oft upp. Mönnum er anzi tamt að líta frekar til fortíðar en framtíðar. En það er nú framtíðin sem skiptir öllu,“ segir Halldór Ásgrímsson, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is


ÆTLARÐU LANGT UM HELGINA?
FARÐU VARLEGA – LÍF LIGGUR VIÐ!
POKASJÓÐUR
MERKI UM UPPBYGGINGU

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Orkuráðherra þarf bílaspurningafrið.

## Stærra mál

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Þær lausnir sem ný ríkisstjórn hefur kynnt varðandi áform um stórvirkjanir og náttúruvernd eru í grundvallaratriðum þær sömu og fyrrverandi iðnaðarráðherra talaði fyrir í kosningabaráttunni. Að vísu er það svo að ákvörðun hefur verið tekin um að friða fleiri landsvæði en áður var ákveðið.

Ætlunin mun vera sú að hraða gerð áætlunar um nýtingarmöguleika til orkuvinnslu og verndunarsvæði. Áætlanir af þessu tagi eru vitaskuld mikilvægar. En þær fela ekki í sér neina grundvallarbreytingu á þeim leikreglum sem gilda í samningum um virkjanir og orkufrekan stóriðnað.

Þessi mikilvægi og stóri þáttur í íslensku atvinnu- og efnahagslífi lýtur enn í mikilvægum atriðum lögmálum ríkisrekstrar. Öll orkuframleiðslan er á vegum ríkisins og tveggja orkuframleiðslufyrirtækja sveitarfélaga. Aðferðarfræðin við töku ákvarðana helgast af því að ríkisvaldið vill ekki lúta í samningum sömu leikreglum og einkaaðilar.

Fyrir vikið verður öll umgengni um verðmæti náttúrunnar með öðrum hætti. Ríkisvaldið skipar málum á þann veg að gegnsætt verðmat liggur ekki til grundvallar vatnsréttindum og jarðhitaréttindum sem ríkið á og hagnýtir í þessu skyni. Það dregur úr virðingu fyrir umgengni um þessar mikilvægu auðlindir.

Alkunna er að í byrjun tíunda áratugarins voru það samtök útvegsmanna og meirihluti samtaka sjómanna sem ötulast vörðu verndunarráðstafanir vegna þorskstofnsins. Óvíst er hvort þorskveiðar væru stundaðar í þeim mæli sem raun er á ef þeir sem hagsmuna hafa að gæta hefðu ekki staðið jafn þétt og raun ber vitni með því að virða ráðgjöf vísindamanna þegar mest reyndi á. Krafan um meiri veiði var hins vegar hávær á Alþingi.

Skammt er nú til þess að Kárahnjúkavirkjun verði að fullu lokið. Löngu er búið að semja til langs tíma um sölu á raforku þaðan fyrir ákveðið verð. Ríkisvaldið hefur hins vegar ekki enn náð samningum við þá sem eiga hluta vatnsréttindanna. Ólíklegt er að einkafyrirtæki hefði hafið framkvæmdir án samninga um vatnsréttindi. Fullvíst er að einkafyrirtæki hefði ekki gengið frá langtíma orkusölusamningi án vitundar um verð vatnsréttindanna.

Þennan vanda leysir ríkið með sjálfvirku eignarnámi sér til handa. Það er aðstaða sem engir aðrir njóta í samningum á frjálsum markaði. Úrskurðarnefnd á síðan að meta vatnsréttindin eftir að orkuframleiðslan er hafin og löngu eftir að verð á framleiðslunni hefur verið samningsbundið áratugi fram í tímann. Við slíkar nauðungaraðstæður er lítil von til þess að eðlilegt markaðsverð finnist.

Sá ríkisdrottnunarhugsunarháttur sem býr að baki þessum leikreglum á snaran þátt í þeim hörðu árekstrum sem hér hafa orðið milli nýtingarsinna og verndunarsinna. Það er ekki aðeins í þágu heilbrigðra viðskiptahátta að afnema þessi forréttindi ríkisins. Náttúran gæti einnig haft af því nokkurt skjól.

Á hvítasunnu skopaðist nýr orkuráðherra á heimasíðu sinni að léttmetisspurningum fjölmiðla um ráðherrabíla. Af því tilefni má halda til haga að á fyrsta starfsdegi ríkisstjórnarinnar var á þessum vettvangi lýst eftir afstöðu ráðherrans til þessarar stóru spurningar um leikreglur í orkuiðnaðinum sem hér hefur verið vikið að. Vonandi fær ráðherrann frið fyrir bílaumræðunni til að íhuga það mál.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óánægðir Hafnfirðingar

Mikil óánægja var meðal Hafnarfjarðarkrata þegar gengið var framhjá Gunnari Svavarssyni við úthlutun ráðherrastólanna hjá Samfylkingunni. Ekki nóg með að Gunnar hafi leitt lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi heldur hefur hann verið ein aðaldriffjöður flokksins í Hafnarfirði sem vann stórsigur í síðustu sveitastjórnarkosningum og fékk hreinan meirihluta í bæjarstjórn. Gunnar var sjálfur svekktur yfir að verða af ráðherrastólnum en í pósti sem hann sendi sveitungum og flokksfélögum sínum segir hann að um erfitt val hafi verið að ræða hjá formanninum og ákvörðunin tekin í fullu samráði við þingflokkinn og flokksstjórnina.



### Bestunarverkefni

Í póstinum sem Gunnar sendi segir meðal annars: „Verkfræðingurinn í mér segir að hér sé um að ræða bestunarverkefni þar sem hliðarskilyrðin eru m.a. að það sé jafnt vægi kynja svo og að hlutföll ráðherra af landsbyggð og höfuðborgarsvæði þurfa að vera sem jöfnust m.t.t. þingstyrks. Niðurstaðan í bestuninni er því rétt. Hlutföll kynja eru jöfn og 33% þingmanna af höfuðborgarsvæði voru valdir líkt eins og 33% þingmanna af landsbyggð.“



### Aðstoðarmanna beðið

Margir bíða þess að ráðherrar Samfylkingarinnar tilkynni aðstoðarmenn sína. Þegar hafa þau Kristrún Heimisdóttir og Einar Karl Haraldsson verið ráðin en óvissa er með hin fjögur embættin. Þau sem hafa verið nefnd til sögunnar eru Helga Vala Helgadóttir og Dofri Hermannsson. Þá hefur Róbert Marshall verið nefndur sem hugsanlegur aðstoðarmaður Kristjáns L. Möllers samgönguráðherra, sem og Margrét Kristín Helgadóttir sem skipaði fjórða sæti Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi. Hjá Sjálfstæðisflokknum eru það hins vegar aðeins Guðlaugur Þór Þórðarson og Geir H. Haarde sem þurfa að finna sér aðstoðarmenn, en Ragnheiður Elín sem áður aðstoðaði Geir er nú komin á þing.

kristjan@frettabladid.is

## Hvers eiga Árbæingar að gjalda?



DAGUR B. EGGERTSSON

**Í DAG** | Samgöngur

Það hefur verið hátíðarstemning í Árbænum undanfarna daga. Íþróttafélagið Fylkir er 40 ára og sumarið er skollið á. Hverfisbúar hafa því verið í hátíðarskapi. En í gær dró fyrir sólu. Þá er ég ekki að tala um vítaspyrnuna sem fór forgörðum á lokamínútu leiksins við Skagann (þó skítt væri), heldur hitt, að enn á ný þurfa hverfisbúar að hefja baráttu til að halda uppi eðlilegum tengslum við aðra borgarhluta í samgöngumálum.

Það kostaði margra vikna baráttu nýliðinn vetur að fá lágmarksþjónustu strætó við Árbæjarhverfi eftir þá órökstuddu ákvörðun að fella niður akstur hraðleiðarinnar S5. Eftir að S5 hóf akstur komst aftur á tenging Árbæjarhverfis, Selás og Ártúnsholts við stærstu skóla og vinnustaði borgarinnar, án skiptingar. Í gær voru hverfisbúum hins vegar færðar þær fréttir að nú á enn að draga úr þjónustu strætó með akstri á aðeins hálftíma fresti.

*Ef einhvern lærdóm á að draga af endurskoðun leiðarkerfisins er hann einmitt sá að samráð sé lykilatriði. Að kynna orðinn hlut fimm dögum áður en hefja á akstur eftir nýju leiðarkerfi er ekki til neins.*

**Skorið á skólana**

Verst er þó að aftur á að skera á tengingu Árbæjarhverfis, Ártúnsholts, Seláss og Norðlingaholts við marga helstu skóla landsins og stærstu vinnustaði með því að hraðleiðin S5 keyri um Sæbraut í stað Miklubrautar! Þar með er ekki lengur bein tenging við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Kennaraháskólann, Fjöltækniskólann, Versló, MR, MH og Kvennaskólann, auk Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Þetta er furðuleg ráðstöfun og verður að teljast sérstaklega undarleg í ljósi áforma um gjaldfrjálsar almenningssamgöngur fyrir námsmenn næsta haust. Við þetta verður ekki unað og er hér með skorað á Árbæinga og annað áhugafólk um almenningssamgöngur, betri umferð og skynsamlega orkunýtingu að láta þetta mál til sín taka.

**Legið á fréttinni?**

Það er ekki síður merkilegt að þetta vanhugsaða mál skuli dúkka upp nú, aðeins örfáum dögum áður en byrja á að keyra eftir breyttu kerfi. Ekki er nema von að vagnstjórar skuli láta í sér heyra. Fyrir þingkosningar var meirihluti borgarstjórnar hins vegar á umhverfisfötunum og kynnti „miklu betri strætó“, sem var „fyrst og fremst“ af hinum 10 grænu skrefum í Reykjavík. Kannski er ekki að undra að færri ferðir og breytingar á leiðarkerfinu hafi ekki verið kynntar sem lið í því.

Á fundi hverfisráðs Árbæjar í gær var umhverfisfötum hins vegar ekki til að dreifa. Þar kom jafnframt fram að þessar breytingar höfðu verið lengi í undirbúningi. Líklega miklu lengur en grænu skrefin. Í því ljósi gegnir það sérstakri furðu að samráð hafi ekki verið haft við hverfisráð borgarinnar og íbúa varðandi yfirvofandi breytingar. Ef einhvern lærdóm á að draga af endurskoðun leiðarkerfisins er hann einmitt sá að samráð sé lykilatriði. Að kynna orðinn hlut fimm dögum áður en hefja á akstur eftir nýju leiðarkerfi er ekki til neins. Gengur þetta verklag gegn skýrum og ítrekuðum óskum hverfisráða, íbúa, að ógleymdum fjölmörgum loforðum um samráð, bót og betrun.

**Örfáir dagar til að forða slysi**

Þetta þýðir að aðeins fáeinir dagar eru nú til að forða því að enn verði teknar slysalegar ákvarðanir um strætisvagnaþjónustu við Árbæinga. Það getur ekki verið sanngjarnt að Árbæingar þurfi öðrum hverfum fremur að berjast fyrir því að njóta sömu þjónustu í almenningssamgöngum og önnur hverfi og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

**Kjarni málsins**

Kjarni málsins ætti að vera sá að vaxandi vitund um umhverfismál og samstaða um að aukin umferð ógni lífsgæðum í borginni ætti að kalla fram breiðan stuðning við eflingu almenningssamgangna. Fjöldi farþega í strætó óx í kjölfar nýja leiðarkerfisins, í fyrsta skipti í áraraðir, eða allt þar til skerðing á þjónustu olli bakslagi í þau segl. Í raun ættu stjórnmálamenn miklu frekar að sammælast um að kanna hvort og hvernig metnaðarfullt átak í almenningssamgöngum væri best úr garði gert. Því efling almenningssamgangna hefur sýnt sig vera ein hagkvæmasta og markvissasta leiðin til að bæta umferð og borgarbrag í bráð og lengd.

*Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn.*

## Fagra Ísland – dagur tvö

**UMRÆÐAN**

Umhverfismál



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Allt var komið í háa loft strax á öðrum degi ríkisstjórnarinnar. Tilefnin voru Þjórsárverin og Norðlingaölduveita. Geir Hilmar segir ekkert um hana vera í stjórnarsáttmála. Ingibjörg Sólrún segist skilja stjórnarsáttmálann svo að Norðlingaölduveita sé út af borðinu, Össur á sama máli og Þórunn umhverfisráðherra segist styðja „sinn formann“. Það sem er óþægilegast við þessa umræðu á degi tvö í lífi Baugsstjórnarinnar er að um þetta hefur greinilega ekki verið rætt á viðræðufundum þeirra Ingibjargar Sólrúnar og Geirs Hilmars við myndun ríkisstjórnarinnar. Sannast sagna held ég að fæstir hafi haft hugarflug til að ímynda sér að ráðist yrði í Norðlingaölduveitu með Samfylkinguna í ríkisstjórn með sitt Fagra Ísland upp á vasann. Þess vegna er það áhyggjuefni þegar nú kemur í ljós að málið hafi ekki einu sinni verið reifað! Eftir allar hinar miklu yfirlýsingar helgarinnar er ljóst að Norðlingaölduveita er út af borðinu.

Stóra málið er hins vegar neðri Þjórsá. Mun Samfylkingin standa vörð þar eða verður gefið eftir? Björg Eva Erlendsdóttir skrifar í Morgunblaðið laugardaginn 26. maí: „Skýr stefna forystu Samfylkingarinnar um að virkja Þjórsá ekki meira að sinni getur komið í veg fyrir stórtjón á samfélagi og náttúru í sunnlenskum byggðum.“ Nú er spurningin hvaða útgáfa af stefnu Samfylkingarinnar í virkjunarmálum verður ofan á: Fagra Ísland eða fagra Ísland?

Nú er að vita hvað dagur þrjú og síðan dagur fjögur bera í skauti sér. Sjálfstæðisflokkurinn hlýtur að bíða spenntur eftir næstu útspilum og þá hvaða stefna verður ofan á hjá Samfylkingunni. Íslands vegna held ég með Fagra Íslandi.

*Höfundur er þingmaður Vinstri grænna.*

**Galileo,** evrópska staðsetningarkerfið sem hefur verið í þróun að frumkvæði Evrópusambandsins, kemur seinna á markað en ætlað var auk þess sem það er komið langt fram yfir fjárhagsáætlun. Með tilkomu Galileo verða Evrópubúar óháðir hinu bandaríska GPS-staðsetningarkerfi. Galileo átti að taka í notkun á næsta ári en verður líklega ekki tilbúið fyrr en um 2011 eða 2012. Kerfið er hugsað til almennra nota eins og í bíla, til siglinga og borgaralegt flug.



**Upplýsingamiðstöðvar** eru ekki bara fyrir útlendinga eins og margir virðast halda. Á milli 40 og 50 upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn eru starfræktar á Íslandi. Margar eru reknar allt árið en aðrar eru aðeins opnar á sumrin. Íslendingar hafa í auknum mæli nýtt sér upplýsingamiðstöðvarnar þegar þeir ferðast um landið.



**Tímabelti** geta verið ruglingsleg. Hvað er klukkan í Tókýó ef hún er tólf á Íslandi? Vefsíðan http://times.clari.net.au/ hefur svar við þessu því þar er skráð hvað klukkan er í flestöllum löndum veraldar.

# allt




LÉTT BYLGJAN 967

GULL BYLGJAN 909

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Fagmenntaðir kayak kennarar og leiðsögumenn
Stykkishólmur og Reykjavík • S:690 3877

ÓL - BÍLAVERKSTÆÐI
Bremsuviðgerðir
Almennar viðgerðir
Smurþjónusta
Fljót og góð þjónusta
Skemmuvegur 22 - 200 Kópavogur
S. 555 3755 - 869 2259 - b.ol@internet.is




Kristlaug var yfir sig hrifinn af Tallinn, sérstaklega gamla hlutanum, en þess má geta að Heimsferðir standa fyrir beinu flugi til borgarinnar.

# Trúarstef og teiknimyndagerð í Tallinn

***Kristlaug María Sigurðardóttir rithöfundur féll fyrir gamalli kirkju í vinnuferð um Tallinn.***

„Ég fór til Tallinn til að kynna mér nýjungar í teiknimyndagerð fyrir íslenska sjónvarpsþáttaseríu og kvikmynd um Ávaxtakörfuna sem ég er að vinna að og verður sýnd á næsta ári,“ segir Kristlaug María Sigurðardóttir rithöfundur.

Kristlaug hafði aldrei heimsótt borgina áður og notaði því tækifærið til að skoða sig um þegar tækifæri gafst. „Ég tók einn túristadag og gekk um borgina þvera og endilanga. Gamli borgarhlutinn er rosalega fallegur og heillandi. Svo fannst mér rússablokkirnar mjög athyglisverðar og gisti einmitt í einni slíkri hjá vinkonu minni.“

Kristlaug segir margt áhugavert hafa borið fyrir augu, en gömul rússnesk rétttrúnaðarkirkja hafi þó verið einna tilkomumest. „Kirkjan heitir Alexander Nevsky dómkirkjan og er merkileg fyrir margra hluta sakir, meðal annars þá staðreynd að Rússar ákváðu að hlífa gamla hluta hennar þegar þeir sprengdu Tallinn í tætlur í seinni heimsstyrjöldinni. Hefði kirkjunnar ekki notið við væri gamli bærinn því líklegast ekki til í dag.“

Kristlaug mælir hikstalaust með að fólk kíki í kirkjuna eigi það leið um Tallinn og fari þá helst í messu, sem er um sexleytið. „Ég fór í kirkjuna um það leyti og fannst upplifunin mögnuð. Þarna þuldi prestur bænir á rússnesku og sveiflaði reykelsi á meðan. Ég skildi því miður ekki hvað hann sagði, en af látbragðinu að dæma gat ég mér nú til að það væri trúarlegs eðlis,“ segir hún hlæjandi og bætir við að þótt innihaldið hafi ekki allt komist til skila hafi hún notið hverrar mínútu.



Kristlaug fór til Tallinn til að kynna sér nýjungar í teiknimyndagerð fyrir kvikmynd um Ávaxtakörfuna. Sinfóníuhljómsveit Íslands mun flytja tónlistina úr söngleiknum 2. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvað upprunalegan tilgang ferðarinnar varðar segist Kristlaug hafa komið heim reynslunni ríkari eftir heimsóknina í teiknimyndafyrirtækið. „Til dæmis verða teiknaðir bakgrunnar í myndinni um Ávaxtakörfuna, sem verður leikin kvikmynd í fullri lengd og byggð á söngleiknum. Ég hvet bara sem flesta að heimsækja borgina. Þarna er einstaklega ódýrt og alveg yndislegt að vera.“

*roald@frettabladid.is*


Náðu forskoti með okkur í sumar!

“Ég sexfaldaði lestrarhraða minn á 3 vikum! Frábært!”
Guðjón Bergmann, 34 ára rithöfundur, fyrirlesari og jógakennari.

“Ykkur að þakka mun ég rúlla upp samræmdu prófunum.”
Jökull Torfason, 15 ára nemi.

“Þetta mun nýtast mér alla ævi.”
Jóhanna Helga, 15 ára grunnskólanemi.

“Snilldarnámskeið..kom skemmtilega á óvart hversu miklum hraða ég náði.”
Guðbjörg Jónsdóttir, 40 ára Framhaldsskólakennari.

“...á eftir að spara mér hellings tíma af námsbókalestri.”
Ragna Björk Ólafsdóttir, 17 ára nemi og golfari.

“Loksins sé ég fram á það að geta klárað lesbækur fyrir próf”
Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.

Skráning á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans er hafin á **www.h.is** og í síma **586-9400**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**600 milljónir bíla eru í heiminum í dag.** Þrír fjórðu þeirra eru fólksbílar en fjórðungur flutningabílar og vinnuvélar. Bandaríkin eru mesta bílaþjóðin með 776 bíla á hverja þúsund íbúa.




BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta
HONDA þjónusta
NISSAN þjónusta

Þýskar álkerrur
fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
GT RADIAL
Betra verð á heilsársdekkjum
235/65R17, kr. 12.900
245/70R17, kr. 13.900
265/70R17, kr. 14.900
275/60R17, kr. 15.900
Úrval annarra stærða upp í 38". Felgustærð 15", 16" 17" og 18".
Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði
JEPPADEKK.is
ALORKA • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
PIPAR • SÍA • 70753

HAMMERMASTER
Traust vara á betra verði
Krókhálsi 16
Reykjavík
Sími 588 2600
VÉLAVER
Gleráreyrar 2
Akureyri
www.velaver.is


# Sykursætur köku-Skódi

*Í auglýsingu fyrir Skoda Fabia er bíllinn endurskapaður úr hveiti, sykri, eggjum og mjólk. Bíllinn er í fullri stærð.*



Bíllinn og bakararnir sem hann „smíðuðu“.

Fyrir nokkrum vikum birtust myndir í Fréttablaðinu af kynningu Skoda á Fabia II á bílasýningunni í Genf. Þær voru vægast sagt hlægilegar.

Eitthvað virðist markaðsdeildin hjá Skoda hafa spýtt í lófana, læst sig inni í herbergi með flatbökum og kóki og menn lofað að koma ekki út fyrr en þeir væru komnir með frábæra hugmynd að auglýsingu. Afraksturinn er stórfurðuleg en um leið stórskemmtileg auglýsing þar sem Fabia II er endurbyggður í fullri stærð úr sandkökum og marsípani.

Bíllinn er engin hrákasmíð, er með sætum og vél í fullri stærð. En sjón er sögu ríkari og ef leitað er að „Skoda Fabia cake“ á www.youtube.com er hægt að horfa á auglýsinguna.

*- tg*

# Stafrænar hraðamyndavélar

*Hraðamyndavélum fjölgar stöðugt. Í Bretlandi eru þær orðnar stafrænar.*

Öllum brögðum er beitt til að halda hraðanum í umferðinni niðri. Svo virðist sem ökumenn geti einfaldlega ekki haldið hraðanum niðri og því finna yfirvöld stöðugt nýjar leiðir til að nappa þá sem brjóta lögin.

Hraðamyndavélar eru ein leiðin og hvergi hefur sú leið verið farin grimmar en í Bretlandi. Nú á að auka enn á myndatökurnar og gera myndavélarnar stafrænar.



Hraðamyndavélar í Bretlandi verða innan skamms stafrænar.

Þetta þýðir að vonin um að myndavélin sé búin með filmuna er úr sögunni. Í stað þess að geta tekið 200 myndir skipta þær þúsundum og svæðið sem þær ná yfir er stærra en áður.

Spurningin er hvenær leiðin milli Reykjavíkur og Akureyrar verður vörðuð stafrænum myndavélum?

*- tg*



BMW X3 hefur hingað til verið þekktur sem litli bróðir X5. Hann verður hins vegar óheppna miðjubarnið með tilkomu F3. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# BMW-blendingur?

*BMW ætlar að setja nýja línu á markað um 2010. Línan kallast F3 og er eins konar blendingsbíll.*

Ekki er auðvelt að skilgreina í hvaða flokki sumir bílar eru. Sérstaklega ekki nú þegar borgarjeppar, sportjeppar og blendingsbílar virðast allir eins en falla samt í mismunandi flokka. BMW ætlar sér að flækja málið enn frekar með F3.

F3 verður blanda af X3 og 3-línunni. Undirvagninn verður líklegast fenginn að láni frá X3 en hann mun í útliti frekar minna á stóran skutbíl en jeppa. Aksturseiginleikar 3-línunnar verða hafðir að leiðarljósi en bíllinn á samt að vera fær um að flytja börn og buru.

*- tg*


Meirapróf
Lærðu í nútímanum
ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 6. júní.

KERRUR
FRÁ ADEINS 29.990 KR.
ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF KERRUM!
FYRIR:
HEIMILIÐ
FYRIRTÆKIÐ
ÁHUGAMÁLIN
FRÍR FLUTNINGUR TIL REYKJAVÍKUR
(EINU SINNI Í VIKU).
DEKKJAHÖLLIN
DRAUPNISGÖTU 5, AKUREYRI S. 462 3002
ÞVERKLETTUM 1, EGILSSTÖÐUM S. 471 2002

Ferðamálaáætlun 2006 til 2015 má skoða á vef samgönguráðuneytisins, www.samgonguraduneyti.is



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá



Kristín er mjög ánægð með lífið í París. FRÉTTABLAÐIÐ/EMILÍA

# Í fylgd með Parísardömu

***Kristín Jónsdóttir gengur stundum undir nafninu Parísardaman en hún hefur búið í París til fjölda ára. Hún býður upp á gönguferðir með leiðsögn um borgina fyrir íslenska ferðamenn og tekur að sér að skipuleggja nánast hvað sem er.***

Kristín hefur síðustu ár verið með skipulagðar gönguferðir fyrir Íslendinga um París, en hún hefur búið í borginni til fjölda ára og þekkir hana vel. „Ég hef lengi verið mjög áhugasöm um París og dugleg að lesa mér til,“ segir hún.

Kristín talar reiprennandi frönsku en hún byrjaði að læra hana strax í menntaskóla. „Frá því að ég man eftir mér þráði ég að kunna frönsku og fara til Frakklands svo ég leitaði mikið eftir franskri menningu og tónlist löngu áður en ég varð eitthvað fullorðin. Mér fannst alltaf að ég ætti að fara til Parísar en ég get í rauninni ekkert útskýrt af hverju. Eftir stúdentspróf kom ég svo hingað sem au pair til fransk-líbanskrar fjölskyldu og hef verið hér meira og minna síðan,“ segir hún.

Hægt er að velja á milli gönguferða með Kristínu um nokkur ólík hverfi í París. „Ég er náttúrlega með tvö elstu hverfin, Latínuhverfið og Mýrina, þar sem er auðvelt að sýna París fortíðarinnar. Latínuhverfið er svolítið svona nítjándu aldar hverfi á meðan Mýrin er meira sautjándu aldar hverfi. Ég er líka með gönguferðir um Montmartre sem er skemmtilegt listamannahverfi frá aldamótunum nítjánhundruð. Þar má sjá París í því rómantíska ljósi sem hún er sýnd í myndinni Amelie en sú mynd var tekin upp í þessu hverfi auk margra fleiri mynda. Svo er ég náttúrlega með Bellevilletúrinn sem er bara allt, allt annað. Hann sýnir París kannski mest eins og hún er í dag en handbækur um París vísa fólki ekki þangað, nema kannski í Père Lachaise-kirkjugarðinn. Ég mæli með því að fólk byrji ferðina á að koma í túr því það er miklu skemmtilegra að skoða París upp á eigin spýtur þegar maður hefur fengið smá leiðsögn.“

Auk þess að ganga um borgina með íslenska ferðamenn tekur Kristín að sér að skipuleggja ýmislegt annað ef óskað er eftir því. „Ég geri í raun og veru allt sem fólk biður mig um, innan allra velsæmismarka,“ segir hún og hlær. „Sumir hópar vilja fá skipulagða dagskrá frá a til ö alla daga og þá sé ég bara um allt, finn veitingastaði, kaupi miða á söfn og svo framvegis.“

Hóparnir sem Kristín hefur verið að taka á móti hafa verið margs konar að hennar sögn. „Ég hef fengið hópa af öllum stærðum og gerðum og aldri. Allt frá menntaskólanemum upp í gamalmenni sem eru loksins að koma til Parísar. Þetta hefur gengið vonum framar því ég vissi náttúrlega ekkert hvað ég var að fara út í þegar ég byrjaði og gerði mér enga grein fyrir því hvort þetta myndi ganga. En flestir eru mjög ánægðir og ég virðist hafa skapað mér góðan orðstír,“ segir Kristín ánægð.

Frekari upplýsingar um Kristínu, gönguferðirnar, hótel, veitingahús og fleira má finna á heimasíðu hennar, www.parisardaman.com. Einnig má geta þess að Íslendingar í Frakklandi geta sett smáauglýsingar inn á síðuna, hvort sem þeir eru að leita eftir húsnæði, barnapössun eða einhverju öðru.

*emilia@frettabladid.is*

# Paris, c´est la vie!

***Iceland Express flýgur nú beint til Parísar.***

París er einn af fimm nýjum áfangastöðum sem bæst hafa við hjá Iceland Express auk Basel, Billund, Eindhoven og Oslóar. Flogið verður til Parísar tvisvar til þrisvar sinnum í viku frá 15. maí til 31. ágúst, til Basel alla laugardaga frá 1. júní til 31. ágúst, til Billund tvisvar í viku frá 1. júní til 14. september, til Eindhoven tvisvar í viku frá 1. júní til 31. ágúst og til Oslóar tvisvar í viku frá 15. maí til 31. ágúst.

Í París er margt hægt að gera, hvort sem er að þræða fataverslanir í þessari háborg tískunnar, upplifa franska menningu og byggingarlist í söfnum og kirkjum, gæla við bragðlaukana með franskri matargerðarlist eða bara sitja á notalegu kaffihúsi með glas af rauðvíni og njóta þess að fylgjast með fjölbreyttu mannlífinu. *- eö*



Eiffelturninn er sennilega þekktasta kennileiti Parísar.



Víngeymslurnar hýsa nú verslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/EMILÍA

## Gamlar víngeymslur fá nýtt hlutverk

Í BERCY VILLAGES Í TÓLFTA HVERFI Í PARÍS HEFUR VÍNGEYMSLUM VERIÐ BREYTT Í VERSLANIR OG KAFFIHÚS.

Þeir sem vilja eiga notalegan dag í París ættu að gera sér ferð í Bercy Villages. Þar hafa gamlar víngeymslur verið gerðar upp og hýsa þær nú lítil kaffihús og litlar verslanir. Í verslununum fæst alls konar falleg gjafavara og má þar nefna barnabækur, snyrtivörur, búsáhöld, kaffi og súkkulaði. Ekki skemmir svo fyrir að alveg við hliðina á er Parc de Bercy sem er virkilega fallegur almenningsgarður sem yndislegt er að ganga um á sólríkum degi. *- eö*



O&K
Þjónusta

**Þjónustuaðili:**

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

# bjartir dagar

MIÐVIKUDAGUR 30. MAÍ 2007



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA







Eldhús innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.

BJÖRNINN

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf.-Ármúla 20-Sími 562 5000-Fax 562 5045-bjorninn@bjorninn.is-www.bjorninn.is

# Ofurhetjur í Jaðarleikhúsinu

Jaðarleikhúsið frumsýnir Superhero á Björtum dögum. Superhero er fimmta verk leikhússins en um dramatískan og súrrealískan gamaleik er að ræða.

Fyrir um einu og hálfu ári stofnaði Eyrún Ósk Jónsdóttir Jaðarleikhúsið. Leikhúsið er í Miðvangi í Hafnarfirði þar sem rekin er tilrauna- og listasmiðja. „Við setjum upp lítil og ódýr leikverk þar sem ungum listamönnum er gefinn kostur á að gera tilraunir,“ segir Eyrún. „Við höfum sett upp um fjögur verk á þessu eina og hálfa ári sem við höfum starfað og nú munum við frumsýna það fimmta. Ásamt því að sýna leikverk eru líka myndlistarsýningar í rýminu og núna er til dæmis sýning á pennateikningum Brynju Árnadóttur.“

Stofnun sjálfstæðs leikhóps var lengi draumur Eyrúnar en hún starfaði með einum slíkum á námsárum sínum í London. „Hann heitir Dan Kai Teatro og þar fékk ég tækifærið að gera það sem mig langaði og prófa mig áfram,“ segir Eyrún. „Þegar ég kom hingað aftur fann ég að það vantaði rými fyrir unga listamenn til að gera nákvæmlega það án þess að það kostaði margar milljónir og án þess að sækja þyrfti um endalausa styrki frá menntamálaráðuneyti.“

Í öllum leikverkum Jaðarleikhússins er kostnaði haldið í lágmarki enda þurfa verkin að standa undir sér. Reyndar er umgjörðin ekki það eina ódýra í leikhúsinu heldur er miðaverði haldið í lágmarki. Á Superhero kostar til að mynda aðeins 600 krónur.

Superhero er einleikur eftir Eyrúnu og hefur hún fengið skólabróður sinn Erik Håkansson til að leika. Leikritið fjallar um ungan mann sem stendur frammi fyrir mjög erfiðum aðstæðum sem hann getur ekki leyst. Þá leitar hann til ofurhetjanna eftir hjálp, en þeim kynntist hann gegnum hasarblöðin þegar hann var ungur. „Þetta er svona dramatískur og súrrealískur gamanleikur,“ segir Eyrún. „Við frumsýnum 1. júní og sýnum á Björtum dögum eða 2., 5, og 8. júní.“

Af þeim fimm verkum sem Jaðarleikhúsið hefur sett á svið hafa þrjú verið á ensku, þar með talið Superhero. Þetta er vegna sterkra tengsla við Dan Kai Teatro en þaðan hafa leikarar komið og tekið þátt í sýningum Jaðarleikhússins. „Það er bæði vegna þess að ég var partur af hópnum úti og líka einfaldlega vegna þess að þá fæ ég fjármagn hjá þeim og það hjálpar okkur að til að setja upp verkin,“ segir Eyrún og hlær.

Hægt er að panta miða á Superhero í síma 846-1351 eða á jadarleikhusid@hotmail.com.

*tryggvi@frettabladid.is*



**Erik í hlutverki sínu í Superhero. Hann leikur ráðvilltan ungan mann sem leitar til ofurhetja barnæsku sinnar eftir leiðsögn og aðstoð.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Marín Hrafnsdóttir er menningar- og ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðar. Hún segir dagskrá Bjartra daga setta upp með það í huga að allir eigi að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.**

# Hátíðin skilar blómlegu menningarlífi

Marín Hrafnsdóttir er menningar- og ferðamálafulltrúi Hafnarfjarðar. Hún hefur tekið þátt í að skapa Bjarta daga frá byrjun og segir tilgang hátíðarinnar helst vera að efla menningarlíf og vekja athygli á þeirri miklu listsköpun sem á sér stað í bænum og á hafnfirskum listamönnum.

„Hátíðin skilar blómlegu menningarlífi í bænum enda virkjum við ótrúlega marga til þátttöku,“ segir Marín og nefnir þar leikskólana, grunnskólana, unglingana og eldri borgara. „Fyrir unga fólkið erum við með menningarhús en þar erum við líka svolítið í uppeldislegum stellingum því unga fólkið skipuleggur sína dagskrá sjálft. Það þarf að sjá til þess að hún gangi upp, fjárhagslega og að umfangi. Það er ekki nóg fyrir þau að koma til okkar og segja að þau langi að halda tónleika heldur verða þau að láta dæmið ganga upp,“ bætir Marín við og segir hátíðina einnig til þess fallna að vekja athygli á menningarstofnunum bæjarins.

Marín segir að þótt þorri listamanna hátíðarinnar séu heimamenn þá dragi þau einnig til sín list annars staðar frá til að bjóða Hafnfirðingum upp á ýmislegt af því besta sem er að gerast í tónleikum, myndlist, danslist og öðru. „Svo er ekki leiðinlegt að segja frá því að Þjóðahátíð er núna hluti af Björtum dögum og þannig tökum við enn frekar utan um það að vera fjölmenningarleg hátíð,“ segir Marín ánægð og bætir því við að fyrstu skrefin í þá átt hafi verið stigin í fyrra þegar sérstakur fjölmenningardagur var hluti af hátíðinni.

Spurð hvernig þátttakan hefur verið á Björtum dögum undanfarin ár, segir Marín: „Nú er hátíðin haldin í fimmta sinn og þátttakan hefur verið vaxandi. Þegar svona margir taka þátt í að skapa viðburðinn þá er þátttakan góð. Síðan höfum vð verið með mjög fjölbreytta dagskrá og haft það að markmiði að það sé mikið af viðburðum þar sem er ekki aðgangseyrir. Það má því segja að það sé ákveðið einkenni á Björtum dögum að við bjóðum upp á ókeypis tónleika, danssýningar og fleiri viðburði.“

Marín segist vona að sem flestir taki þátt og að dagskráin sé þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. „Við reynum að koma til móts við alla og það er mikil jákvæðni gagnvart þessari hátíð. Hún er á skemmtilegum tíma þegar fólk er að byrja að kveikja á því að það sé komið sumar en við erum samt ekki búin að missa það út úr bænum,“ segir Marín og brosir.

*- sig*




# Leikskólalist í hávegum höfð

Leikskólabörn eiga stóran þátt í Björtum dögum og skreyta fyrirtæki og stofnanir í Hafnarfirði með verkum sínum. Þá verða ljóð 6. bekkinga víða um bæinn og 4. bekkingar taka þátt í samsöng á Thorsplani undir heitinu Söngurinn ómar um bæinn. Afrakstur litla listafólksins má sjá á eftirtöldum stöðum:

**ARNARBERG** - Bókasafn Hafnarfjarðar
**ÁLFABERG** - HB búðin
**ÁLFASTEINN** - Þjónustuverið
**HJALLI** - Heilsugæslan miðbæ
**HLÍÐARBERG** - Fjarðarkaup
**HLÍÐARENDI** - Heilsugæslan Sólvangi
**HVAMMUR** - Suðurbæjarlaug
**HRAUNVALLASKÓLI** - Hraunvallaskóli, leik- og grunnskóli
**HÖRÐUVELLIR** - Fjörður 1. hæð
**KATÓ** - St. Jósepsspítali
**NORÐURBERG** - Bæjarskrifstofur
**SMÁRALUNDUR** - Kænan
**STEKKJARÁS** - Skólaskrifstofa
**TJARNARÁS** - Landsbankinn
**VESTURKOT** - Fjörður 2. hæð
**VÍÐIVELLIR** - Samkaup



**Teikningar eftir leikskólabörn verða til sýnis á mörgum stöðum í bænum.**




# Íbúðalán fyrir þig!

Hafðu samband í síma **575 4000** eða á **byr.is** og við hjálpum þér að eignast þína eigin íbúð*.
Og það verður nýja íbúðin þín, bara þín!

BYR SPARISJÓÐUR

**BYR** - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

*ATH! Útlán eru háð lánareglum BYRS - sparisjóðs.

DYNAMO REYKJAVIK

# Merkisafmæli Magnúsar og Keilis

Golfklúbburinn Keilir í Hafnarfirði er 40 ára í ár og golfbakterían hjá Magnúsi Birgissyni er jafngömul.

„Ég byrjaði að slá kúlu sem átta ára gutti um leið og völlurinn kom á Hvaleyrarholtinu. Við erum því búnir að vera jafnlengi í golfi ég og Keilir," segir Magnús glaðlega og upplýsir aðspurður að hann sé með 2,2 í forgjöf. Hann starfar núna sem golfkennari í klúbbnum Oddi í Heiðmörk og hefur verið þar í fjögur ár en er með fimmtán ára reynslu í faginu. „Áhuginn á golfi er alltaf að aukast og golfkennslan verður æ stærri hluti af verkefnum mínum," segir Magnús sem er þroskaþjálfi líka en kveðst eiginlega hættur að grípa í það starf.

Magnús hefur líka rekið golfskóla á Spáni vor og haust frá 1997, ásamt Herði Arnarsyni golfkennara hjá Keili, fyrst í samvinnu við Úrval Útsýn og nú Heimsferðir. Hann segir á annað þúsund manns hafa farið í gegnum þann skóla og marga hafa tekið þar sín fyrstu skref í golfinu.

„Við erum í suðurhluta Andalúsíu. Það svæði er mikið menningarsvæði bæði hvað snertir mat og drykk, hestasýningar og dansinn flamenco. Þessi hluti Andalúsíu er við Atlantshafið og þar er frísklegra en Miðjarðarhafsmegin." Hann segir ferðirnar oftast taka tíu til ellefu daga og oft séu byrjendur með. „Ferðirnar koma fólki vel af stað. Það myndast oft góðir hópar sem halda tengslum og menn uppörva hver annan." Hann segir fólk vera á öllum aldri þegar það byrjar enda sé það aldrei of seint. „Alltaf er hægt að njóta þess að fara í golf og taka framförum svo lengi sem menn geta sveiflað kylfum og eru sæmilega gangknáir."

Skyldi Magnús eitthvað mega vera að því að keppa sjálfur? „Nei, ég keppi mjög lítið en reyni að fylgjast svolítið með unga fólkinu og hef gaman af," svarar hann og getur þess að hann eigi tvo stráka í golfi. Hann segir ungu fólki fjölga ört í greininni og árangur þess sé líka alltaf að batna. „Efnilegt íþróttafólk sem hefði bara séð fótbolta eða handbolta fyrir nokkrum árum er farið að átta sig á því að golf er skemmtileg keppnisíþrótt fyrir alla aldurshópa," segir hann. „Birgir Leifur er að gera góða hluti í dag og það hvetur fólk til að stefna á atvinnumennsku og frama í golfi."

*gun@frettabladid.is*



Magnús á margt sporið á Hvaleyrarvelli. Þar byrjaði hann að slá kúlu þegar hann var átta ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




*Nú eru bjartir dagar í Dalakofanum*

**FIRÐI, HAFNARFIRÐI. S.555 4295**




Arna Kristín Einarsdóttir verkefnastjóri er ánægð með dagskrá Bjartra daga í Hafnarfirði og reiknar með góðri þátttöku bæjarbúa sem annarra á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Fjöldi hápunkta á hátíðinni

Arna Kristín Einarsdóttir er verkefnastjóri á skrifstofu menningar- og ferðamála hjá Hafnarfjarðarbæ en skrifstofan heldur utan um skipulag Bjartra daga. Arna er ánægð með dagskrá hátíðarinnar og segir erfitt að nefna einhverja hápunkta í dagskránni.

„Bjartir dagar samanstanda af menningar- og listviðburðum sem eru aðallega í höndum heimamanna þótt einhverjir listamenn komi annars staðar að," segir Arna og bætir því við að tengingin sé þá sú að þeir komi til Hafnarfjarðar til að halda tónleika eða sýningar. „Til dæmis verður Sumaróperan með tónleika sunnudaginn 3. júní undir yfirskriftinni Sumarbarokk. Tónleikarnir verða í Hafnarborg og þar verða kynntir efnilegustu ungsöngvarar landsins."

Arna segir mikið af myndlistarfólki frá Hafnarfirði sýna verk sín auk þess sem kórar bæjarins komi fram og leikskólabörn muni eiga listaverk víða um bæinn á Björtum dögum.

„Við erum með mjög marga og spennandi viðburði í gangi og viljum ná til sem flestra," segir Arna sem segir stolt frá því að Þjóðahátíð Alþjóðahússins verði í Hafnarfirði í fyrsta sinn og væntir góðrar þátttöku. „Í fyrra vorum við með fjölmenningardaga þar sem við vöktum athygli á því að það er mjög stórt hlutfall íbúa í Hafnarfirði innflytjendur, eða um sex prósent. Við viljum vissulega halda hátíð allra Hafnfirðinga og þess vegna var ofsalega gaman að við skyldum fá liðstyrk Alþjóðahússins til að vekja enn frekari athygli á þessu," segir Arna og bætir því við að Þjóðahátíðin sé mikill viðburður. „Um kvöldið verður síðan söngvakeppni hinna mörgu tungumála. Þar leggjum við áherslu á að það syngi ekki allir á ensku heldur hinum ýmsu tungumálum, ekkert endilega sínu eigin og það eru vegleg verðlaun í boði," segir Arna brosandi. „Síðan verður skemmtiatriði á keppninni en það eru alveg ótrúlega flottar hafnfirskar magadansmeyjar sem munu koma fram. Þær slógu rækilega í gegn í fyrra svo það verður gaman að sjá þær aftur."

Arna segir Bjarta daga einnig vera í samstarfi við umboðsskrifstofuna Prime og bjóða upp á tónleikaröð þar sem margir þekktir tónlistarmenn muni troða upp í Bæjarbíói. „Það er ótrúlegur sjarmi yfir því að fara á tónleika í þessu húsi og alveg sérstakt."

Í Víðistaðakirkju verða tvennir tónleikar, annars vegar Páll Óskar og Monika en hins vegar verður Camerarctica með tónleika í kirkjunni. „Þau flytja verkið Kvartett fyrir endalok tímans eftir Oliver Messiaen en það er eitt magnaðasta kammerverk sem skrifað hefur verið og verður eflaust rosalega flott að sjá það og heyra í þessari umgjörð," segir Arna.

Að lokum minnir Arna á að hinn 7. júní verði langur fimmtudagur í Hafnarfirði en þá verður opið í öllum verslunum, söfnum og galleríum til klukkan tíu um kvöldið.

*- sig*

## Tónleikar á Björtum dögum

**FIMMTUDAGUR 31. MAÍ**

**Kl. 18-22** Hafnarfjörður rokkar. Útitónleikar á Thorsplani.

**Kl. 20** Amherst College Choir frá Massachusetts í Hásölum.

**FÖSTUDAGUR 1. JÚNÍ**
**(Hafnarfjarðarbær 99 ára)**

**Kl. 20** Íslenski saxófónkvartettinn flytur franska saxófónkvartvetta í Hafnarborg. Aðgangur ókeypis.

**Kl. 21** Páll Óskar og Monika í Víðistaðakirkju. Aðgangseyrir 2.000 kr.

**LAUGARDAGUR 2. JÚNÍ**

**Kl. 17** Syngjandi Öldutúnsskóli. Tónleikar kórs Öldutúnsskóla og Kvennakórs Öldutúns í Hafnarborg. Aðgangseyrir 1.000 kr.

**Kl. 20** Cantare í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Söngvakeppni hinna mörgu tungumála í samstarfi við Alþjóðahúsið.

**SUNNUDAGUR 3. JÚNÍ**
**(Sjómannadagurinn)**

**Kl. 10** Lúðrasveit Hafnarfjarðar við Hrafnistu.

**Kl. 14** Hátíðardagskrá við Fiskmarkaðinn þar sem Lúðrasveit Hafnarfjarðar spilar meðal annars.

**Kl. 16** Hátíðartónleikar í Hamarssal. Kór Flensborgarskóla heldur tónleika í tilefni af 125 ára afmæli skólans.

**Kl. 20** Sumarbarrokk í Hafnarborg. Sumaróperan kynnir efnilegustu ungsöngvara landsins. Aðgangseyrir 2.000 kr. / 1.500 kr.

**Kl. 21** Bubbi í Bæjarbíói. Aðgangseyrir 2.000 kr.

**MÁNUDAGUR 4. JÚNÍ**

**Kl. 20** Söngur í hjartanu ómar. Tónleikar Gaflarakórsins í Víðistaðakirkju.

**ÞRIÐJUDAGUR 5. JÚNÍ**

**Kl. 19.30** Gamla bókasafnið. Rokkkvöld. Norska hljómsveitin Quiritatio. Vicky Pollard og Foreign Monkeys hita upp.

**Kl. 20** „Enn er oft í koti kátt!" Lögin hans Friðriks. Kór Öldutúnsskóla, Kvennakór Öldutúns, karlakórinn Þrestir og Kammerkór Hafnarfjarðar í Hafnarborg. Aðgangseyrir 1.500 kr./1.000 kr.

**Kl. 21** Pétur Ben, Toggi og Ólöf Arnalds í Bæjarbíói. Aðgangseyrir 1.500 kr.

**MIÐVIKUDAGUR 6. JÚNÍ**

**Kl. 12** Fjaðrafok í Firðinum. Hádegistónleikar í Hafnarborg. Sönghópurinn Sópranos ásamt Antoníu Hevesí píanóleikara.

**Kl. 20** „Enn er oft í koti kátt!" Lögin hans Friðriks (sjá 5. júní).

**Kl. 21** Stebbi og Eyvi í Bæjarbíói. Aðgangseyrir 2.000 kr.

**Kl. 22-23** Kvartett fyrir endalok tímans. Ljósið, friður og óendanleikinn í Víðistaðakirkju. Camerarctica leikur eitt stórbrotnasta kammerverk allra tíma eftir Oliver Messiaen. Aðgangseyrir 1.500 kr. / 1.000 kr. (Frítt fyrir nemendur).

**FIMMTUDAGUR 7. JÚNÍ**

**Kl. 14** Dagskrá eldri borgara í Hraunseli. Kórsöngur, suðuramerískir dansar, upplestur og fjöldasöngur.

**Kl. 19-23** Gamla bókasafnið. Kakóbollinn. Trúbadorkvöld, heitt kakó og sænskir snúðar.

**FÖSTUDAGUR 8. JÚNÍ**

**Kl. 21** Jón Ólafsson í Hafnarborg. Aðgangseyrir 1.500 kr.

**SUNNUDAGUR 10. JÚNÍ**

**Kl. 17** Tónleikar í Fríkirkjunni. Vinsæl fiðlulög frá Mið-Evrópu ásamt spænskum dönsum. Martin Frewer fiðla og Ingunn Helga Hauksdóttir píanó. Aðgangur ókeypis.

**Kl. 20** Kvöldmessa í Víðistaðakirkju.




PIPAR • SÍA • 70463



Rokksveitin Mínus lýkur útitónleikunum Hafnarfjörður rokkar með þéttri spilamennsku.



Hafnfirska hljómsveitin Sign stígur á svið á fimmtudagskvöld eftir vel heppnaða tónleikaferð um Bretland.



Magni ætlar að vera einn með kassagítarinn á útitónleikunum. Hefur hann leik um áttaleytið.

# Rokk og ról á Thorsplani

**Útitónleikarnir „Hafnarfjörður rokkar“ verða haldnir á Thorsplani í Hafnarfirði á fimmtudagskvöld. Fjölmargir þekktir flytjendur stíga á svið og verður stemningin án efa prýðileg.**

Magni úr hljómsveitinni Á móti sól kemur fram einn með kassagítarinn. „Ég er ekki búinn að ákveða hvað ég ætla að spila. Ætli ég ákveði það nokkuð fyrr en ég er á leiðinni,“ segir Magni. „Ætli ég endi ekki á því að taka eitthvað sem allir þekkja. Ég tek bara trúbadorinn á þetta, persónulega trúbadorinn,“ segir hann og hlær. Hlakkar hann til að spila á útitónleikunum og hefur engar áhyggjur af því ef kalt verður í veðri. „Við í Á móti sól spiluðum 10. janúar á útitónleikum, þannig að maður er vanur ýmsu.“

### NÝTT FRÁ MÍNUS

Magni hefur leik um kl. átta en hljómsveitin Mínus lýkur kvöldinu með rokki og róli af bestu gerð. Mínus verður með ný lög í farteskinu enda gaf hún nýlega út sína fjórðu breiðskífu, The Great Northern Whalekill, sem hefur fengið góðar viðtökur.

### EFNILEGT ÚR HAFNARFIRÐI

Aðrar hljómsveitir sem stíga á svið verða Sign, sem kom nýverið heim úr tónleikaferð um Bretland, Þrumukettir og hafnfirsku sveitirnar Mystic Dragon, Grasrætur og Æsir.

„Þetta eru ungar og upprennandi sveitir og þær byrja dagskrána,“ segir Páll Arnar Sveinbjörnsson, sem hefur unnið að skipulagningu tónleikanna. „Tónleikarnir hafa ekki verið með þessu sniði síðan 2003, sem stórir útitónleikar. Við vonumst til þess að það mæti múgur og margmenni á Thorsplanið,“ segir hann.

Kynnir tónleikanna, sem hefjast klukkan 20, verður Ólafur Páll Gunnarsson, útvarpsmaður á Rás 2, sem er einmitt búsettur í Hafnarfirði.

Sumarvörurnar komnar!







SKUNKFUNK - LEE- WRANGLER
SARA KEIR DESIGN- ZENTO SKART & TÖSKUR
REPEAT DK. - VIA-VAI SKÓR VÆNTANLEGIR

ALLT FYRIR LÍKAMANN OG ANDLIT ÚR DAUÐAHAFINU

OROBLU - ERMAR- LEGGINGS - HAUSKÚPUKLÚTAR - ARAFAT SLÆÐUR OG MARGT FLEIRA

BRAZILIAN TAN BRÚNKUKREM




LOVE LINE KREMIN
- MAXIM SVITASTOPPARINN SEM ER AÐ SLÁ Í GEGN Á ÍSLANDI



Respekt mens women
Respekt women
Respekt mens

Respekt tískuvara
Firði, 2. hæð • Sími 533 3931


MC PLANET
MCPLANET · AUSTURHRAUNI 3 · 210 GARÐABÆ · SÍMI 533 3805

Flottir skór
á fjölskylduna
EURO SKO
Firði Hafnarfirði S: 555-4420

Full búð
af nýjum
vörum og ýmis
spennandi
tilboð
MAMBO
tískuvöruverslun
Firðinum, Hafnarfirði



Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.
Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.
Rafhitarar fyrir heita potta
Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is



„Lögð verður áhersla á fjölbreytileika og sameiningu í senn," segir Kolfinna Baldvinsdóttir, verkefnastjóri Þjóðahátíðarinnar.

# Sameinuð en fjölbreytt

**Þjóðahátíð verður haldin hátíðleg á Björtum dögum í Hafnarfirði. Kolfinna Baldvinsdóttir er verkefnastjóri hátíðarinnar.**

Síðustu ár hefur verið lögð áhersla á fjölmenningu á Björtum dögum. Þjóðahátíðin verður nú haldin í fjórða sinn í íþróttahúsinu í Hafnarfirði við Strandgötu frá kl. 12 til 18 laugardaginn 2. júní. Í fyrra var hátíðin haldin í gamla Blómavali en um fjörutíu þátttakendur frá ólíkum löndum kynntu lönd sín og þjóðir með ýmsum hætti. Höfuðskipuleggjandi hátíðarinnar er Alþjóðahúsið en verkefnastjóri þetta árið er Kolfinna Baldvinsdóttir.

„Þjóðahátíðin hefur sömu merkingu og venjuleg þjóðhátíð en lögð er áhersla á fjölbreytileika og sameiningu í senn. Þjóðahátíðin felur í sér að þar koma saman öll þau þjóðabrot sem búa á Íslandi og kynna sín lönd og gera sér glaðan dag. Á Íslandi býr fólk af um 132 þjóðernum en á hátíðinni verða um 40 lönd með bása til að kynna sig og sína. Sumir gera það með mat, aðrir gera það með dansi og tónlist og fleiru en síðan verður haldið uppi fjöri allan daginn. Þar á meðal eru ýmiss konar skemmtiatriði sem eru kannski ekki eins og við eigum að venjast þar sem skemmtikraftarnir eru alls staðar að úr heiminum. Þetta er fólk frá Afríku, Asíu, Suður-Asíu, Evrópu og víðar þannig að fjölbreytnin er mikil. Þarna geta því Íslendingar komið og kynnst „þessu fólki" eins og okkur er oft tamt að kalla innflytjendur og fengið að upplifa í senn fjölbreytnina en líka hvað við eigum margt sameiginlegt."

Hátíðin verður opnuð formlega og verða þar ráðherrar og bæjarstjóri en heiðursgestir þetta árið eru Toshiki Toma, prestur innflytjenda, sem flutti hingað til lands frá Japan, og Gérard Lemarquis, kennari og leikari, sem er franskur að uppruna. Þeir hafa báðir búið á Íslandi í fjölda ára og eru þekktir í þjóðlífinu. Við opnunina munu kórar syngja og má þar nefna Regnbogakonur sem er kór kvenna frá ýmsum heimshornum. Mikið verður um þjóðdansa og þjóðlagatónlist og fram koma þekktir flytjendur eins Balkanbandið sem kom fram með Björk, Tríó Leone Tinganelli, Delizie Italiane og Sigurður Hall og Sigurlaug M. Jónasdóttir munu dæma þann mat sem verður á boðstólum. Það mun því kenna ýmissa grasa á Þjóðahátíð og hvetur Kolfinna sem flesta til að koma við og gera sér glaðan dag.

„Því miður hefur innflytjendaumræðan hallast svolítið á neikvæðu hliðina upp á síðkastið og því er mikilvægt að halda hátíð sem þessa til að fólk geti komið og upplifað hvað það er í raun mikil gleði að búa í svona fjölbreyttum heimi og á svona fjölbreyttri eyju." *- hs*


Mikil gleði ríkir á Þjóðahátíð og verður að öllum líkindum stiginn dans.


Um fjörutíu lönd verða með kynningarbása á hátíðinni.



VERTU MEÐ...
VERTU DÚNDUR!
Góa
Lakkrís
dúndur
Góa
Stofnað 1968
hausverk / SÍA / 5971

www.godverk.is

## FIMMTUDAGUR ··· 31. MAÍ

**10** Söngurinn ómar um bæinn. Samsöngur 4. bekkinga á Thorsplani.
**14** Segðu mér söguna aftur. Brúðubíllinn fyrir utan Bókasafnið.
**17** Setningarhátíð Bjartra daga í Hafnarborg. Bæjarlistamaður Hafnarfjarðar útnefndur og hvatningarstyrkir veittir.
**17** Pétur Gautur, listmálari, opnar sýningu í Gallerí Thors.
**18** Opnun myndlistarsýninga í Gúttó. Bryndís og Edda Svavarsdætur sýna olíumálverk og Svanur Már Snorrason ljósmyndir.
**18** Ilmur. Opnun ljósmyndasýningar Steingerðar Jóhannsdóttur í anddyri Hafnarfjarðarleikhússins.
**18-22** Hafnarfjörður rokkar. Útitónleikar á Thorsplani. Æsir, Magni, Þrumukettir, Sign og Mínus. Óli Palli kynnir.
**20** Tónleikar: Amherst College Choir í Hásölum.

## FÖSTUDAGUR ··· 1. JÚNÍ · HAFNARFJARÐARBÆR 99 ÁRA

**17** Opnun sumarsýningar á Byggðasafni Hafnarfjarðar. Saga Egyptalands í máli, myndum og fágætum fornminjum.
**18** Opnun sýningar Brynju Árnadóttur á pennateikningum í Jaðarleikhúsinu, Miðvangi 41. Hjörleifur Valsson leikur.
**20** Ofurhetjan í Jaðarleikhúsinu, Miðvangi 41. Einleikur eftir Eyrúnu Ósk Jónsdóttur. ***Aðgangseyrir 600/500***
**20** Tónleikar í Hafnarborg: Íslenski saxófónkvartettinn flytur franska saxófónkvartetta.
**21** Tónleikar: Páll Óskar og Monika í Víðistaðakirkju. ***Aðgangseyrir 2000***

## LAUGARDAGUR ··· 2. JÚNÍ · ÞJÓÐAHÁTÍÐ

**12–18** Þjóðahátíð Alþjóðahússins í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Matur, músík og menning frá öllum heimshornum.
**15** Angan. Ólöf Björg Björnsdóttir sýnir verk með sérstakri angan á Súfistanum í tilefni af reyklausum kaffihúsum.
**16** Opnun vinnustofusýningar Aðalheiðar Skarphéðinsdóttur í Gallerí Múkka, Fornubúðum 8.
**17** Syngjandi Öldutúnsskóli. Tónleikar kórs Öldutúnsskóla og Kvennakórs Öldutúns í Hafnarborg. ***Aðgangseyrir 1000***
**17 GAMLA BÓKASAFNIÐ:** Bjartir dagar byrja. Listsýning ungs fólks, tónlist, grill og fleira.
**18** Tilboð á þjóðlegum mat á Fjörukránni í tilefni af Þjóðahátíð. Fjörið heldur áfram á Cantare.
**20** Cantare – söngvakeppni hinna mörgu tungumála í Hafnarfjarðarleikhúsinu í samstarfi við Alþjóðahúsið.
**20** Ofurhetjan í Jaðarleikhúsinu. **Sjá 1. júní.**
**21** Frumsýning á stuttverkadagskrá Leikfélags Hafnarfjarðar í Gamla Lækjarskóla. Sýnt alla daga til og með 7. júní. ***Aðgangseyrir 1500***

## SUNNUDAGUR ··· 3. JÚNÍ · SJÓMANNADAGUR

**08** Fánar dregnir að húni.
**10** Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur við Hrafnistu.
**10:45** Blómsveigur lagður að minnisvarða um horfna sjómenn.
**11** Sjómannamessa í Hafnarfjarðarkirkju.
**13** Skemmtisigling fyrir börn, farið verður frá Suðurhöfninni.
**13** Opið hús hjá Siglingaklúbbnum Þyti, Strandgötu 88.
**14** Hátíðardagskrá fyrir framan Fiskmarkaðinn. Lúðrasveit Hafnarfjarðar, ávörp og sjómenn heiðraðir, skemmtiatriði. Tilboð á sjávarréttum á A. Hansen, Fjörukránni og Tilverunni.
**16** Hátíðartónleikar í Hamarssal. Kór Flensborgarskólans heldur tónleika í tilefni af 125 ára afmæli skólans.
**20** Sumarbarrokk í Hafnarborg. Sumaróperan kynnir efnilegustu ungsöngvara landsins. ***Aðgangseyrir 2000/1500***
**21** Tónleikar: Bubbi í Bæjarbíó. ***Aðgangseyrir 2000***

## MÁNUDAGUR ··· 4. JÚNÍ

**20** Söngur í hjartanu ómar. Tónleikar Gaflarakórsins í Víðistaðakirkju.
**20** Lýðræði og list. Hverfafundur með bæjarstjóra í Hvaleyrarskóla fyrir íbúa á Holtinu og í Suðurbæ. Menningarviðburður með kaffinu.
**19:30-23 GAMLA BÓKASAFNIÐ:** Geimverukvöld með Magnúsi Skarphéðinssyni. Ilmandi kaffi og vöfflur.

## ÞRIÐJUDAGUR ··· 5. JÚNÍ

**20** „Enn er oft í koti kátt!" Lögin hans Friðriks. Kór Öldutúnsskóla, Kvennakór Öldutúns, Karlakórinn Þrestir og Kammerkór Hafnarfjarðar í Hafnarborg. ***Aðgangseyrir 1500/1000***
**20** Ofurhetjan í Jaðarleikhúsinu. **Sjá 1. júní.**
**20** Lýðræði og list. Hverfafundur með bæjarstjóra í Íþróttahúsinu Ásvöllum fyrir íbúa á Völlum og í Áslandi. Menningarviðburður með kaffinu.
**21** Tónleikar: Toggi og hljómsveit í Bæjarbíói. ***Aðgangseyrir 1500***
**19:30 GAMLA BÓKASAFNIÐ:** Rokkkvöld. Norska hljómsveitin Quiritatio. Vicky Pollard og Foreign Monkey hita upp.

## MIÐVIKUDAGUR ··· 6. JÚNÍ

**12** Fjaðrafok í Firðinum. Hádegistónleikar í Hafnarborg. Sönghópurinn Sópranos ásamt Antoníu Hevesí píanóleikara.
**20** Lýðræði og list. Hverfafundur með bæjarstjóra í Skátaheimilinu við Víðistaðatún fyrir íbúa Norður- og Vesturbæjar. Menningarviðburður með kaffinu.
**20** „Enn er oft í koti kátt!" Lögin hans Friðriks. **Sjá 5. júní.**
**21** Tónleikar: Stebbi og Eyvi í Bæjarbíó. ***Aðgangseyrir 2000***
**22-23** Kvartett fyrir endalok tímans. Ljós, friður og óendanleiki í Víðistaðakirkju. Camerarctica leikur eitt stórbrotnasta kammerverk allra tíma eftir Oliver Messiaen. ***Aðgangseyrir 1500/1000 (frítt fyrir nemendur)***

## FIMMTUDAGUR ··· 7. JÚNÍ

**12-18** Opið hús í Goðafræðamiðstöðinni, Straumi.
**14** Dagskrá eldri borgara í Hraunseli. Kórsöngur, suður amerískir dansar, upplestur og fjöldasöngur.
**18-22** Langur fimmtudagur í söfnum, galleríum og verslunum. Tískusýning og tónlist á Thorsplani (kl. 20). Listamenn bjóða heim. Uppákomur um allan bæ. **Sjá nánar á hafnarfjordur.is**
**20** Lýðræði og list. Hverfafundur með bæjarstjóra í Safnaðarheimilinu Strandbergi fyrir íbúa í Hraunum, miðbæ og Setbergi. Menningarviðburður með kaffinu.
**19-23 GAMLA BÓKASAFNIÐ:** Kakóbollinn. Trúbadorkvöld, heitt kakó og sænskir snúðar.

**Ath. Ókeypis inn á alla viðburði Bjartra daga nema annað sé tekið fram.**

BJARTIR DAGAR

*Láttu sjá þig!*

*www.hafna*

FÖSTUDAGUR ··· 8. JÚNÍ

**17-21** Víkingahátíð við Fjörukrána hefst. Bardagasýning, sagnaþulir, magadansmeyjar, víkingamarkaður og margt fleira. *Aðgangseyrir 600/400*

**20** Ofurhetjan í Jaðarleikhúsinu. **Sjá 1. júní.**

**21** Tónleikar: Jón Ólafsson í Hafnarborg. *Aðgangseyrir 1500*

**19-23 GAMLA BÓKASAFNIÐ:** Gítarherokeppni á risaskjá með miklum hávaða. Salsakvöld með mexikósku snakki.

**23** Víkingahátíð: Dansleikur í Fjörukránni.

LAUGARDAGUR ··· 9. JÚNÍ

**13-20** Víkingahátíð við Fjörukrána. Markaðurinn opinn, víkingabardagar, leikir fornmanna, víkingabrúðkaup og fleira. *Aðgangseyrir 600/400*

**16** Ganga og fræðsla á vegum Skógræktarfélagsins. Mæting við Selið, bækistöð Skógræktarfélagsins.

**20** Dansleikhús: Dark nights í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Ugly Duck Production sýnir þrjú dansverk: Emrace, Ein og Time.

**23** Víkingahátíð: Dansleikur í Fjörukránni.

SUNNUDAGURINN ··· 10. JÚNÍ

**13-20** Víkingahátíð við Fjörukrána. Markaðurinn opinn, víkingabardagar og víkingaskóli fyrir börn. *Aðgangseyrir 600/400*

**15** Ljónalandið í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Jaðarleikhúsið sýnir söngleik fyrir börn sem byggir á sögunni um Simba.

**17** Tónleikar í Fríkirkjunni: Vinsæl fiðlulög frá Mið-Evrópu ásamt spænskum dönsum. Martin Frewer, fiðla og Ingunn Hildur Hauksdóttir, píanó.

**20** Dansleikhús: Dark nights í Hafnarfjarðarleikhúsinu. **Sjá 9. júní.**

**20** Kvöldmessa í Víðistaðakirkju. Létt og skemmtileg tónlist.

**23** Víkingahátíð: Dansleikur í Fjörukránni.

**Ath. Ókeypis inn á alla viðburði Bjartra daga nema annað sé tekið fram.**

## ALLA BJARTA DAGA ...

**Leikskólalist.** Leikskólabörn skreyta miðbæinn. **Sjá nánar á hafnarfjordur.is**

**Ljóð í bænum.** Ljóðabækur 6. bekkinga um allan bæ. **Sjá nánar á hafnarfjordur.is**

**Hafið.** Gólflistaverk eftir 5.,6. og 7. bekkinga og sérdeild Engidalsskóla sýnt í anddyri Bókasafnsins.

**Mörk.** Sýning Magneu Ingvadóttur í gluggum verslana á Strandgötunni um tengslin milli kinda og hönnunar.

**Málverkasýning** Temmu Bell, Louisu Matthíasdóttur og Leland Bell í Hafnarborg. Innsetningin Innra landslag eftir Ruth Boerefijn í Kaffistofu. Sýningarnar standa til 24. júní.

**Kynnið ykkur opnunartíma myndlistarsýninga og nánar um einstaka dagskrárliði á hafnarfjordur.is**

# BJARTIR DAGAR

## 31. MAÍ – 10. JÚNÍ

# dagskrá

LISTA- OG MENNINGARHÁTÍÐ HAFNARFJARÐAR 2007

arfjordur.is Sími 585 5500

BJARTIR DAGAR

# Útilokar ekki endurkomu í skólann

**Framhaldsskólaárin eru oft sögð vera bestu árin í lífi sérhvers manns. Leikarinn Steinn Ármann Magnússon segist vel geta tekið undir þau orð enda hafi árin í Flensborg verið honum hálfgerð opinberun.**

Flensborgarskólinn var stofnaður árið 1877 sem barnaskóli, en breytt í alþýðu- og gagnfræðaskóla fimm árum síðar. Og við það ártal hefur aldur skólans oftast verið miðaður. Á þeim 125 árum sem skólinn hefur verið starfræktur hafa margir andans menn gengið um ganga skólans og litað sögu hans með sínu nefi. Einn þeirra er Steinn Ármann Magnússon, leikarinn góðkunni, sem hóf sína skólagöngu í Flensborg árið 1979 og þá í efsta bekk grunnskóla. „Við krakkarnir sem vorum ekki busar vorum mikil innspýting í félagslífið og mætt-um eiginlega á allar samkomur á vegum nemendafélagsins. Fundir Bridgefélagsins voru þar engin undantekning,“ útskýrir Steinn Ármann sem segist hugsa með miklum hlýhug til áranna í Flensborg. „Fyrir mér voru árin í skólanum eiginlega hálfgerð opinberun. Þarna losnaði maður úr viðjum bekkjarkerfisins og var kominn á fullt í bæði kvikmyndaklúbbinn og ræðuliðið,“ útskýrir Steinn.



Steinn Ármann minnist dvalarinnar með hlýhug og segist þar hafa kynnst mörgum áhrifavöldum sínum.

Og á Flensborgarárunum varð til félagsskapur sem síðar meir átti eftir að láta mikið til sín taka í tónlistarlífi landsmanna. Félagsskapur sem enn heldur hópinn; sjálfir Kátir piltar en meðlimir sveitarinnar voru allir nemendur skólans. „Já, við vorum þarna ég, Atli Geir Grétarsson, Davíð Þór Jónsson, Hallur Helgason og allir félagarnir,“ segir Steinn en sveitin tróð meðal annars upp á skólaböllum skólans. Reyndar má til gamans geta að fyrstu tónleikar sveitarinnar voru einmitt busaball Flensborgarskólans á Hótel Borg fyrir allmörgum árum.

Steinn segist muna eftir mörgum starfsmönnum skólans sem höfðu mikil áhrif á hann. Þar fóru fremstir í flokki Magnús Baldursson og Ingvar Viktorsson, fyrrum bæjarstjóri í Hafnafirði. „Þeir voru mikið með okkur krökkunum og voru alltaf á böllum eða í ferðalögunum,“ útskýrir Steinn sem nefnir einnig Helga Guðmundsson, hinn landskunna munnhörpuleikara og Auði Hauksdóttur, dönskukennara. „Hún gerði mig svona slarkfæran í dönsku,“ rifjar Steinn Ármann upp og minnist einnig Eggerts Lárussonar, efnafræðikennara, sem hafi notað tímana til að ræða pólitík og vettvang dagsins. „Og sagði okkur síðan hvað við áttum að læra fyrir próf,“ bætir Steinn við.

Leikarinn á sér þó leyndarmál frá dvölinni í Flensborg því hann á enn eftir að ljúka við sjálft stúdentsprófið. Segir í léttum dúr að það hafi kannski verið mistök að hafa valið sér náttúrufræðibraut enda hafi stærðfræðin orðið honum fjötur um fót. Steinn útilokar þó ekki endurkomu í skólann þótt síðar verði.

*- fgg*




Kátir piltar – félagsskapur sem varð til í Flensborg og lifir enn góðu lífi.


# VIÐ ERUM GÓÐIR Í HESTHÚSUM!

**Smíðum innréttingar jötur, hnakka og beyslis statíf og fleira í hesthús, allt úr ryðfríu stáli**

**Hönnum teiknum og sjáum um uppsetningar**







**Króm & Stál ehf**

**Hvaleyrarbraut 2, Hfj**
**S. 565 2546, 863 2548**




# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

**Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir...**
**...heldur líka um fólk**

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is


Þorbjörn Helgi Þórðarson
Sölumaður
thorbjorn@hraunhamar.is


Hlynur Halldórsson
Sölumaður
hlynur@hraunhamar.is


Hallfríður Jóhannsdóttir
Skjalavinnsla
hadda@hraunhamar.is


Sigursveinn Þ. Jónsson
Sölumaður
svenni@hraunhamar.is


Ágústa Hauksdóttir
löggiltur fasteignasali
agusta@hraunhamar.is


Hilmar Þór Bryde
Sölumaður
hilmar@hraunhamar.is


Helgi Jón Harðarson
Sölustjóri
helgi@hraunhamar.is


Freyja Sigurðardóttir
löggiltur fasteignasali
freyja@hraunhamar.is


Magnús Emilsson
löggiltur fasteignasali
magnus@hraunhamar.is




Frum

## GLITVELLIR - HF



Hraunhamar fasteignasala hefur fengið í sölu glæsilegt fjórbýli á Völlunum í Hafnarfirði. Húsið er staðsteypt einangrað og klætt að utan með báruformaðri álklæðningu. Eignin skilast fullbúin að utan sem innan, en án gólfefna. Vandaðar innréttingar frá Byko. Afhendingar tími jan/feb 2008. Nánari upplýsingar á skrifstofu Hraunhamars. Neðri hæð, 123 fm. 4ra herb Efri hæð, 194,5 fm. Þar af ris 72 fm. 6 herb. Risið verður skilað einangrað en óklætt. Miklir möguleikar á góðu rými. Á teikningu er hugmynd af baðherbergi, 2 svefnherbergi og sjónvarpsskála. **Verð frá 26 til 31 millj.**

## KLUKKUBERG - HF.



321 fm hús m/2 samþ. íbúðum. Aðalíbúðin sem er 241 fm, á 2 hæðum, 39,9 fm bílskúr og 201 fm íbúð.
**Einnig er 80 fm. íbúð m/sér inng á neðri hæð.**
**Verð 75 millj.**

## DAGGARVELLIR - HF. 4RA HERB.



Glæsileg vel skipulögð 120,2 fm íbúð 4ra herb á frábærum stað í Vallarhverfi í Hfj. Eignin er með sér inng og er smekklega innr m/vönduðum innr og gólfefnum. **Laus við kaupsamning. V. 28.4 millj.**

## FJÓLUVELLIR - HF



Til sölu einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr samtals 208 fm. Húsið afhendist fokhelt að innan en fullbúið að utan. Húsið er 170,5 fm bílskúr 37,2 fm samtals 207,7 fm. Laust við kaupsamning.
**Verð 30,9 millj.**

## SÆVANGUR - HF. GLÆSILEGT



Í einkasölu á þessum frábæra stað, glæsilegt einbýli m/tvöf. bílskúr og 100 fm auka íbúð á jarðhæð, samt. 340 fm. Eign í toppstandi utan sem innan. Einstök staðs. í Hrauninu.
**V. 67 millj.**

## BURKNAVELLIR - HF



Í einkasölu glæsileg fullbúin 134,8 fm 5 herb íbúð á 2 hæðum á frábærum stað í Vallarhverfi í Hfj. Tvennar svalir og frábært útsýni. Stæði í bílageymslu fylgir. Eign í sérflokki.
**V. 33,5. millj.**

## KIRKJUVELLIR 9 - HF. 2JA OG 3J



Aðeins 4 íbúðir á 1. hæð eftir í vönduðu lyftuhúsi. Íbúðirnar eru 2ja og 3ja herb. og eru frá 85,2fm. til 124,8fm. v. 20,1- 30,1 millj.
**Allar nánari upplýsingar veita sölumenn Hraunhamars.**

## FJARÐARGATA - HF. 4RA HERB



Í einkasölu sérlega falleg og vel skipulögð 127,7 fm íbúð á 4. hæð í fallegu lyftuhúsi á einum besta stað í miðbæ Hafnarfjarðar. Falleg eign sem vert er að skoða. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum Hraunhamars.
**V. 43,9 millj.**

## ÖLDUGATA - HF



Gott einbýli á 2 hæðum alls um 138,5 fm vel staðsett í hjarta Hfj. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á smekklegan hátt ásamt því að lóð hefur verið endurskipurlögð. Glæsil. garður m/sóplöllum og tilh.
**V. 32,9 millj.**

## DREKAVELLIR - HF.



Sérlega vandaðar 126 fm íbúðir með og án bílastæði í bílgeymslu. Vandaðar innréttingar frá Húsasmiðjunni. Íbúðir afhendast fullbúnar en án gólfefna.
**Verð frá 24,9 millj. Laust við kaupsamning.**

## NORÐURVANGUR - HF. EINBÝLI



Í einkasölu skemmtilegt einlyft einbýli m/innb. bílskúr, samtals ca 180 fm. Nýtt glæsilegt eldhús, parket o.fl. verönd m. potti. Frábær staðsetning, hraunlóð, sjávarútsýni. Eign í sérflokki.
**Upplýsingar á skrifstofu.**

## KLUKKUBERG - HF SÉRHÆÐ



Sérlega fallega sérhæð góðu tvíbýli í setbergslandi í Hafnarfirði. Íbúðin er skráð 126,3 fm auk bílskúrs á neðri hæð 36,3 fm, samtals 162,6 fm. Eignin er mikið endurnýjuð á smekklegan hátt.
**V. 39,8 millj.**

## KIRKJUVELLIR - HF.



Sérlega vönduð 4ra herb íbúð 116 fm með stæði í bílgeymslu. Vandaðar innréttingar. Rúmgóð herbergi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Laus strax.
**V. 24,8 millj**

## DAGGARVELLIR - HF. GLÆSIL.



Í einkasölu sérl. glæsil. 113 fm 3ja - 4ra herb. íbúð á neðri hæð í vönduðu fjölbýli. Eignin er í algjörum sérflokki. Vandaðar innr. og gólfefni, stór verönd í garði.
**Allt fyrsta flokks. V. 26,9 millj.** No 100959-1

## KLUKKUBERG - HF.



Í einkasölu fallega 104,2 fm íbúð ásamt 27 fm bílskúr samtals um 131,2 fm vel staðsett á frábærum útsýnisstað í Setbergshverfi í Hfj. Góð sér geymsla ásamt bílskúr. Sérinng. Frábært útsýni.
**V. 26,9. millj.**

## ESKIVELLIR - HF.



4ra herb. íbúðir í þessu vinsæla lyftuhúsi. 96,4 fm. á 3ju hæð, v. 21,2 millj. og 101,2 fm. á 5. hæð, v. 23,2 millj. Sérlega vandaðar innréttingar frá Byko. Íbúðir afhendast fullbúnar en án gólfefna. Laust við kaupsamning.
**Nánari upplýsingar hjá Sölumönnum Hraunhamars.**

## KRÍUÁS - HF. GLÆSILEG



Nýkomin í einkasölu sérlega falleg vel innréttuð 110 fm enda íbúð á efstu hæð í vönduðu litlu fjölbýli. Sér inng, parket á gólfum, vandaðar innr. Glæsilegt útsýni. **V. 24,8 milllj.**
No 33162-2

## HVERFISGATA - HF.



Nýkomið í einkasölu við Lækinn, sérlega fallegt þrílyft einbýlishús, samtals ca 150 fm. Húsið hefur verið endurnýjað umtalsvert á s.l. 15 árum. Frábær staðsetning. Myndir á mbl.is. **V 37,5 millj.**

# Hver syngur með sínu nefi



Magadansinn verður á sínum stað í ár en þessi fjölþjóðlegi dans hefur notið mikilla vinsælda hérlendis. MYND: HANS GUÐMUNDSSON

**Cantare er fjölþjóðleg söngvakeppni. Allir mega taka þátt og allir mega syngja á sínu móðurmáli. Keppnin verður í Hafnarfjarðarleikhúsinu 2. júní kl. 20.**

Alþjóðahúsið og Hafnarfjarðarbær standa fyrir allsérstakri söngvakeppni á Björtum dögum. Þetta er söngkeppnin Cantare – söngkeppni hinna mörgu tungumála. Þar syngur hver með sínu nefi og það sem meira er, á sínu tungumáli. „Við höfum haldið keppnina í nokkur ár og hingað til hefur mátt syngja á öllum tungumálum nema móðurmálinu og ensku,“ segir Helga Ólafsdóttir ,umsjónarmaður keppninnar. „Nú höfum við breytt þessu og nú má syngja á öllum tungumálum nema ensku.“

Ætla má að ófá tungumál hljómi í keppninni enda fólk af ýmsum þjóðarbrotum sem býr hér á Íslandi. „Við búumst við um fimmtán keppendum en það er sá fjöldi sem hefur verið síðustu ár,“ segir Helga. „Við viljum hvetja sem flesta til að taka þátt í henni og það eru allir velkomnir. Auðvelt er að skrá sig en hægt er að senda mér póst á helga@ahus.is með nafni, síma og heiti lags.“

Leyfilegt er að hafa með sér undirleikara eða koma með tónlist af diski. „Svo er dómnefnd sem velur sigurvegara og glæsileg verðlaun eru í boði í ýmsum flokkum. Veitt eru verðlaun fyrir til dæmis sviðsframkomu, klæðnað og undirtektir áhorfenda,“ segir Helga.

Dómnefndin er ekki skipuð neinum aukvisum en Magga Stína og Páll Óskar mæta á svæðið ásamt kunnum tónlistarmanni úr Hafnarfirðinum og sjá um dómgæsluna. „Auk keppninnar sjálfrar verða svo skemmtiatriði, við sjáum magadans og fleira, þannig að það verður mikil stemning,“ segir Helga.

Cantare fer fram 2. júní kl. 20 í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

*tryggvi@frettabladid.is*



Linzi Teoshog sigraði í fyrra. MYND: HANS GUÐMUNDSSON


# Njóttu náttúrunnar



Sólarsellur

Vindrafalar

Hjá Rótor færðu úrval náttúruvænna orkugjafa sem henta fyrir mismunandi aðstæður og vert er að skoða.

Rótor býður auk þess úrval fylgihluta sem létta lífið á ferðalaginu og viðgerðir og þjónustu við hús- og ferðabíla á einu besta bílarafmagns- og þjónustuverkstæði landsins.

Húsbílaþjónusta og fylgihlutir í ferðalagið



Viðgerðir | Kæliskápar | Reiðhjólagrindur | Ferðasalerni | Fortjöld

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is.

rotor

VERSLUN / VERKSTÆÐI Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður Sími 555 4900


# Kvartett fyrir endalok tímans

**Tónleikahald verður líflegt á Björtum dögum. Meðal þeirra listamanna sem koma fram eru kammerhópurinn Camerarctica sem flytur kvartett sem saminn var í fangabúðum Þjóðverja í seinni heimstyrjöldinni.**



Hildigunnur Halldórsdóttir segir verkið eftir Messiaen mjög sérstakt og grípa þá sterkt sem á hlýði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kvartett fyrir endalok tímans, eftir Oliver Messiaen, verður fluttur af Kammerhópnum Camerarctica 6. júní í Víðistaðakirkju klukkan 22.00.

„Kvartettinn var skrifaður við mjög sérstakar aðstæður en hann var saminn í seinni heimsstyrjöldinni árið 1940 í fangabúðunum í Görliz þar sem Oliver Messiaen var fangi Þjóðverja,“ segir Hildigunnur Halldórsdóttir, fiðluleikari og einn meðlima Cameractica, um uppruna verksins. „Af þeim stríðsföngum sem voru með Messiaen í fangabúðunum voru fiðluleikari, klarinettuleikari og sellóleikari en sjálfur var hann orgel- og píanóleikari. Messiaen samdi verk fyrir þessa hljóðfæraskipan og var það frumflutt í fangabúðunum 15. janúar 1941 fyrir fanga og fangaverði. Andstæðurnar um tímann og eilífðina urðu tónskáldinu hugleiknar í fangabúðunum þar sem tíminn hætti nánast að vera til og fjallar verkið um ljósið, frið og óendanleikann. Hann var bæði að fjalla um tímann eins og við skiljum hann og líka tímann í tónlistinni til dæmis í sambandi við ryþma. Hann langaði til að brjóta upp þetta hefðbundna form og teygja úr tímanum og er mjög sérstakt að spila verkið því maður fer inn í hálfgerða leiðslu og missir eiginlega tímaskynið. Maður dettur inn í kafla og áður en maður veit af eru 20 mínútur liðnar,” segir Hildigunnur. Hún segir verkið mjög sérstakt og grípi bæði hljóðfæraleikara og áheyrendur sem upplifa verkið mjög sterkt. Camerarctica hefur starfað frá árinu 1992 en þá komu hljóðfæraleikararnir heim frá námi við tónlistarháskóla erlendis. Þeir starfa nú flestir við Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess að koma fram sem einleikarar og kenna hljóðfæraleik.

Þeir hljóðfæraleikarar Camerarctica sem flytja verkið eru Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Ármann Helgason klarinettuleikari, Sigurður Halldórsson sellóleikari og Örn Magnússon sem leikur á píanó

*- hs*

# Myndlist við höfnina

**Múkki art gallery er vinnustofa og sýningarrými Aðalheiðar Skarphéðinsdóttur. Galleríið stendur við höfnina og er gamalt fiskvinnsluhúsnæði.**

Múkki art gallery var upphaflega fiskvinnsluhúsnæði við Flensborgarhöfnina í Hafnarfirði. Aðalheiður Skarphéðinsdóttir gerði húsnæðið upp ásamt manni sínum Lárusi Jóni Guðmundssyni. „Þetta er frábær staður. Ég horfi af vinnustofunni yfir Hafnarfjörð og höfnina. Nágrannar mínir eru smábátaeigendur og sé ég þá verka afla sinn,“ segir Aðalheiður. Á laugardag mun Aðalheiður opna vinnustofusýningu á nýjum verkum. Hún mun ekki láta sitt eftir liggja á Björtum dögum í Hafnarfirðinum og verður með opið frameftir á löngum fimmtudegi hinn 7. júní.

Aðalheiður er útskrifuð frá MHÍ og Konstfack í Stokkhólmi þar sem hún nam textílhönnun. Hún hefur tekið þátt í samsýningum um allan heim og haldið ellefu einkasýningar.



**Múkki art gallery stendur við höfnina í Hafnarfirði í gömlu fiskvinnsluhúsi.**



## ●BRÚÐULEIKHÚS Á BJÖRTUM DÖGUM

Brúðubíllinn er löngu búinn að sanna sig sem eitt vinsælasta leikhús landsins hjá yngstu kynslóðinni. Hin síunga Helga Steffensen heldur um stjórnvölinn og þegar hún mætir í Brúðubílnum er von á góðu.

Bókasafnið býður íbúum Hafnarfjarðar, gestum og gangandi að sjá Brúðubílinn fimmtudaginn 31. maí kl 14.00 á plani bóksafnsins. Á leikskránni er Segðu mér söguna aftur og þar verða Lilli og Blárefurinn án efa í essinu sínu.



**Blóm og kaffi passa saman.**

## Netkaffi í sumar

Netkaffi verður opnað í sumar í Blómum og kaffi að Reykjavíkurvegi 60 í Hafnarfirði. Stefnan er sett á að opna það á þjóðhátíðardaginn 17. júní, að sögn afgreiðslukonu þar. Ekki verður annað sagt en vel fari á því. Hátíð er til heilla best.






**● HALLÓ HAFNARFJÖRÐUR**

Íbúar Hafnarfjarðar af erlendum uppruna geta hlustað á sérstaka útvarpsstöð – Halló Hafnarfjörður FM 97,2 – alla daga nema þriðjudaga frá kl. 18.00-18.30. Þættirnir verða endurteknir á sunnudögum milli 11.00 og 13.00. Útsendingar verða á pólsku á mánudögum, á rússnesku á miðvikudögum, á taílensku á fimmtudögum og á ensku á föstudögum.

Útsendingar ná til Hafnarfjarðarsvæðisins auk þess sem hægt verður að hlusta á útvarpið í gegnum vefveitu Hafnarfjarðar. Útvarpið er samstarfsverkefni Hafnarfjarðarbæjar, Alþjóðahúss og Flensborgarskóla. www.

# Mikill heiður að vera bæjarlistamaður

Við setningu Bjartra daga verður einnig útnefndur bæjarlistamaður Hafnarfjarðar 2007. Elín Ósk Óskarsdóttir söngkona hlaut útnefninguna á síðasta ári og verður arftaki hennar tilkynntur 1. júní.

„Mér finnst það alveg ljómandi góð stefna hjá Hafnarfjarðarbæ að velja bæjarlistamann,“ segir Elín Ósk og bætir því við að það hafi alltaf mikið að segja fyrir bæjarlistamann að hljóta þann heiður. „Það gerði heilmikið fyrir mig því bæði eru í þessu peningar og heiðurinn að vera kallaður bæjarlistamaður. Það þýðir greinilega að fólk kann að meta það sem maður hefur upp á að bjóða í sinni list. Út á það gengur þetta allt saman, að fólki líki það sem maður gerir, hvort sem það er sem óperusöngkona eða kórstjóri eins og í mínu tilviki.“

Spurð hvort Hafnfirðingar eigi mikið af listamönnum sem líklegir séu til að taka við titlinum, segir Elín: „Hafnfirðingar eiga gríðarlega mikið af góðu listafólki og hæfileikaríku fólki þannig að ég get engan veginn sagt til um það hver tekur við titlinum í ár. Það er úr svo mörgum að velja.“

Elín segir árið sem bæjarlistamaður hafa verið rosalega gott. „Ég hef ekki slegið slöku við og nánast bara ekkert stoppað í verkefnum. Ég er bæði búin að stjórna Óperukór Hafnarfjarðar og verið í óperuuppfærslu í Íslensku óperunni auk þess sem ég hef sjálf verið á fleygiferð á tónleikum og uppákomum bæði hér heima og erlendis þannig að ég held að það sé varla hægt að gera fleira en ég er að gera núna,“ segir Elín en það er einnig heilmikið fram undan hjá söngkonunni. „Það er allt mögulegt að gerast. Mér eru að bjóðast hlutir erlendis sem ég er að skoða núna og það kemur í ljós hversu langt ég vil fara í því en hingað til hef ég kosið að starfa sem mest hér heima og haft mikið meira en nóg að gera,“ segir bæjarlistamaður Hafnarfjarðar. *-sig*



**Elín Ósk Óskarsdóttir söngkona hefur verið bæjarlistamaður Hafnarfjarðar síðasta árið en arftaki hennar verður tilkynntur við opnun Bjartra daga 1. júní.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




**Gæði glersins skipta öllu máli**

Með notkun **Suncool™ HP** gæðaglers frá Glerborg er auðvelt að halda kjörhita innandyra og hitaútstreymið er lítið.

argus - 06-0185

GLERBORG

Dalshrauni 5 | 220 Hafnarfirði | Sími 555 3333 | www.glerborg.is



Sigguhús í Hafnarfirði.

# Hafnarfjörður í 99 ár

Hafnarfjörður heldur upp á 99 ára afmæli föstudaginn 1. júní, daginn eftir setningu Bjartra daga.
Hér eru nokkrar skemmtilegar staðreyndir um Hafnarfjörð:
Bæjarbúar í maí 2007 voru 24.231, álfar og huldufólk ekki talið með.
Hafnarfjarðar er fyrst getið svo heitið geti í heimildum um 1400 en þó er staðarins getið í Landnámabók.
Fyrsta lútherska kirkjan á Íslandi var reist þar sem hét Háigrandi, gegnt Óseyri, rétt við smábátahöfnina. Kirkjan mun hafa verið reist árið 1533.
Sérstaklega góð hafnarskilyrði gerðu Hafnarfjörð snemma að einni helstu verslunarhöfn landsins og hér var aðalhöfn þýskra kaupmanna á 16. öld og á fyrri hluta einokunartímabilsins á 17. öld.
Fyrsti vegurinn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur var lagður 1898 (verklok).
Sími var lagður til Hafnarfjarðar að tilhlutan Telefónfélags Reykjavíkur og Hafnarfjarðar árið 1890 og tekinn í notkun 15. október það ár.
Jóhannes Reykdal setti upp vatnsaflsrafstöð 12.desember árið 1904 og bauð almenningi rafmagn til afnota. Það var fyrsta almenningsrafveitan á Íslandi.
Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi 1. júní, 1908. Þá bjuggu 1.469 manns í bænum.
Fyrsti bíllinn kom til Hafnarfjarðar 1913. Það voru Bookless-bræður sem áttu bílinn, sem var sportbíll af gerðinni Austin Martin.
Áætlunarferðir milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur með bifreiðum hófust 1914.
Ráðhúsið í Hafnarfirði, Strandgötu 6, var hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Ekki hafði fyrr verið byggt sérstakt ráðhús fyrir starfsemi bæjarskrifstofa, en byggingu ráðhússins hér lauk árið 1944.

*www.hafnarfjordur.is*


Vinningslið



Sölúdeild TVG samanstendur af fólki sem býr yfir margra ára reynslu í flutningsmálum. Hún býður lausnir í flug- eða sjósendingum hvaðanæva að úr heiminum og passar upp á að finna alltaf öruggustu og hagkvæmustu leiðina með aðstoð samstarfsaðila erlendis. Söludeildin fagnar nýjum sigrum á hverjum degi og eins og ávallt hjá vinningsliðum ríkir þar mikil gleði sem skilar sér til ánægðra viðskiptavina.

Hafðu samband við rétta fólkið! Við finnum lausnina, hvort sem hún snýr að flugfrakt, sjófrakt, tollafgreiðslu eða útflutningi!

TVG-Zimsen • Korngörðum 2 • 104 Reykjavík • Sími 5 600 700 • www.tvg.is

TVG-ZIMSEN SÍÐAN 1894



Úrval útskriftargjafa

Tilboð á pennasettum og ferðatöskum

Sumartilboð 20-70% afsláttur af skólatöskum og pennaveskjum dagana 30. maí - 6. júní

Bókabúð Böðvars hf
Reykjavíkurvegi 66 - Sími 565 1630



Á hátíðina kemur fjölmargt fólk sem fylgir ströngum reglum um klæðaburð og framkomu að víkingasið.



Jóhannes segir að andinn á hátíðinni sé ávallt góður og víkingar hið viðkunnanlegasta fólk.



Jóhannes Bjarnason stendur fyrir víkingahátíð í Hafnarfirði.

# Víkingar allra landa sameinast í Firðinum

**Víkingahátíðin í Hafnarfirði verður haldin hátíðleg í ellefta sinn nú í sumar. Hátíðin hefur farið vaxandi ár frá ári og er orðin ein af vinsælli uppákomum sumarsins á höfuðborgarsvæðinu.**

„Það verða stanslausar uppákomur frá því markaðurinn verður opnaður á laugardeginum og allan tímann sem hátíðin stendur yfir,“ segir Jóhannes Bjarnason, fjörugoði á Fjörukránni í Hafnarfirði, sem stendur fyrir hinni árlegu víkingahátíð í Hafnarfirði. „Hér verða handverksmenn að búa til handverk og selja það, sögumenn að segja sögur, söngvarar sem syngja víkingasöngva, bardagar, bogakeppni og margt margt fleira. Þetta verður sannkölluð fjölskylduhátíð á daginn og nóg fyrir fullorðna fólkið á kvöldin.“

Nú þegar hafa um 100 erlendir víkingar boðað komu sína og Jóhannes segir að þeir íslensku sem mæti á hátíðina séu álíka margir. Þetta er fólk sem leggur mikinn metnað í allt sem að þessu snýr og handsaumar föt sín og skó. Það notar líka eingöngu efni sem voru til á þessum tíma, sem það býr jafnvel til sjálft. „Það gilda strangar reglur um klæðaburð víkinga og vopnin sem þeir bera,“ segir Jóhannes. „Allt skal vera eftirlíkingar af einhverju sem hefur fundist frá þessum tíma. Fólk má ekki bara skálda eitthvað upp.“

Fjöldi fólks fer á margar svona hátíðir á ári. „Sumir þeirra sem koma hingað hafa það sem lifibrauð að ferðast á milli svona hátíða og selja muni sem þeir búa til. Þetta er fólk sem lifir og hrærist í þessum tíma.“

Nokkur pör hafa verið gift á hátíðinni síðustu ár og engin breyting verður á því núna. „Það er nú þegar búið að ákveða tvær giftingar. Það verða danskir og pólskir goðar á staðnum sem hafa leyfi til að gifta fólk og allsherjargoðinn íslenski verður á staðnum. Dóttir mín var líka skírð á síðustu hátíð og fólk talaði um að það hefði aldrei séð svona fallega athöfn.“

Víkingahátíðir með þessu sniði hafa verið haldnar víða um norðanverða Evrópu síðustu fjörutíu árin. „Vinur minn búsettur í Danmörku hafði samband við mig eftir að hafa farið á víkingahátíð þar og stakk upp á að ég stæði fyrir svona hátíð hér. Ég sló til fyrir ellefu árum og hef ekki enn séð eftir því.“ Jóhannes segir að það sé bráðnauðsynlegt fyrir fólk að muna eftir upprunanum og fátt sé þjóðlegra og betur til þess fallið en víkingar.

Hátíðin hefst laugardaginn 9. júní og lýkur á þjóðhátíðardegi Íslendinga. Á miðviku- og fimmtudag í vikunni þar á milli mun hópurinn færa sig til Sauðárkróks og standa fyrir miklu húllumhæi þar í bæ.

Jóhannes segir að andinn á hátíðinni sé ávallt mjög góður og víkingar séu hið viðkunnanlegasta fólk. „Þeir líta kannski illa út margir hverjir en ég hef enn engan víking hitt sem hefur vondan mann að bera innan klæða.“



Handverksmenn munu búa til muni og selja.




Tilboð fyrir ferðalanga á gistingu.

Frí innigeymsla fyrir bílinn á meðan ferðast er.

ICELANDAIRHOTELS
FLUGHÓTEL
FLUGHÓTEL KEFLAVÍK

Nýtt!

# FRAMTAK BLOSSI ehf

Nýtt!

Drangahrauni 1 – 220 Hafnarfjörður
Sími 535 5822 – Fax 535 5821
Netfang: bjorn@framtak.is
Heimasíða: http://www.framtak.is

## Bifreiðaeigendur athugið!

## Nýtt bílaverkstæði í Hafnarfirði

# Allt á sama stað






**Bilanagreining og viðgerðaþjónusta á flestum gerðum bifreiða**

•

**Túrbínuviðgerðir – Allar stærðir og gerðir**

•




**Tölvustýrðir stillibekkir**

•

**Túrbínur**

•

**Olíuverk**

•

**Spíssar**




Viðgerðarþjónusta fyrir:

SKODA AUTO · MITSUBISHI MOTORS · VW


Alternatorar


Startarar


Túrbínur


Spíssar, glóðarkerti og annar búnaður fyrir eldsneytiskerfi díeselvéla




# Paratabs®

*– Öflugur verkjabani!*

**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum inflúensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljóvgandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrarbólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05

actavis

*hagur í heilsu*

Skagafjörður

## Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Skagafjörður

**Tillaga að deiliskipulagi Ártorgs á Sauðárkróki**

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi Ártorgs á Sauðárkróki, í samræmi við 25.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Í gildi er deiliskipulag Ártorgs frá 1991, en miklar breytingar hafa orðið á því gegnum tíðina og enn frekari breytingar fyrirsjáanlegar. Því er deiliskipulagið endurskoðað í heild sinni og við gildistöku þessa deiliskipulags fellur hið eldra úr gildi.

Skipulagssvæðið liggur í suðurjaðri Sauðárkróks, afmarkast af Hegrabraut og íbúðarsvæði að norðan, Víðimýri og athafnasvæði að austan, Sauðá og fyrirhugaðri Tjarnarbraut að sunnan og brekkurótum Sauðár-hæðar og lóð Verknámshúss Fjölbrautaskólans að vestan.

Tillagan verður til sýnis í Ráðhúsi Skagafjarðar að Skagfirðingabraut 21, frá 29.maí-26.júní 2007.
Einnig verður tillagan til sýnis á vefsíðu sveitarfélagsins: http://www.skagafjordur.is Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum er til og með þriðjudagsins 10.júlí 2007.
Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags- og byggingarnefndar í Ráðhús Skagafjarðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Jón Örn Berndsen
skipulags- og byggingarfulltrúi Skagafjarðar.

## ÚTBOÐ

## HAMPIÐJAN



**Hampiðjan hf óskar eftir tilboðum í byggingu höfuðstöðva fyrirtækisins að Skarfagörðum 4, Reykjavík.**

Byggingin er að hluta til einnar hæðar stálgrindarhús og að hluta til þriggja hæða steinsteypt skrifstofubygging.
Stærð byggingarinnar er alls 6073 $m^2$. Verkið felst í jarðvinnu, byggingu undirstaða, reisingu stálgrindar, uppsteypu skrifstofubyggingar, klæðningar veggja, gluggakerfis og þaks.
Leggja skal þrifalagnir, hita- og raflagnir ásamt loftræstingu.
Skrifstofubyggingu skal skila tilbúinni undir tréverk að innan en fullbúinni að utan. Stálgrindarbyggingu skal fulllokið að utan og innan samkvæmt verklýsingu.
Skila skal lóð frágenginni með slitlagi og hitalögnum.
Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 1. janúar 2008 með þeirri undantekningu að frágangi lagna í skrifstofubyggingu skal lokið fyrir 28.02.2008.

**Helstu magntölur eru:**

| | | |
|---|---|---|
| • Gröftur | 8.500 | $m^3$ |
| • Fylling | 12.000 | $m^3$ |
| • Steinsteypa | 2.400 | $m^3$ |
| • Stálrammar og bitar | 370 | tonn |
| • Þakklæðning, stáltrapiza | 3.400 | $m^2$ |
| • Þakklæðning, dúkur | 1.260 | $m^2$ |
| • Stálsamlokueiningar | 3.065 | $m^2$ |
| • Báruð/slétt álklæðning | 4.000 | $m^2$ |
| • Gluggakerfi | 460 | $m^2$ |
| • Gluggar og hurðir | 50 | stk |

**Útboðsgögn verða birt á vefsvæði Verkfræðistofunnar Hnits hf, miðvikudaginn 30. maí kl 11.00. Þeir sem óska eftir aðgangi sendi tölvupóst á netfangið bogi@hnit.is.**

**Tilboð verða opnuð 21. júni 2007, kl 11:00.**

HNIT VERKFRÆÐISTOFA ARKÍS

## PÍPARAR

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu

**Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf**

## SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

## MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

**Flúðaskóli auglýsir eftir kennurum til starfa**

Kennara vantar í íslensku á unglingastigi og umsjónarkennara í 1. bekk.

Flúðaskóli er einsetinn dreifbýlisskóli með rúmlega 190 nemendur frá 1. - 10. bekk, með jákvætt og metnaðarfullt skólastarf.

Skólinn er staðsettur í frábæru umhverfi í nánum tengslum við náttúruna og samfélagið.

Helstu áhersluþættir eru Fjölgreindarkenning Gardners, Lesið í skóginn með skólum og Uppeldi til ábyrgðar.

Umsóknarfrestur er til 6. júní 2007

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 4806611 / 8471359, netfang gudrunp@fludaskoli.is eða Ragnhildur Birgisdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 4806612 / 8636416, netfang ragnhildur@fludaskoli.is

Flúðaskóli
virðing vitneskja

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Framhalds-aðalfundur

**Barnaheilla - Save the Children á Íslandi**

**verður haldinn þriðjudaginn 5. júní**

**kl. 17:00 - 19:00 í Kornhlöðunni, Bankastræti 2.**

**Dagskrá:**

1. Kosning stjórnar og nefnda
2. Lagabreytingar
3. Önnur mál

Fundarstjóri: Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna

Félagsmenn samtakanna eru hvattir til að mæta

**Stjórn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi**

ICELANDIC BUS COMPANY
SBA-NORÐURLEIÐ
SKÓGARHLÍÐ 10 • 105 REYKJAVÍK
Sími 5 500 770 • Fax 5 500 771
sba@sba.is • www.sba.is

**SKRIFSTOFUSTARF - SUMARSTARF**

SBA-Norðurleið hf. óskar eftir að ráða starfskraft á skrifstofu fyrirtækisins að Skógarhlíð 10, Reykjavík. Leitað er eftir skipulögðum einstaklingi með undirstöðuþekkinginu á Ms Excel. Starfið er sumarstarf og hentar báðum kynjum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.
Vinsamlegast sendið umsókn með mynd á skrifstofu fyrirtækisins eða á netfangið sba@sba.is eða fyllið út atvinnuumsókn á vefnum:

**www.sba.is**

**www.netto.is**

## Skrifstofustarf

Nettó Mjódd leitar að aðstoðarmanni á skrifstofu.
Vinnutími frá kl.8.30-16.30

***Frekari upplýsingar veitir verslunarstjóri á staðnum.***

netto
Mjódd Reykjavík

Akraneskaupstaður

*Lausar stöður hjá Akraneskaupstað*

**Stöður við Brekkubæjarskóla, Akranesi**

Eftirtaldar stöður eru lausar til umsóknar:
- Umsjónarkennsla á yngsta og miðstigi
- Umsjónarkennsla á unglingastigi, kennslugreinar: stærðfræði, enska og samfélagsfræði.
- Sérkennsla
- Námsráðgjafastaða ½ staða
- Tónmenntakennsla

Nánari upplýsingar veitir:
Skólastjóri Arnbjörg Stefánsdóttir, netfang: arnbjorg@brak.is. Sími skólans: 433 1300

*Brekkubæjarskóli er heildstæður grunnskóli með u.þ.b. 430 nemendur í 1. -10. bekk.*
*Skólastefna Brekkubæjarskóla er skýr framtíðarsýn í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að vellíðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna. Það eru forsendur fyrir góðum árangri í námi og starfi.*

Verið velkomin til að kynna ykkur aðstæður í skólanum, slóðin á heimasíðu skólans er www.brak.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní n.k. Umsóknir berist til Brekkubæjarskóla, Vesturgötu 120, 300 Akranesi.

**Sviðsstjóri fræðslu-, tómstunda- og íþróttasviðs**

**Staða yfirfélagsráðgjafa við fjölskyldusvið Akraneskaupstaðar**

Laus er til umsóknar staða félagsráðgjafa á fjölskyldusviði
Akraneskaupstaðar. Um 50% starf er að ræða. Starfið felst m.a.
í fjárhagsaðstoð, barnavernd og almennri félagslegri ráðgjöf.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Stéttarfélags íslenskra
félagsráðgjafa við Launanefnd sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní n.k. og skal umsóknum skilað á bæjarskrifstofur Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18, 300 Akranesi.

Nánari upplýsingar veita Sveinborg L. Kristjánsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, í síma 433 1000 eða í tölvupósti sveinborg@akranes.is og Ingibjörg Gunnarsdóttir yfirfélagsráðgjafi í síma
433 1000 eða í tölvupósti ingibjorgg@akranes.is

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

Developed with

Shell

# V-Power

## Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti
sem þróað er í samstarfi við Ferrari.



Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

**Made to move**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sveinbjörn Sveinsson**
fyrrverandi framkvæmdastjóri Fannborg, Kópavogi,

lést á Landspítalanum laugardaginn 26. maí 2007. Útför fer fram í Bústaðakirkju mánudaginn 4. júní klukkan 13.00.

**Birna Bjarnadóttir**
**Jófríður Sveinbjörnsdóttir, Bjarni, Hafsteinn.**
**Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir, Geir, Sveinbjörn, Snævar Geir, Inga Stefanía.**
**Stefán Þór Sveinbjörnsson, Hjörtfríður Guðlaugsdóttir, Birna Rós, Guðlaugur Orri, Bjarni Þór.**

---



*Hjartans þakkir sendum við öllum fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 11E á Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut fyrir yndislega umönnun vegna andláts okkar ástkæra*

**Ásgeirs Magnússonar**
Gvendargeisla 21,

sem lést á sjúkrahúsinu 11. maí síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Rakel Ólafsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Bertha A. Palm** | **Hakon Palm** |
| **Magnús Ásgeirsson** | **Ann Ásgeirsson** |
| **Ólafur H. Ásgeirsson** | **Ásta Rós Magnúsdóttir** |
| **Ásgeir Ásgeirsson** | **Linda Ásgeirsson** |

**Barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanhvít Ólafsdóttir**
frá Suðureyri við Súgandafjörð,

sem andaðist 25. maí á heimili sínu, Hjúkrunarheimilinu Sóltúni Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðarkirkju 12. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag vangefinna.

| | |
|---|---|
| **Gunnar Pálsson** | **Hafdís Pálmadóttir** |
| **Friðbert Pálsson** | **Fanney Gísladóttir** |
| **Leó Pálsson** | **Ingunn Þorleifsdóttir** |

**Barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðný Jóhannsdóttir**
hússtjórnarkennari, Hraunbrún 21 Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 1. júní kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á söfnun til handa Ástu Lovísu Vilhjálmsdóttur, reikningur: 0525-14-102510 Kennitala: 090876-5469.

**Berent Sveinbjörnsson**

| | |
|---|---|
| **Sveinbjörn Berentsson** | **Auður Björgvinsdóttir** |
| **Jóhanna Berentsdóttir** | **Dagur Jónsson** |

**Hólmfríður Berentsdóttir**
**Jóhann Berentsson**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Stefánsson**
rafvirki, Funalind 1, Kópavogi,

sem andaðist fimmtudaginn 24. maí, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 31. maí kl. 15.00. Jarðsett verður í Hafnarfjarðarkirkjugarði.

**Dýrleif Kristjánsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Reynir Sigurðsson** | **Sigríður B. Pálsdóttir** |
| **Jóhann Sigurðsson** | **Helga Guðsteinsdóttir** |
| **Egill Jón Sigurðsson** | **Arndís Lilja Albertsdóttir** |
| **Kolbrún Sigurðardóttir** | **Bernhard Svendsen** |
| **Þóra Sigurðardóttir** | **Axel Ström** |
| **Elva Björk Sigurðardóttir** | **Sæmundur Eiðsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðbrandur Skúlason**
frá Patreksfirði, Engihjalla 9, Kópavogi,

sem andaðist á Borgarspítalanum laugardaginn 26. maí, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 1. júní kl. 11.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Elsa Herborg Þórarinsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Bragi Guðbrandsson** | **Árdís Ólafsdóttir** |
| **Guðmundur Þór Guðbrandsson** | **Herdís Ólöf Friðriksdóttir** |
| **Kristján Helgi Guðbrandsson** | **Marta Gunnlaug** |

**Guðjónsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórunn Kristjánsdóttir**
til heimilis að Hlíðarhjalla 6, Kópavogi,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi sunnudaginn 27. maí sl. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Kristján Hilmarsson** | **Sesselja M. Matthíasdóttir** |
| **Guðjón Hilmarsson** | **Hafdís Svavarsdóttir** |
| **Birgir Hilmarsson** | **Erla Ólafsdóttir** |
| **Guðrún Hilmarsdóttir** | **Hans G. Alfreðsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Sigurðsson**
Hjallalandi 18, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu fimmtudaginn 24. maí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 1. júní kl. 11.00.

**Halldóra Jóhannsdóttir**
**og fjölskylda.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Ingólfur Árnason**
frá Krossgerði,

lést á Hrafnistu í Reykjavík fimmtudaginn 24. maí. Kveðjuathöfn verður í Fossvogskapellu fimmtudaginn 31. maí kl. 13.00. Útförin fer fram frá Heydalakirkju í Breiðdal laugardaginn 2. júní kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Alda Ingólfsdóttir** | **Einar Einarsson** |
| **Hanna Ingólfsdóttir** | |
| **Aðalheiður Ingólfsdóttir** | **Þór Aðalsteinsson** |
| **Örn Ingólfsson** | **Inga Dagbjartsdóttir** |
| **Sigurður Ingólfsson** | |
| **Kristín Ingólfsdóttir** | |
| **Hansína R. Ingólfsdóttir** | |
| **Kolbrún Ingólfsdóttir** | **Knud Jensen** |
| **Árni Ingólfsson** | |
| **Þór Ingólfsson** | **Þórdís Tómasdóttir** |
| **Anna Hrefnudóttir** | |

**barnabörn, barnabarnabörn**
**og barnabarnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakki fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og kveðjur við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Erlu Margrétar Ásgeirsdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á dvalarheimilinu Grund fyrir frábæra umönnun síðasta spölinn.

| | |
|---|---|
| **Hilmar Baldursson** | **Guðrún Nanna Guðmundsdóttir** |
| **Sigríður Lillý Baldursdóttir** | **Skúli Bjarnason** |
| **Sveinn Ásgeir Baldursson** | **Edda Gunnarsdóttir** |

**Barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**JÓHANNA AF ÖRK LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1431.**

*„Börnin segja að stundum sé fólk hengt fyrir að segja sannleikann."*

***Jóhanna af Örk, kölluð mærin frá Orléans, var frönsk frelsishetja og dýrlingur og var brennd á báli fyrir villutrú.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

FRAMHALDSSKÓLINN Á HÖFN: ÚTSKRIFT

## Sautján ára dúx



**DÚX** Guðrún Fema útskrifaðist sem stúdent eftir tveggja ára nám með glæsilega einkunn.

Guðrún Fema Ólafsdóttir var 17 ára þegar hún setti upp hvíta kollinn en 18 ára afmælið er á morgun. Hún var aðeins tvo vetur í framhaldsskólanum á Höfn og dúxaði enda meðaleinkunnin á stúdentsprófi 9,32. Hvernig fór hún að þessu?

„Það hjálpaði mikið að ég fékk að taka fimm áfanga í stærðfræði meðan ég var í gaggó, líka tvo í þýsku og tvo í dönsku," svarar hún og kveðst hafa byrjað að spretta úr spori í stærðfræðinni strax í 7. bekk. Síðan hafi hún lokið 9. og 10. bekkjar námsefninu í 8. bekk og eftir það fengist við framhaldsskóladæmin. „Þegar ég byrjaði í framhaldsskólanum stefndi ég strax á að taka hann á tveimur árum og fékk hjálp kennara til að setja saman stundatöflu. Þetta var svolítið púsl. Í svona litlum skóla er ekki hægt að bjóða upp á alla áfanga á hverri önn og því gat ég ekki alltaf tekið þá í réttri röð. En allt gekk upp og miklu betur en ég bjóst við."

Guðrún Fema er líka að læra á klarinett en með haustinu ætlar hún í heilbrigðisverkfræði við Háskóla Íslands. Nú vinnur hún í humri hjá Skinney Þinganesi frá sex á morgnana til 16. Þá taka fótboltaæfingar við því hún hefur staðið í marki meistaraflokks kvenna hjá Sindra frá því um fermingu. **- gun**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólöf Lilja Sigurðardóttir**
Faxabraut 13, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 26. maí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 1. júní kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Þórður Kristjánsson** | **Unnur Þorsteinsdóttir** |
| **Sigurður Davíðsson** | |
| **Gísli Davíðsson** | |
| **Kristín Ása Davíðsdóttir** | **Atli Þorsteinsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

*Fallegir legsteinar á góðu verði*

**Englasteinar**
Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is



# ÄNGLAMARK

## UMHVERFISVÆNT • HÚÐVÆNT

**ÄNGLAMARK VÖRURNAR:**

- UMHVERFISVÆNAR
- HÚÐVÆNAR
- NOTADRJÚGAR
- GRÆNI SVANURINN – VOTTUN
- EVRÓPUBLÓMIÐ – VOTTUN

### ÄNGLAMARK BLUECARE

Anglamark Bluecare eru hágæða umhverfisvænar og húðvænar hreinlætisvörur sem hlotið hafa mikla athygli á Norðurlöndunum. Allar eru þær vottaðar ýmist með Norræna umhverfismerkinu Svaninum eða EvrópuBlóminu.

ä coop ÄNGLAMARK

BLUECARE




Þvottaefni f. lit 1 kg
399 kr/pk

*Norræna umhverfismerkið Svanurinn*

Norræna umhverfismerkið er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum.




Eldhúspappír 4 rl
399 kr/pk




Salernispappír 8 rl
499 kr/pk




Þvottaefni f. hvítt 1 kg
399 kr/pk




Hreingerningarlögur 1 ltr
279 kr/stk




Fljótandi þvottaefni fyrir viðkvæman þvott 1 ltr
199 kr/stk




Uppþvottalögur 0,5 ltr
199 kr/stk




Uppþvottavélatöflur 32 stk
379 kr/pk




Salernishreinsir 1 ltr
199 kr/stk

ä coop ÄNGLAMARK

MINIRISK

### ÄNGLAMARK MINIRISK

Anglamark Minirisk vörurnar eru bæði umhverfis- og húðvænar barnavörur sem innihalda hvorki lyktar- né litarefni. Vörurnar miða að því að lágmarka áhættu á ofnæmisviðbrögðum barna. Þessar vörur eru vottaðar með Norræna umhverfismerkinu Svaninum.




Blautklútar, 72 stk
279 kr/pk




Barnabaðsápa 400 ml
399 kr/stk




Barnasápa 3 stk
179 kr/pk




Barnakrem 250 ml
199 kr/stk



netto

## Fjölbrautaskólinn í Breiðholti




Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður mjög fjölbreytt nám: bóknám, listnám, iðnnám/starfsnám.

Bóknám leiðir til stúdentsprófs og er undirbúningur fyrir háskólanám.

Listnám er undirbúningur fyrir frekara listnám, arkitektúr og annað framhaldsnám.

Markmið iðnnáms/starfsnáms er að undirbúa nemendur fyrir störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, veita sérhæfð starfsréttindi og/eða undirbúning fyrir frekara nám.

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Upplýsinga- og tæknibraut
Þriggja ára náttúrufræðibraut

**Listnámsbrautir**
Myndlistarkjörsvið
Textíl- og hönnunarkjörsvið

**Löggilt iðnnám**
Húsasmíðabraut
Rafvirkjabraut
Snyrtibraut

**Löggilt starfsnám**
Sjúkraliðabraut
Sjúkraliðabrúin

**Eins til tveggja ára starfsnám**
Grunnnám rafiðna
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
Handíðabraut
Íþróttabraut
Viðskiptabraut

**Almenn námsbraut**

**Starfsbraut**

**Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.**

**Mánudaginn 11. júní verða náms- og starfsráðgjafar skólans til viðtals frá kl. 9 – 18.**

**Innritun í Fjölbrautaskólann í Breiðholti er á netinu eða á skrifstofu skólans frá 09:00 til 15:00 og lýkur 11. júní.**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is

**www.fb.is**


# STUÐ MILLI STRÍÐA Síðasti dagur vikunnar

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** VILL ENDURVEKJA SUNNUDAGASKÓLANN



Á sunnudögum reyni ég yfirleitt að lifa í algerri blekkingu. Slíkur lífsmáti telst yfirleitt ekki sérstaklega eftirsóknarverður, en á sunnudögum er hann eina leiðin til þess að ég fái eitthvað út úr deginum. Mér hefur lengi fundist sunnudagar gagnslausustu dagar vikunnar. Frá morgni, eða miðjum degi, það fer eftir því hvað var á dagskrá kvöldið áður, bíð ég bara eftir því að það komi kvöld og að vinnu- eða skólavikan hefjist upp á nýtt.

Þegar ég var lítil átti ég oft í miklum deilum um það við foreldrana hvort sunnudagur væri fyrsti eða síðasti dagur vikunnar. Þau vildu meina að hann væri fyrsti dagur vikunnar og færðu fyrir því ýmis og misgóð rök. Ég hafði svo sem engin frábær rök í handraðanum, önnur en þau að það hlýtur að vera algerlega augljóst að hann er síðasti dagur vikunnar. Það hlýtur hvert mannsbarn að finna. Sunnudagar eru ekki spennuþrungnir upphafsdagar. Þeir eru blúsaðir rólyndisdagar, endalok alls áður en hamagangurinn hefst á ný.

Sunnudagsvonleysið minnkar ekkert þó að ég hafi óskaplega gaman af starfinu mínu og kvíði því langt í frá að mæta til vinnu. Mér mislíka mánudagar heldur ekkert óskaplega. Samt er tilhugsunin um að vakna snemma og hefja vinnuvikuna upp á nýtt ekki til þess fallin að fylla mig orku og ég ver deginum í aðgerðarlausu móki.

Á árum áður voru umræddir dagar messu- og sunnudagsskóladagar. Síðar lambalærisdagar hjá ömmu og afa. Þá var oftar en ekki gripið í spil og svo farið í ísbíltúr. Þeir sunnudagar voru hreint ekki svo slæmir eða gagnslausir í minningunni. Um helgina upplifði ég tvo sunnudaga í stað eins og ætla að taka á mínum málum. Ég nenni ekki þessu tilgangsleysi lengur.

Ef þið sjáið mig ekki í messu næsta sunnudag verð ég heima að krydda lambalærið. Eða að leggja kapal.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Nú er allt hægt hratt

## – á Seltjarnarnesi

Ljósleiðari er fjarskiptatenging framtíðarinnar. Með ljósleiðaratengingu eru möguleikarnir til afþreyingar og fjarskipta næstum endalausir – allt á hraða ljóssins.

Við óskum Seltjarnarnesi til hamingju með að vera fyrsta ljósleiðaravædda sveitarfélagið í heiminum! Þar er nú allt hægt – hratt.



**Kostir ljósleiðarans**

- Margfaldur hraði miðað við ADSL
- Sami nethraði til og frá notanda
- Óþarfi að greiða fyrir símalínu
- Ekkert loftnet, ekkert vesen
- Fjöldi sjónvarpsrása
- Myndleiga
- Sjónvarpið truflar ekki hraða Internetsins
- Ljósleiðarinn ræður við marga myndlykla
- Tilbúinn fyrir háskerpusjónvarp

**Nú eru þúsundir heimila á höfuðborgarsvæðinu tengd með ljósleiðara. Er þitt heimili eitt þeirra?**

Kannaðu málið á www.gagnaveita.is

Til að kaupa þjónustu um ljósleiðarann hafið samband við eftirfarandi þjónustuaðila:

digital ísland S. 515 6100

vodafone S. 1414

Hive S. 414 1616

Hringiðan internetþjónusta S. 525 2400

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**KL. 18.00**
*Heimildarmyndin „Annað líf Ástþórs“ eftir Þorstein Jónsson er sýnd í Háskólabíói. Ástþór ætlaði sér alltaf að verða bóndi. En hvernig lætur hann draum sinn rætast eftir að hann er kominn í hjólastól? Ef hann notaði skynsemina, flyttist hann í blokk og tæki upp líf borgarbúans, starf fyrir framan tölvuskjá eða færiband, frístundir við sjónvarpið og vöruúrval í markaði á horninu. En hann ætlar að gera það sem nauðsynlegt er til að halda tengslum við dýrin og náttúruna og búa á sinni jörð.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Kominn í skoska óperukeppni

Rithöfundurinn og Rebus-skaparinn Ian Rankin hefur skipt um gír og skrifar nú sitt fyrsta óperu-librettó. Breska blaðið The Guardian greinir frá þessu en Rankin er ásamt fjölmörgum öðrum höfundum gestur á þarlendri bókmenntahátíð sem kennd er við Hay.

Haft var eftir Rankin að allt sem hann kæmi nálægt á ritvellinum yrði ósjálfrátt reyfarakennt en fyrsta hugmynd hans að sviðsetningu óperunnar snerist víst um yfirheyrslu á lögreglustöð.

Rankin er ekki sá eini úr metsölubókaranninum sem nú fæst við óperuskrif því kollegi hans Alexander McCall Smith, sem þekktur er fyrir seríu sína um Kvenspæjarastofuna og hina ómótstæðilegu Precious Ramotswe, er með librettópenna á lofti. Þeir munu síðan etja kappi ásamt fleirum því þarna er á ferðinni tilraunaverkefni hjá Skosku óperunni sem hyggst setja upp sex kortérslangar óperur á einu kvöldi þar sem gestirnir munu síðan skera úr um hvaða ópera vinnur og verður þróuð sem verk í fullri lengd. Rankin kveðst vonast til að vinna en í honum hefur lengi blundað textahöfundur.

Svo er bara að sjá hvort þessi Idol-kennda keppni vekur ekki stormandi lukku í Skotlandi.

- khh



**REYFARAKENNDUR RANKIN** Mun hann rústa Smith í skosku óperustjörnuleitinni? FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## >Heimsins furður

Í hversdagsönnum taka sumir sér augnablikshvíld og **föndra** sitt hvað í tölvunni. Á heimasíðu **Image Mosaic Generator** má til að mynda hlaða inn ljósmyndum og umbreyta þeim í mósaíklistaverk með hjálp hægvirks forrits. Forritið sækir **þúsundir** annarra ljósmynda af **Flickr-vefnum** og býr til púslkennda eftirmynd úr þeim á nokkrum mínútum. Tilgangur þessa er harla óviss nema ef fólk þarf nauðsynlega að **drepa** tímann.


ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
31. maí kl. 20 Uppselt
1. júní kl. 20
3. júní kl. 20
7. júní kl. 20
9. júní kl. 20
15. júní kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is


## NÝJAR BÆKUR

Annað hefti Ritsins 2006 er helgað líkingum. Í heftinu er að finna alls sex frumsamdar greinar, tvær þýddar fræðigreinar, ljóðaþýðingar og myndverk. Fjórar frumsömdu greinanna fjalla um þema heftisins: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum, notar greiningu á dróttkvæðum vísum í Gísla sögu til að sýna fram á hvernig nýr skilningur á metafórum getur varpað ljósi á íslenskan miðaldakveðskap; Guðrún Lára Pétursdóttir bókmenntafræðingur fjallar um hvernig myndlíkingar birtast í tungumáli læknavísindanna; Ingi Björn Guðnason bókmenntafræðingur fjallar um skáldsögu Rögnu Sigurðardóttur og hvernig umræða um borgina er bundin fjölþættu líkingamáli; loks kannar Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur tengsl líkama og véla, orðræðu sæborgarinnar og kynjaðar myndir líkingamálsins sem þar birtist. Í Ritinu eru enn fremur greinar eftir bókmenntafræðingana Paul de Man og Margaret H. Freeman og greinar eftir Öldu Björk Valdimarsdóttur bókmenntafræðing og Svan Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði. Þá birtir Ritið tvö ljóð kanadíska rithöfundarins Michael Ondaatje í þýðingu Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar og myndverk Hrafnkels Sigurðssonar, Speglað sorp. Ritstjórar eru Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Ólafur Rastrick.





**TANGÓSVEIT FERNANDEZ FIERRO ER TALIN MEÐ ÞEIM BESTU Í HEIMI** Sveitin hitar upp fyrir Akureyrarævintýrið með tónleikum á skemmtistaðnum Nasa næstkomandi fimmtudagskvöld.

# Alþjóðlegir taktar

**Það er ekki ónýtt að fá að vera alþjóðlegur heima hjá sér. Það býðst Norðlendingum og gestum þeirra um helgina þegar tónlistarhátíðin AIM leggur undir sig miðbæinn og ólíkir taktar berast úr öllum hornum.**

Hvatamenn að hátíðinni eru Jón Hlöðver Áskelsson og sjálfur Pálmi Gunnarsson en þann síðarnefnda hafði lengi dreymt um að koma fjölbreyttri tónlistarhátíð á legg í heimabæ sínum Akureyri. „Þetta er í annað sinn sem við höldum hátíðina en í fyrra héldum við blúshátíð undir sömu yfirskrift. Í ár verður dagskráin stærri og fjölbreyttari,“ útskýrir Jón Hlöðver. Nafnið hefur tvöfalda merkingu, upp á enskuna þýðir AIM stefna en það er einnig skammstöfun fyrir Akureyri International Music.

Tónlistarveislan hefst á morgun og stendur fram yfir helgi en meðal þeirra sem koma fram eru Fernandez Fierro, sem eru þrettán manna argentísk tangóhljómsveit, hinn margverðlaunaði kúbverski djasspíanóleikari og hljómsveitarstjóri Hilario Duran mætir með tríó sitt, raftónlistarhljómsveitirnar Isan frá Bretlandi og Tarwater frá Þýskalandi, The Go Find, Benni Hemm Hemm, Seabear, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Tómas R. Einarsson ásamt Kúbubandinu hans, Magnús Eiríksson og Blús Kompaníið, Park Project, Hrund Ósk Árnadóttir og margir fleiri.

Flugkapinn Arngrímur Jóhannsson, sem nú er búsettur í bænum, hyggst setja hátíðina með veglegum hætti og rita nafn hennar í himininn yfir höfuðstað Norðurlands á opnunarkvöldinu á morgun.

Jón Hlöðver segir að markmiðið sé að með tímanum skapi hátíðin sér sess sem alþjóðleg tónlistarhátíð á heimsmælikvarða. „Hér er líka verið að byggja stórt menningarhús, það veitir ekki af því að hafa einhverja menningarviðburði tilbúna þegar það kemst í gagnið,“ segir hann sposkur. Dagskráin teflir saman yngra og eldra áhugafólki um tónlist sem getur farið milli þriggja staða í bænum sem hýsa hátíðina og notið þar allra handa tónlistar. „Hugmyndin er að þetta sé hátíðin okkar, númer eitt, tvö og þrjú og að hér geti fólk verið í svolítið alþjóðlegu umhverfi heima sjá sér.“ Hátíðin styður við tónlistarfólk sem hefur tengsl og rætur á staðnum og leika nokkrir valinkunnir heimamenn á hátíðinni.

Hægt verður að nálgast miða á hátíðina á www.midi.is og nánari upplýsingar eru á www.aim-festival.is.

- khh


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Miðasalan flytur, sjá neðst!
Kassinn Lindargötu 7 kl. 20:00
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Fös.1/6 örfá sæti laus, sun. 3/6 örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor!
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!
Kúlan, Lindargötu 7
LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6. Aðeins þessar tvær sýningar!
Þjóðleikhúskjallarinn
ÞETTA MÁNAÐARLEGA - HUGLEIKUR - TÓNLISTARDAGSKRÁ
Fös. 1/6 kl.22:30
Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is



„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR
LADDI 6-TUGUR
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 UPPS.
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20
SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20
Lau 9/6 kl. 20 Fös 15/6 kl. 20
Síðustu sýningar í vor
BELGÍSKA KONGÓ
Í kvöld kl. 20 UPPS. Mið 6/6 kl. 20 UPPS.
Sun 10/6 kl. 20 Mið 13/6 kl. 20 AUKAS.
Fim 14/6 kl. 20
Aðeins þessar sýningar
DAGUR VONAR
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin
Síðustu sýningar í vor
SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fim 31/5 kl. 20
Sýningar hefjast að nýju í september
LÍK Í ÓSKILUM
Þri 5/6 kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500
DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR
Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI
MR. SKALLAGRIMSSON
höf. og leikari Benedikt Erlingsson
1. júní kl. 20 uppselt, 2. júní kl. 20 uppselt
9. júní kl. 15 uppselt, 9. júní kl. 20 örfá sæti laus, 15. júní kl. 20, 20. júní kl. 20
29. júní kl. 20, 1. júlí kl. 20
MÝRAMAÐURINN
höf. og leikari Gísli Einarsson
7. júní kl. 20, 8. júní kl. 20 örfá sæti laus
14. júní kl. 20
Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS



aim
aimfestival.is
31. MAÍ - 1. JÚNÍ
MORR MUSIC
TARWATER (GER)
BENNI HEMM HEMM (IS)
ISAN (UK)
THE GO FIND (BEL)
SEABEAR (IS)
FLUGFÉLAG ÍSLANDS Air Iceland
Saga Capital FJÁRFESTINGARBANKI
AKUREYRARSTOFA

## NÝ TÓNLIST

Garðar Thor Cortes hefur sent frá sér nýtt safn sönglaga á forlagi Senu í samstarfi við enska útgefendur. Safnið geymir tólf lög og hljóðritun fór fram í Bretlandi. Lögin eru úr ýmsum áttum: tveir dúettar sem Garðar flytur ásamt bresku söngkonunum Heather Small og Katherine Jenkins, en tónskáldin eru Ennio Morricone, Lucio Dalla, Puccini, Lara hinn spænski, Einar Bárðarson, Björgvin Halldórsson og fleiri. Syngur Garðar á íslensku, ensku og ítölsku á disknum. Undirleik annast stór hljómsveit en framleiðandi upptöku er Friðrik Karlsson en framkvæmdastjóri verksins er Einar Bárðarson.




Stöllurnar Skoppa og Skrítla hafa sent frá sér safn sönglaga fyrir yngstu börnin sem þær kalla Á söngferðalagi. Þar flytja þær sautján lög fyrir börn og fullorðna og er lögunum stungið inn í texta sem þær flytja eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur. Hún og Linda Ásgeirsdóttir eru flytjendur en Hallur Ingólfsson annast útsetningar og stýrir upptöku. Meðal laganna eru þekkt sönglög og vísubrot sem flestir þekkja og vinsæl eru meðal leikskólabarna og hafa mörg þeirra lifað með þjóðinni um langan aldur en önnur skemur. Sena gefur Skoppu og Skrítlu á söngferðalagi út.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MAÍ**

27 28 29 **30** 31 1 2

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Kór Félags eldri borgara** heldur í söngferðalag norður í land og heimsækir þar systurkóra sína. Í dag verða sameiginlegir tónleikar í **Glerárkirkju á Akureyri. Stjórnandi** er **Katrín Pjetursdóttir** en meðleikari er **Arnhildur Valgarðsdóttir**.

☐ 20.00 **Drengjakór Reykjavíkur** heldur sína árlegu vortónleika í **Hallgrímskikju**. Í kórnum eru 35 drengir á aldrinum 9-15 ára. Efnisskrá tónleikana er fjölbreytt og á henni eru íslensk og erlend lög. Kórinn heldur svo til Stykkishólms með sömu efnisskrá. Foreldrar söngelskra drengja eru hvattir til að hlýða á söng kórsins í Hallgrímskirkju en í ágúst verða áheyrnarprufur fyrir nýja kórmeðlimi.

☐ 21.00 Minningartónleikar **Jazzklúbbsins Múlans** á **DOMO**. Íslenskir djasslistamenn heiðra **minningu saxófónleikarans Michael Brecker** sem lést 13. janúar sl. af völdum hvítblæðis aðeins 57 ára gamall. Tónlistin er blanda af jazz og funki þar sem leikgleðin er allsráðandi. Hljómsveitina skipa **Snorri Sigurðarson** trompet, **Jóel Pálsson** saxófónn, **Eyþór Gunnarsson** píanó, **Jóhann Ásmundsson** bassaleikari og **Einar Valur Scheving** leikur á trommur.

☐ 20.30 Tríótónleikar í **Galleri Anima** í Ingólfsstræti. Fram koma Helga Laufey Finnbogadóttir píanóleikari, Guðjón Steinar Þorláksson bassaleikari og Birgir Baldursson trymbill en þau leika lög eftir m.a. John Coltrane, Carlos Gardel, Astor Piazzolla, Megas og Tólfta September.

### KVIKMYNDIR

☐ 18.00 **KvikYndi,** Kvikmyndaklúbbur Akureyrar, og Borgarbíó sýna í samstarfi við Ítalíuvinafélagið Vítu ítalska meistaraverkið **Germania Anno Zero** í leikstjórn **Roberto Rossellini**. Mynd Rossellinis er eitt af lykilverkum nýraunsæisstefnu eftirstríðsáranna á Ítalíu. Myndin er með enskum texta. Aðgangur ókeypis!

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Katrín hannar Montreaux-veggspjald

Katrín Pétursdóttir, hönnuður og listakona, tók í vetur að sér að hanna veggspjald fyrir hina virtu tónlistarhátíð í bænum Montreaux í Sviss. Montreaux Jazz á að baki 40 ára sögu og er nú haldin dagana 6. til 22. júlí í fertugasta og fyrsta sinn. Er þetta í annað sinn sem kona er fengin til að hanna veggspjaldið en þau eru í gegnum tíðina hin skrautlegustu og hafa jafnan verið fengnir til þessa verks hönnuðir sem njóta mikils álits í sinni grein. Fyrsta konan sem fengin var til þessa verks er Nicky de Saint Phalle sem var í framvarðarsveit ungra myndlistarmanna Evrópu upp úr 1960 en hún vann sitt veggspjald 1984. Fjöldi annarra listamanna hefur komið að veggspjaldagerð fyrir hátíðina: Warhol og Haring gerðu saman plakat fyrir hana sem nú má kaupa dýru verði, Richard Combas, Max Bill og David Bowie hafa líka fengið það verkefni.

Þótt hátíðin sé kennd við djass er þar í boði tónlist af ólíkum toga: Motörhead, Chemical Brothers og Beastie Boys koma þar fram í sumar og hafa ekki beint verið meðal helstu djassista okkar tíma. Hátíðin er afar fyrirferðarmikil í sjónvarpslífi Mið-Evrópulanda meðan á henni stendur og er ekki ólíklegt að sjá megi hluta hennar á breiðbandi og Digital Íslandi í sumar.

Verk Katrínar er nú til sýnis á kviku og mun skreyta ýmiss konar efni sem kemur út í tengslum við hátíðina, meðal annars sérútgáfu Moleskin-útgáfunnar. Er framgangur Katrínar í Ölpunum og nágrenni henni til vegsauka en hún hefur nú um langt skeið starfað á alþjóðlegum vettvangi í sinni grein. - pbb



**KATRÍN PÉTURSDÓTTIR**




**VEGGSPJALD KATRÍNAR** Margir heimsþekktir listamenn hafa tekið að sér að hanna fyrir djasshátíðina í Sviss.







# Lindsay Lohan aftur farin í meðferð

Lindsay Lohan hefur lagst inn á meðferðarheimilið Promises, samkvæmt heimildum bandaríska tímaritsins In Touch. Tímaritið segir leikkonuna hafa lagst inn á mánudag, í kjölfar viðburðaríkrar helgar. Umrætt meðferðarheimili er það sama og Britney Spears dvaldi á fyrr á þessu ári.

Lohan klessti bíl sinn aðfaranótt laugardags og komst í kast við lögin eftir að upp komst að hún hafði ekið undir áhrifum áfengis og stungið af frá slysstað. Við leit fannst þar að auki kókaín í bifreið hennar.

Lohan lét það þó ekki slá sig út af laginu og hélt partíinu gangandi yfir helgina. Aðfaranótt mánudags náðu ljósmyndarar svo myndum af henni í bíl vinkonu hennar, þar sem leikkonan virtist algerlega út úr heiminum.

Samkvæmt vinkonu Lohan ákvað leikkonan að leita sér hjálpar upp á eigin spýtur. „Loksins hefur hún áttað sig á því að þetta er hið rétta,“ segir náin vinkona hennar. Þetta verður önnur dvöl Lohan á meðferðarheimili í ár, en í febrúar lagðist hún inn á heimilið Wonderland, þar sem hún dvaldi í þrjátíu daga. Í kjölfarið hefur leikkonan sótt AA-fundi, en vinir hennar hafa greint frá því að hún sé langt í frá hætt að drekka. Það var í byrjun þessa mánaðar sem breski netmiðillinn News of the World birti myndband þar sem Lohan og vinkona hennar sáust neyta kókaíns á salerni skemmtistaðarins Teddy's í Hollywood.


**MÁ HRÓSA HAPPI** Paris Hilton hefur undanfarið búið sig undir yfirvofandi fangelsisvist vegna umferðarlagabrota.


**Í MEÐFERÐ?** Lindsay Lohan ku hafa lagst inn á meðferðarheimilið Promises eftir ævintýri helgarinnar.

# Vel mætt hjá Einari Bárðar

Einar Bárðarson, betur þekktur sem Umboðsmaður Íslands, stóð fyrir söngprufum í allan gærdag en hann hyggst koma á fót nýjum sönghópi skipuðum karlmönnum á aldrinum 18-35 ára.

„Þetta hefur gengið gríðarlega vel og miðað við mætinguna verður vandamál fyrir okkur að sía út þá bestu,“ segir Einar en þegar Fréttablaðið náði tali af umboðsmanninum var hann á leiðinni í mat á Ask. Prufurnar höfðu þá staðið yfir allan morguninn í húsakynnum FÍH og var Einar ákaflega sáttur við það sem hann hafði heyrt. Alls mættu á fjórða tug söngvara. „Hugmyndin var að finna nýja vinkla og mér sýnist það vera ganga upp,“ útskýrir Einar sem var hálf gáttaður á þeim hæfileikum sem virðast leynast víða. „Mér finnst það alveg ótrúlegt hvað það er til mikið af hæfaleikaríkum söngvurum hér á landi,“ bætir hann við.

Einar sagði að fáir af þeim sem hefðu mætt væru þegar búnir að geta sér góðs orðs á opinberum vettvangi. Enda væri hann að leita að földum fársjóði. „Við sem höfum verið að grúska í þessum bransa og fylgst með starfi söngskólanna könnuðumst þó við nokkra,“ segir Einar en hann nýtur fulltingis Kristjönu Stefánsdóttur söngkennara. Eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrr í þessum mánuði er reiknað með að hin fullmótaða sveit syngi inn á plötu sem koma á út í haust. Fyrirmyndin er að nokkru leyti sótt í Il Divo sem starfsbróðir Einars, Simon Cowell, stofnsetti fyrir ekki margt löngu og hefur slegið í gegn.

- fgg


**VEGINN OG METINN** Hrafn Hjartarson bíður eftir niðurstöðum þeirra Einars og Kristjönu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Cowell leggur Britney lífsreglur

Simon Cowell, dómarinn geðþekki úr American Idol þáttunum í Bandaríkjunum, hefur ráðlagt söngkonunni Britney Spears að fara heim í faðm fjölskyldunnar og draga sig út úr sviðsljósinu næstu misserin. Cowell var spurður um ráð handa Britney í spjallþætti ytra og hann dró hvergi undan frekar en fyrri daginn.

„Það er augljóst að Britney ræður ekki við álagið sem fylgir því að vera stærsta poppstjarna heims. Ég myndi ráðleggja henni að snúa sér að fjölskyldu sinni, læsa hurðinni og hætta að fara út á lífið með sínum vitlausu vinum. Hún þarf að komast í heimalagaðan mat og komast í takt við raunveruleikann á ný. Eina leiðin til þess er að draga sig í hlé um tíma,“ sagði Cowell.


**BLAUT Á RASSINUM** Ljósmyndarar fylgja Britney hvert fótmál og hefur þessi mynd vakið mikla athygli ytra síðustu daga. Eins og sjá má virðist sem Britney hafi hreinlega pissað undir en svo ku hins vegar ekki vera. Ástæðuna fyrir blettinum má rekja til hitasvækjuu í LA sem orsakaði svitamyndun á ólíklegustu stöðum.

Ekki er langt síðan Britney sneri aftur úr áfengismeðferð og hefur söngkonan verið að troða upp á ýmsum uppákomum að undanförnu. Gagnrýnendur og fastir tónleikagestir hennar virðast þó á einu máli um að hún sé nokkuð frá sínu besta og mikið vanti upp á spilagleðina.


**SIMON COWELL** Segir Britney þurfa að draga sig í hlé.




# Tyler að hætta í Aerosmith?

Söngvarinn Steven Tyler íhugar nú alvarlega að segja skilið við hljómsveit sína Aerosmith vegna ágreinings við aðra meðlimi sveitarinnar. New York Post segir frá því að Tyler sé ósáttur við hvernig félagar hans í hljómsveitinni koma fram við hann og honum finnist eins og þeir kunni ekki að meta það sem hann hefur fram að færa. Blaðið heldur því fram að Tyler muni tilkynna brotthvarf sitt úr sveitinni síðar í vikunni.

Hinn 59 ára gamli Tyler hefur verið helsta spíra Aerosmith frá stofnun sveitarinnar árið 1970.


**STEVEN TYLER** Er ósáttur við félaga sína í Aerosmith.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES








Róbert Bjarni Bjarnason er 19 ára.
Hann varð stúdent 2005 og lauk
flugmannsprófi frá Oxford Aviation
Training nýlega. Hann hefur nú hafið
störf sem flugmaður hjá einu stærsta
flugfélagi Evrópu, Ryanair.



Margrét Kara Sturludóttir er 17 ára.
Hún er að ljúka stúdentsprófi og
er á sérstökum heiðurslista yfir
úrvalsnemendur Hraðbrautar. Hún er í
landsliðinu í körfubolta og var nýlega valin
í 5 manna lið ársins ásamt því að vera
valin efnilegasti ungi leikmaðurinn.

## Hefur þú það sem til þarf ?

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN


Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 517-5040
Fax: 517-5041
Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is

SÝNINGATÍMAR KVIKMYNDAHÚSA

www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




ZODIAC

ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 4:30 - 6 - 8 - 10 | 10 | SPIDER MAN 3 | kl. 5 | 10 |
| PIRATES 3 VIP | kl. 4:30 - 8 | | BLADES OF GLORY | kl. 5:50 - 8 | 12 |
| ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 | ROBINSON FJ... ÍSL TAL | kl. 3:50 | L |
| THE REAPING | kl. 8 - 10:10 | 16 | | | |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBEAN 3 kl. 6:15 - 8 - 10 - 10:20 | DIGITAL | 10 |
| GOAL 2 | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| ROBINSON F.. M/- ÍSL TAL | kl. 5:50 DIGITAL-3D | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl 6 - 8 - 10 | 10 |
| GOAL 2 | kl 6 | 7 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |

Nánari upplýsingar á www.SAMbio.is

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus Nýtt í bíó

SEVERANCE

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl. 3.15, 6.30 og 10-POWER | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 4, 7 og 10 | 10 |
| SEVERANCE | kl. 8 | 16 |
| SHOOTER | kl. 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 4 og 6 -450 kr.- | L |

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 10.45 | 10 |
| PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS | kl. 5 - 9 | |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 3.45 - 5.50 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 10.50 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| UNKNOWN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.20 | 10 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ANNAÐ LÍF ÁSTÞÓRS | kl. 6 | |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.40 - 8.20 | 10 |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 8 - 10 | 16 |
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 6 | |
| FRACTURE | kl. 8 | 14 |
| THE CONDEMNED | kl. 10.10 | 16 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS


# Benni til Bandaríkjanna

Hljómsveitin Benni Hemm Hemm er á leiðinni í tónleikaferð um Bandaríkin í júlí. Haldnir verða þrettán tónleikar á þremur vikum. Fyrstu tónleikarnir verða í New York 5. júlí og verða þeir síðustu í sömu borg 27. sama mánaðar.

„Ég hef farið áður til Bandaríkjanna með litla útgáfu af hljómsveitinni fyrir nokkrum árum en þetta er fyrsta alvöru ferðin,“ segir forsprakkinn, Benedikt Hermann Hermannsson. „Þetta verður alveg heill hringur um öll Bandaríkin og þetta verður mjög spennandi. Þetta eru líka spennandi staðir sem við erum að spila á, góðir tónleikastaðir.“ Auk þess að spila í New York ferðast Benni Hemm Hemm til borga á borð við Los Angeles, San Francisco og Washington.

Önnur plata Benna Hemm Hemm, Kajak, kom út í Bandaríkjunum fyrir nokkrum dögum á vegum þýska fyrirtækisins Morr Music og er tónleikaferðin farin í tilefni af því. „Ég er mjög spennt-ur fyrir að fara með hljómsveitina eins og hún á að hljóma,“ segir Benni.

Benni Hemm Hemm spilar næst á tveimur Morr-kvöldum hérlendis. Fyrst verður sveitin á Akureyri á föstudaginn og síðan í Iðnó á þriðjudag. **- fb**



**BENNI HEMM HEMM** Benedikt Hermann Hermannsson og félagar eru á leiðinni í þriggja vikna tónleikaferð um Bandaríkin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Slappar af í Púertó Ríkó

**Reykjavíkurmærin Jóhanna Vala Jónsdóttir er nýkrýnd Ungfrú Ísland. Hún er á leiðinni í frí til Púertó Ríkó í dag þar sem hún ætlar að slappa af eftir erfiða en skemmtilega törn.**

„Þetta var rosagaman. Þetta var ótrúlega skrítin upplifun en mjög skemmtileg,“ segir Jóhanna Vala, sem var í sigurvímu þegar Fréttablaðið ræddi við hana. Hún játar að æskudraumur sinn hafi ræst þegar hún var krýnd Ungfrú Ísland. „Ég leit rosalega upp til fegurðardrottninganna þegar ég var lítil. Þetta var alveg æðislegt og stóð 150 prósent undir væntingum,“ segir hún um keppnina, sem var haldin á Broadway.

**Vikufrí með vini**

Jóhanna Vala er á leiðinni til Púertó Ríkó í dag þar sem hún mun dvelja í eina viku ásamt góðum vini sínum sem hún er nýbyrjuð að hitta.

Um leið og hún kemur heim úr fríinu bíður hennar síðan spennandi flugfreyjustarf hjá Icelandair. Útskrifaðist hún þaðan sem flugfreyja í apríl síðastliðnum eftir stíft nám. „Þetta var miklu meira en ég bjóst við. Þetta var samt ótrúlega góður hópur og bekkurinn sem ég var í var æðislegur og ég fékk rosalegan stuðning frá honum.“

**Engin í Ungfrú alheimi**

Jóhanna tekur þátt í Ungfrú heimi næsta haust og væntanlega í Ungfrú alheimi á næsta ári. Reyndar sendu Íslendingar ekki þátttakanda í Ungfrú alheim í ár vegna þess að keppninni var seinkað og fór fram degi eftir að Ungfrú Ísland var haldin hér heima.

„Það kom upp þessi staða að keppnin var á sama tíma og okkar. Það hefur oft gerst áður að fegurðardrottning fyrra árs hefur verið úti að keppa á sama tíma og keppnin er haldin hér heima en sú sem vann í fyrra, Sif Aradóttir, keppti í Miss Universe í fyrra,“ segir Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Ungfrú Íslands. „Þeir vilja bara drottninguna sjálfa og við þurftum að sitja hjá í ár. Þetta er svolítið leiðinleg staða en þessi stúlka sem vann núna verður væntanlega með á næsta ári, nema þeir seinki keppninni aftur.“



**ELÍN GESTSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland undrast gagnrýni Svía á fegurðarsamkeppnir.

**Japanskur dansari vann**

Riyo Mori, tvítugur dansari frá Japan, var kjörin Ungfrú alheimur en keppnin var haldin í Mexíkó. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1959 sem Japan vinnur keppnina, en þá bar Akiko Kojima sigur úr býtum.



**JÓHANNA VALA JÓNSDÓTTIR** Ungfrú Ísland er á leiðinni í sumarfrí til Púertó Ríkó. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**Undrast gagnrýni Svía**

Rétt eins og Íslendingar tóku Svíar ekki þátt í Ungfrú alheimi vegna seinkunarinnar.

Umboðsmaður sænsku keppninnar hefur látið hafa eftir sér að keppnin líti út eins og hann sé búinn að setja á fót nokkurs konar ... eftir sér að keppnin lítillækki konur og hefur boðað breytingar áherslur á vali Ungfrú Svíþjóðar. Geta stúlkur, í stað þess að koma fram á baðfötum og kvöldkjólum, sótt um að verða Ungfrú Svíþjóð, rétt eins og um starfsviðtal sé að ræða. „Það fer engin í svona keppni nema sjálfviljug. Stúlkurnar sækja í þetta sjálfar og þess vegna eru þær þarna,“ segir Elín um gagnrýni Svía. „Það komast yfirleitt færri að en vilja. Það sækja meira en 200 stúlkur um að fá að vera með í keppninni. Ég hef lengi spáð í þessa gagnrýni á keppnina og mér finnst hún skrítin.“

**Allt á uppleið**

Elín segist ekki eiga von á breyttum áherslum í Ungfrú Ísland á næstunni enda hafi keppnin um síðustu helgi gengið mjög vel. „Þetta er allt á uppleið og verður það á meðan við vöndum okkur.“ **freyr@frettabladid.is**

# Grand Rokk fagnar sumrinu

Árleg menningarhátíð veitingastaðarins Grand Rokks verður haldin í sjötta sinn um helgina og verður hún glæsilegri og veglegri en nokkru sinni, að sögn umsjónarmannsins Björgúlfs Eiríkssonar.

„Þetta er orðið að hefð hjá okkur og við reynum að gera betur en áður á hverju ári. Það er alltaf töluvert menningarlíf í kringum Grand Rokk en með þessari hátíð viljum við fagna sumrinu og blása enn meira lífi í menningarstarfið. Auk þess er þetta mjög skemmtileg tilbreyting frá hinu hefðbundnu veitingastarfi,“ segir Björgúlfur.

Á fjölbreyttri dagskrá hátíðarinnar má meðal annars finna gátusamkeppni, leikritasamkeppni, bókauppboð, tískusýningu og ýmislegt fleira, en sett hefur verið upp stórt tjald í garði staðarins sem hýsa mun margan viðburðinn. Þá verður tónlistin að sjálfsögðu í fyrirrúmi á hátíðinni en afar fjölbreyttar hljómsveitir og tónlistarmenn munu stíga á svið á Grand Rokki.

Hátíðin hefst formlega á morgun með minningartónleikum um Gunnar Ólafsson, en hann var fastagestur á staðnum um árabil, og mun allur ágóði af þeim tónleikum renna til MS-félagsins. Á tónleikunum munu koma fram listamenn og hljómsveitir á borð við Andreu Gylfadóttur, Magnús R. Einarsson, Káta pilta, Sviðna jörð og South River Band. **- vig**




**MENNINGIN BLÓMSTRAR Á GRAND ROKKI** Strákarnir í Sviðinni jörð munu taka lagið á Grand Rokki um helgina.

# Silvíu dreift frítt vestanhafs

Myndbandinu við lag Silvíu Nætur, Thank You Baby, verður dreift til verslunarmiðstöðva og skemmtistaða víðs vegar um Bandaríkin. Þetta staðfestir Gaukur Úlfarsson, talsmaður Silvíu Nætur-hópsins. „Dreifingarfyrirtækið Rock America rakst á myndbandið á aðdáendasíðu Kylie Minogue og hafði í kjölfarið samband við útgáfufyrirtækið okkar, Reykjavík Records,“ útskýrir Gaukur en reikna má með að myndbandið verði sýnt á yfir 130 skemmtistöðum um öll Bandaríkin og opni þar af leiðandi dyr inn á einn stærsta tónlistarmarkað í heiminum. „Þetta er auðvitað mjög gott fyrir okkur enda er þetta ókeypis en um leið mjög góð kynning,“ bætir Gaukur við. Meðal



**SILVÍA** Eftir frekar rólega byrjun virðist útrás dívunnar vera komin á fullt skrið.

þeirra sem hefur verið dreift með þessum hætti eru Beyoncé, Nelly Furtado og Mel C auk annarra stórra nafna úr hinum harða heimi tónlistarinnar. „En svo reyna þeir alltaf að finna einhverjar vonarstjörnur og koma þeim á framfæri við almenning,“ segir Gaukur.

Börkur Sigþórsson og Gaukur leikstýrðu myndbandinu í sameiningu og segir Gaukur þetta ekki síst vera mikið gleðiefni fyrir þá félaga, enda hafi myndbandið verið gert „fyrir íslenska fjárhagsáætlun“, eins og Gaukur kemst sjálfur að orði. Myndbandið hefur vakið mikla athygli en það er gert í anda suðuramerískra sápuópera.

Útrás Silvíu virðist því í góðum farvegi enda ekki langt síðan greint var frá miklum áhuga Svía á að sýna síðustu þáttaröð. Þá hefur tónlistarstöðin MTV sýnt ævintýrum Silvíu mikinn áhuga.

- fgg

# *Ilmvatnslína frá Ford*

Fatahönnuðurinn Tom Ford, sem þekktastur er fyrir að hafa starfað sem yfirhönnuður Gucci um skeið, hefur nú látið framleiða eins konar ilmvatnalínu á sínu nafni.

Ilmvötnin heita Private Blend og er um tólf mismunandi ilmi að ræða. Þar á meðal eru til dæmis vanilluilmur, tóbaksilmur og leðurilmur. Ilmvötnin eru seld í flöskum í gamaldags apótekarastíl og hægt er að blanda lyktunum saman eftir smekk.



**TOM FORD** Fatahönnuðurinn knái hefur nú sent frá sér ilmvatnslínu sem samanstendur af tólf heldur óvenjulegum ilmum.

„Hugsunin er að miklu leyti sú sama og á bak við nýju herralínuna mína en ég er að leitast eftir að skapa mjög einstakar vörur, sem er ólíkt mínum fyrri verkefnum,“ sagði Ford og átti þá við tímann hjá Gucci. Þar var aðalmarkmiðið að hanna einföld föt sem seldust vel. Spurður hvenær hann hygðist snúa sér aftur að hönnun kvenmannsfatnaðar sagði hann: „Það er í vinnslu. Ég get ekki lofað hvenær það gerist en ég get lofað því að ég er að hugsa um það.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Mischa Barton** lenti í honum kröppum nýlega þegar hún blandaði góðum skammti af sýklalyfjum við slatta af áfengi og fór það eitthvað illa í dömuna. Hún var flutt í skyndi á spítala þar sem hún eyddi heilum degi. Mischa hafði þjáðst af bronkítis í nokkurn tíma og var þess vegna á sýklalyfjunum en ekki þykir sniðugt að blanda þeim við vín.



Ástalíf leikkonunnar **Penelope Cruz** hefur ekki verið mikið í sviðsljósinu að undanförnu en hún hefur áður verið með leikurunum **Tom Cruise** og **Matthew McConaughey**. Eitthvað var hún reyndar orðuð við **Orlando Bloom** nýlega en sá orðrómur entist ekki lengi. Nú hefur þó dregið til tíðinda því Cruz hefur víst verið að pukrast með leikaranum **Josh Hartnett** og hafa þau sést saman oftar en einu sinni. Parið hefur áður verið talið saman því þau voru eitthvað að hittast fyrr á árinu og nú kemur í ljós hvort einhver alvara er í spilinu.



**Scarlett Johansson** sat nýlega fyrir í nýrri auglýsingaherferð fyrir Louis Vuitton en hún var einnig í þeirri síðustu. Að þessu sinni eru sótt áhrif til kvikmyndastjarna fyrri tíma eins og **Marilyn Monroe** og **Grace Kelly** og þykja myndirnar sérlega vel heppnaðar. Johansson er orðin ansi vinsæl innan veggja fyrirtækisins og er yfirhönnuðurinn **Marc Jacobs** sagður dýrka hana. Í síðustu línu hans fyrir fyrirtækið sótti hann meðal annars innblástur í mynd Johansson, „Girl with a Pearl Earring“.



**Kylie Minogue** rær á ný mið í leit sinni að nýjum kærasta. Hún hefur falið hópi aðstoðarmanna sinna að finna frambærilegan mann fyrir sína hönd. Söngkonan hefur verið laus og liðug síðan slitnaði upp úr sambandi hennar og **Olivier Martinez** í febrúar. „Hún vill mann sem er myndarlegur og honum verður að vegna vel í starfi, annars leiðist henni,“ segir talskona hennar. Hún segir Kylie ekki vilja endurtaka sömu mistök og áður.




# Opna Húsasmiðju Golfmótið

Kiðjabergi laugardaginn 2. júní

- Mótið er 18 holu punktamót.
- Glæsileg verðlaun fyrir 6 efstu sætin.
- Nándarverðlaun á öllum par 3 holum (4 holur).
- Verðlaun fyrir lengsta drive á 4. braut karlar/konur.
- Dregið verður úr skorkortum viðstaddra í mótslok.
- Mótsgjald 3.700 kr.
- Skráning á **www.golf.is** og í síma **486 4495**.



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál


### > Hættur með Haukastelpur

Ágúst Björgvinsson mun ekki halda áfram með kvennalið Hauka sem hann hefur gert að Íslandsmeisturum tvö ár í röð. Ágúst tók við nýliðum Hauka haustið 2004, liðið tapaði fyrsta leiknum sínum með 46 stiga mun en síðan hefur leiðin verið upp á við. Haukastelpurnar unnu bikarinn á fyrsta ári, þrjá titla á öðru ári og loks alla fimm titlana í fyrra. Undir stjórn Ágústar vann Haukaliðið 58 af 67 leikjum sínum síðustu tvö tímabil.

**sport**
sport@frettabladid.is

**DAGUR SIGURÐSSON**: AUSTURRÍSKUR MEISTARI Í FJÓRÐA SINN

## *Eins og í Hollywood-mynd*



Dagur Sigurðsson endaði handboltaferil sinn með því að leiða A1 Bregenz sem spilandi þjálfari til austurríska meistaratitilsins fjórða árið í röð. Dagur skoraði sex mörk í 26-24 sigri á aon Fivers, þar á meðal fjögur af síðustu sjö mörkum sinna manna.

„Ég er mjög sáttur við þennan árangur eins og eðlilegt er," sagði Dagur. „Einnig vegna fyrirkomulagsins. Það er spilað úrslitakeppni hér, þar sem auðvitað allt getur gerst."

Hann segir að síðasti leikurinn sinn á ferlinum hafi verið afar góður. „Það var fullt hús af áhorfendum og leikurinn spennandi fram á síðustu mínútu. Þetta var í raun eins og góður endir á Hollywood-mynd."

Dagur segir kveðjustundina hafa verið skemmtilega en hann kemur heim í byrjun næsta mánaðar. Dagur á að baki ellefu ár í atvinnumennsku en hann lék einnig í Þýskalandi og í Japan. Dagur vann Íslandsmeistaratitilinn fimm sinnum áður en hann fór út og vann því níu meistaratitla og alls tólf stóra titla á glæsilegum ferli.

# Meistararnir óstöðvandi

**Það er ekkert lát á yfirburðum FH í Landsbankadeildinni en meistararnir eru með fullt hús og fjögurra stiga forystu eftir fyrstu fjórar umferðirnar.**

**FÓTBOLTI** FH er á góðri leið með að stinga af í Landsbankadeildinni eina ferðina enn eftir góðan 0-2 sigur á Fram í Laugardalnum í gær. FH-ingar voru ekki upp á sitt besta gegn Fram í gær en fóru samt heim með þrjú stig enda nýta þeir færin sín vel ólíkt andstæðingunum.

Það gerðu ekki margir ráð fyrir því að Fram myndi veita FH einhverja keppni í leiknum og nánast búið að setja þrjú stig á FH á töflunni. Umræðan virðist hafa kveikt í Frömurum, sem mættu mjög vel stemmdir til leiks og voru betri aðilinn í fyrri hálfleik.

Þeir réðu ferðinni á miðjunni lengstum og tókst nokkrum sinnum að opna vörn FH-inga laglega en FH-vörnin var óvenju brothætt og leikmenn í litlum takti hver við annan.

Ekki tókst Frömurum að nýta færin og þeir máttu síðan þakka fyrir að lenda ekki undir þegar FH-ingar loksins vöknuðu undir lokin og áttu nokkrar laglegar sóknir.

**Fram 0-2 FH**

Laugardalsv., áhorf.: 1.219 — Garðar Örn Hinriksson (7)

*0-1 Matthías Guðmundsson (51.)*
*0-2 Tryggvi Guðmundsson, víti (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–12 (2–3) |
| Varin skot | Hannes 1 – Daði 2 |
| Horn | 9–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–15 |
| Rangstöður | 1–3 |

| **FRAM** 4–5–1 | | **FH** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þ. Halldórss. | 7 | Daði Lárusson | 7 |
| Daði Guðmundsson | 6 | Guðmundur Sævarss. | 5 |
| (82. Andri Karvelss. | -) | Tommy Nielsen | 6 |
| Reynir Leósson | 7 | Sverrir Garðarsson | 7 |
| Eggert Stefánsson | 6 | Freyr Bjarnason | 6 |
| Óðinn Árnason | 6 | Davíð Þór Viðarsson | 6 |
| Ingvar Ólason | 5 | Ásgeir G. Ásgeirsson | 7 |
| Hans Mathiesen | 7 | Dennis Siim | 4 |
| Patrick Redo | 6 | (72. Allan Dyring | -) |
| ***Alexander Steen** | **8** | Tryggvi Guðmundss. | 7 |
| Jónas Grani Garð. | 5 | Matthías Guðmundss. | 7 |
| (77. Ívar Björnsson | -) | (86. Matthías Vilhj. | -) |
| Hjálmar Þórarinsson | 6 | Arnar Gunnlaugsson | 4 |
| (70. Theódór Ósk. | 4) | (76. Atli Guðnason | -) |

**Maður leiksins*



**MARK Í HVERJUM LEIK** Matthías Guðmundsson skoraði fyrra mark FH í gær og hefur því skorað eitt mark í hverjum leik á tímabilinu til þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FH-ingar mættu betur stemmdir til síðari hálfleiks og Matthías kom þeim yfir með laglegu marki í upphafi hálfleiksins. Hjálmar fékk dauðafæri skömmu síðar en skaut framhjá en Hjálmar fór ákaflega illa með færin sín í leiknum.

Það fjaraði undan leiknum þegar um hálftími lifði leiks. Þegar leiktíminn var að renna út komst Atli Guðnason einn í gegn, Reynir braut á honum og réttilega dæmd vítaspyrna. Úr henni skoraði Tryggvi af öryggi.

„Hlutirnir eru að detta fyrir mig og ég er sáttur en þó aðallega við stigin þrjú," sagði Matthías Guðmundsson sem var að skora í sínum fjórða leik í röð. „Baráttan er ekki búin og við hlustum ekkert á slíkt kjaftæði. Við mættum hér góðu Framliði í dag sem á hrós skilið fyrir góðan leik."

Leikurinn í gær var hugsanlega sá slakasti hjá FH-ingum í sumar en þeir vinna samt enda nýta fá lið færin sín jafn vel og þeir refsa öllum liðum grimmilega sem ekki nýta sín tækifæri.

Framarar sýndu verulega góða spretti á köflum í gær þar sem Alexander Steen fór mikinn lengi vel og sá til þess að glufur komu á FH-vörnina. Félagar hans nýttu ekki færin og þá er ekki von á góðu.

„Þetta er okkar saga hingað til. Við erum betra liðið en skorum ekki mörk. Við verðum að finna lausn á þessu. Annar vandi er að við erum að fá of ódýr mörk á okkur og þessa hluti verðum við að laga," sagði Ólafur Þórðarson. **- hbg / - hþh**

Versta byrjun KR í tíu liða deild eða síðan 1977 en þá féll KR úr efstu deild:

# Við erum ekki að fara á taugum

**FÓTBOLTI** Það er þungt yfir KR-ingum þessa dagana. Liðið situr eitt í botnsæti Landsbankadeildarinnar með eitt stig eftir fjóra leiki og þar af eru þrír leikjanna heimaleikir.

**VOND STAÐA HJÁ KR**

**Fæst stig KR í fyrstu 4 leikjunum.**

| | |
|---|---|
| 1 stig 2007 | - ??? |
| 1 stig 1977* | - 9. sæti (fall) |
| 2 stig 1980* | - 7. sæti |
| 3 stig 2001 | - 7. sæti |
| 3 stig 1981* | - 8. sæti |
| 4 stig 1989 | - 4. sæti |
| 4 stig 2004 | - 6. sæti |

** tveggja stiga regla*

Þetta er versta byrjun KR í deildinni síðan árið 1977 en þá féll liðið úr efstu deild í fyrsta og eina skiptið. 1977 var líka fyrsta árið sem tíu lið tóku þátt í efstu deild. Þá féllu tvö lið og KR varð í níunda sæti en aðeins eitt lið fellur í ár.

Árið 1977 var KR með markatöluna 1-5 eftir fjóra leiki en í dag er hún 4-7. KR hefur aðeins náð í 8,3 prósent stiga í boði og ef sagan er skoðuð eru miklar líkur á því að Teitur Þórðarson klári ekki tímabilið.

„Við erum ekki að fara á taugum. Staðan er vissulega ekki góð en við munum nýta tímann vel fram að næsta leik til að byggja okkur upp. Við mætum svo tvíefldir til leiks og sjáum hver lokaniðurstaðan verður í mótinu," sagði Jónas Kristinsson, formaður KR Sports, við Fréttablaðið. En hvað með stöðu Teits Þórðarsonar? „Það er ekki tímabært að ræða þau mál á þessum tímapunkti." **- hbg / - óój**

WWW.SVAR.IS

# acer FARTÖLVUR
# ÞÆR ERU KOMNAR AFTUR!

3 ÁRA ÁBYRGÐ




## Acer ASPIRE 3693

- Intel Celeron M 1.73Ghz örgjörvi
- 512MB vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- 15.4" CrystalBrite bjartur og góður skjár
- Innbyggð vefmyndavél
- Intel GMA 950 skjákort allt að 224MB
- Microsoft Vista Home Basic
- 3 ára ábyrgð

3 ÁRA ÁBYRGÐ

Windows Vista

TILBOÐ: 69.900-




## Acer ASPIRE 5103WLMi

- AMD Turion X2 TL-52 tveggja kjarna örgjörvi
- 1024MB DDR2 hraðvirkt vinnsluminni
- 120GB SATA harður diskur
- CD og DVD skrifari
- 15.4" breiðtjaldsskjár- CrystalBrite tækni
- Innbyggð Acer OrbiCam vefmyndavél
- ATi Radeon X1100 128MB skjákort
- Windows Vista Home Premium

3 ÁRA ÁBYRGÐ

Windows Vista

TILBOÐ: 89.900-

Ein vinsælasta fartölvan frá Acer á ótrúlegu tilboðsverði. Nýjasta kynslóð tveggja kjarna örgjörva, hraðvirkt vinnsluminni og nægt geymslupláss ásamt vefmyndavél er aðeins hluti af því sem þessi fartölva hefur að geyma!



25% Afslattur!

**TecAir 3706**

Fartölvubakpoki

5.900-



250GB

**MyBook**

Utanáliggjandi HD

17.900-



**Logitech X-210**

Hátalarasett, 2.1

5.900-

svar) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

## > Lindsay Lohan



Fáir einstaklingar hafa verið eins mikið í sviðsljósinu að undanförnu eins og þessi tvítuga New York-mær. Athyglin er líka merkileg fyrir þær sakir að leikaraferill hennar telst nú harla ómerkilegur. Lohan sat fyrst fyrir sem fyrirsæta þegar hún var ekki nema þriggja ára gömul en þrátt fyrir allt fékk hún yfirleitt hæstu einkunn í skólanum, sérstaklega í raungreinum. Lohan sést einmitt í góðu skólastuði í myndinni Mean Girls á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR BJARNASON SÁ GÓÐAN KÖNGULÓARMANN

## Væmnin náði ekki yfirhöndinni

Fyrsta kvikmyndin um Köngulóarmanninn, eða Pétur Parker eins og hann heitir fullu nafni, var sýnd í Ríkissjónvarpinu um síðustu helgi. Ekki seinna vænna, enda þriðja myndin þegar komin í bíó hérlendis.

Í þessari fyrstu mynd er Köngulóarmaðurinn kynntur til sögunnar og fjallað er um samband hans við Mary Jane Watson. Auk þess að láta Parker berjast við vondu karlana er hann jafnframt sýndur sem venjulegur og viðkvæmur strákur, sem á erfitt með að standa undir því að vera ofurhetja.

Önnur myndin heldur áfram með samband Parkers og Mary Jane án þess þó að verða nokkurn tíma væmin. Mestu púðrinu er eytt í baráttu Spiderman við Dr. Octavius en ástarsagan er höfð í bakgrunninum.



**SPIDERMAN** Köngulóarmaðurinn var í Ríkissjónvarpinu um síðustu helgi.

Í nýjustu myndinni er farið að reyna töluvert á samband Parkers og Mary Jane vegna frægðar hans sem Köngulóarmaðurinn og í framhaldinu fer hann að prófa nýjan svartan búning sem reynist honum misvel. Sú mynd lendir aftur á móti í því sem hinar tvær sluppu blessunarlega við; að verða of væmin. Þar að auki er hún alltof löng og vondu karlarnir eru full margir.

Söguþráðurinn í svona hasarmyndum þarf að vera frekar einfaldur og því miður færist leikstjóri Spiderman of mikið í fang í nýjustu myndinni. Kannski hann hafi haldið að ekkert gæti klikkað þegar Lói er annars vegar en þar hafði hann rangt fyrir sér. Vonandi veldur fjórða myndin ekki sömu vonbrigðum og númer þrjú, enda miklir möguleikar fyrir hendi í ævintýrinu um Pétur Parker og félaga.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** An Awfully Big Adventure STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20** American Inventor SIRKUS



▶ **21.00** Litla Bretland SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35** Medium STÖÐ 2



▶ **22.00** Jericho SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki** (11:19)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (36:42)
**18.30 Suðandi stuð** (16:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ljóta Betty** (16:22)
▶**21.00 Litla Bretland** (2:6) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess. e.
**21.35 Nýgræðingar** Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk leika Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Mótorsport**
**22.55 Þjóðarmorð í Rúanda** (Shake Hands with the Devil: The Journey of Roméo Dallaire) Margverðlaunuð kanadísk heimildamynd frá 2004 um hershöfðingjann Roméo Dallaire og umdeilda framgöngu hans sem yfirmaður friðargæsluliðs Sameinuðu þjóðanna í Rúanda árið 1994 þegar þjóðarmorð var framið í landinu.
**00.30 Kastljós**
**01.05 Dagskrárlok**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 An Awfully Big Adventure**
**08.00 Mean Girls**
**10.00 Bridget Jones: The Edge of Reas**
**12.00 Dear Frankie**
**14.00 Mean Girls**
**16.00 Bridget Jones: The Edge of Reason**
**18.00 Dear Frankie**
▶**20.00 An Awfully Big Adventure** Svört kómedía með háalvarlegum undirtóni. Aðalhlutverk: Hugh Grant, Alan Rickman.
**22.00 The Interpreter**
**00.05 Back in the Day**
**02.00 Bodywork**
**04.00 The Interpreter**

## STÖÐ 2

**07.20 Myrkfælnu draugarnir**
**07.35 Stubbarnir**
**08.00 Myrkfælnu draugarnir**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (58:114)
**10.15 Numbers** (20:24)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**14.20 Life on Mars** (5.8)
**15.15 Tónlist**
**15.50 Smá skrítnir foreldrar**
**16.15 Batman**
**16.38 Könnuðurinn Dóra**
**17.03 Kalli og Lóla**
**17.18 Pocoyo**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (7:22)
**20.05 Oprah** (Oprah 2006 - 2007)
**20.50 The Riches** (1:13) Glæný, bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunahópi en telja að það sé kominn tími til að breyta til.
▶**21.35 Medium** (16:22) Allison Dubois býr yfir harla óvenjulegum yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Bönnuð börnum.
**22.20 Flawless** Spennandi gamanmynd. Walt Koontz er sérstaklega íhaldssamur og hommafælinn öryggisvörður sem neyðist til þess að fara í söngtíma hjá klæðskiptingi. Aðalhlutverk: Robert De Niro, Philip Seymour Hoffman. Stranglega bönnuð börnum.
**00.10 Grey´s Anatomy** (23:25)
**00.55 The Fan**
**02.50 Fast Times at Ridgemont High**
**04.15 The Riches** (1:13)
**05.00 Fréttir og Ísland í dag**
**06.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Entertainment Tonight**
**19.55 Daisy Does America** (4:8) (e)
▶**20.20 American Inventor** (10:15) Í American Inventor er leitað eftir nýjum uppfinningum sem gætu slegið í gegn. Verðandi uppfinningamenn víðsvegar um Bandaríkin fá nú tækifæri á að kynna uppfinningu sína og nokkrir útvaldir fá pening til að þróa hana. Að lokum mun einn heppinn uppfinningamaður stana uppi sem sigurvegari og fær hann eina milljón dollara í vasann. Þættirnir koma frá höfundum American Idol og sjálfum Simon Cowell.
**21.10 Supernatural** (16:22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda.
**22.00 Shark** (21:22) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi fræga fólksins. (21:22) Stark sækir til saka mann sem rændi ungum strák fyrir fjórum árum síðan og hefur alið hann upp sem son sinn.
**22.45 Las Vegas** (7:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Big Ed Deline, yfirmanns öryggismála í stóru spilavíti þar sem allt getur gerst. Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Big Ed áfram að sjá til þess að allt fari vel fram í spilavítinu en það er ekki auðvelt í partíborginni Las Vegas.
**23.30 My Name Is Earl** (14:23) (e)
**23.55 Gene Simmons: Family Jewels** (13.13) (e)
**00.20 Entertainment Tonight** (e)
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**14.55 Vörutorg**
**15.55 On the Lot** (e)
**17.30 Beverly Hills 90210**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Will & Grace** (e)
**20.00 On the Lot - úrslit vikunnar** Ný raunveruleikasería frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér.
**20.30 How Clean is Your House - NÝTT** Bresku heinlætisdívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie þefa uppi subbuleg heimili í Bandaríkjunum og taka til hendinni.
**21.00 America's Next Top Model** (4:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Nú fær Tyra sjálf nýtt útlit. Það síður upp úr hjá Renee og Birtney og J.L. fær sorgarfréttir að heiman.
▶**22.00 Jericho** (18:23) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandarískum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir á bandaríska borgir. Þegar hungrið segir til sín grípa íbúar Jericho til örþrifaráða. Gray bæjarstjóri tekur ákvörðun sem setur allt á annan endann og skapar stríðsástand í Jericho.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur.
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Angela's Eyes** (e)
**00.55 Beverly Hills 90210** (e)
**01.40 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**18.00 Turninn í Charlton** (e)
**18.30 Strákarnir í Reading** (e) Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson leika með úrvalsdeildarliði Reading í knattspyrnu. Snorri Már Skúlason heimsótti þá félaga.
**19.10 Eggert á Upton Park** (e)
**20.00 Tímabilið 2006 - 2007** (e)
**21.00 Ítalski boltinn** (e)
**23.00 Ítölsku mörkin** (e)
**00.00 Dagskrárlok**




ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

### The Riches

Glæný bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. Þættirnir segja frá hinni klækjóttu Malloy-fjölskyldu sem hefur eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunahópi en telur að það sé kominn tími til að setjast að í venjulegu úthverfi. Í fyrsta þættinum nota þau klæki til að sannfæra fólk um að þau séu í raun hin auðuga Riches-fjölskylda.



## ▶Við mælum með NÝGRÆÐINGAR

### Sjónvarpið kl. 21.35

Þættirnir Nýgræðingar eða Scrubs eru með lúmskfyndnustu þáttaröðum sem komið hafa frá Bandaríkjunum á seinni árum. Zach Braff, aðalleikari þáttanna, er mikill snillingur en þættirnir áttu þátt í því að hann skaust upp á stjörnuhimininn og gerði í kjölfarið myndina Garden State sem er frábær. Fylgist því endilega með öðruvísi spítaladrama í Nýgræðingum í kvöld.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Sögur af sjó og landi
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Heima er best
**21.00** Út um græna grundu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Dostojevskí
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 NBA - Úrslitakeppnin** (NBA 2006/2007 - Playoff games) Leikur í úrslitakeppninni í NBA körfuboltanum.

**17.40 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.

**18.10 Landsbankadeildin 2007** (Fram - FH)

**20.00 NBA - Úrslitakeppnin** (NBA 2006/2007 - Playoff games) Leikur í úrslitakeppninni í NBA körfuboltanum.

**22.00 Meistaradeild Evrópu** (AC Milan - Liverpool)

**23.50 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Mörkin, tilþrifin, brotin, umdeildu atvikin og margt fleira. Álitsgjafar segja sína skoðun á atburðum kvöldsins og þar á meðal reyndir milliríkjadómarar.

**00.10 Heimsmótaröðin í póker 2006** (World Series of Poker 2006)

**01.00 NBA - Úrslitakeppnin**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Diamanterne fra Vodder Sogn **7.00** Grønne glæder **7.30** Smagsdommerne **8.10** Sommerminder fra øen **8.25** OBS **8.30** Græsrødder **9.00** Den 11. time **9.30** Hold masken **10.00** TV Avisen **10.10** Kontant **10.35** Ud i naturen **11.00** Hvad er det værd **11.25** Aftenshowet **11.55** Aftenshowet 2. del **12.20** Hokus Krokus **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Pucca **14.35** Hannah Montana **15.00** Verdnernes bog **15.30** Der var engang... **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Mig og min alder **18.00** Søren Ryge direkte **18.30** Min store drøm - Bruden **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Foyle **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Iværksætterne **22.10** Kæmpesvulster **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Morten **5.30** Gnotterne **6.00** Elmers verden

## NRK 1

**6.30** Jukeboks: Dansefot **7.35** Hvorfor, Ouafa? **8.05** Muntlig spørretime **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Giro d'Italia **14.00** Siste nytt **14.03** Giro d'Italia **15.30** Siste nytt **15.40** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** I Mummidalen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Der fartøy flyte kan **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Lov og orden: New York **20.30** Den globale miljøhistorien **21.00** Kveldsnytt **21.15** Sykkelkveld fra Italia **21.25** Carnivále **22.20** Varehus nr 180 **5.30** Jukeboks: Ut i naturen

## SVT 1

**7.30** Ramp höjdare **8.00** Poniente **8.25** Sport mit Simone **8.30** Lab Rats **10.00** Rapport **10.05** En ljusglimt i mörkret **12.20** Rätt upp i 90-talet **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Djurvän på smittojakt **15.30** Krokodill **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.15** En unge till **16.25** Bumsfilibaba igen **16.30** Hjärnkontoret **16.45** Zoé Kézako **17.00** Polleke **17.30** Rapport **18.00** Vädrets makter **18.30** Mitt i naturen **19.00** Extras **19.30** En sång för Martin **21.25** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.45** I sinnets våld **22.45** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige





*Á þessum veðrunarrekka, sem stendur á bersvæði, er veðrunarþol útimálningar frá Málningu hf. og frá öðrum framleiðendum borið saman.*

*Baldvin Már Frederiksen málarameistari*

# Samanburður staðfestir áratugareynslu

Íslenskt veðurfar er gjörólíkt því sem er algengast í nágrannalöndum okkar og reynir mun meira á útimálningu.

*Mikilvægur þáttur í vöruþróun hjá Málningu er að bera saman veðrunarþol útimálningar frá okkur og útimálningar frá erlendum framleiðendum. Við leyfum okkur að fullyrða á grundvelli þessa samanburðar að útimálning frá okkur gerir meira en að standast ströngustu kröfur um veðrunarþol miðað við íslenskt veðurfar. Íslenskt veðurfar er gjörólíkt því sem er í nágrannalöndum okkar.*

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 37832 05/07




**Áður en þú velur útimálninguna, sem þú ætlar að nota, skaltu athuga hvort hún sé gerð fyrir íslenskar aðstæður.**

Útsölustaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík • Fóðurblandan á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðum

málning
-það segir sig sjálft-

## GAMLA MYNDIN



*„Ég er bara tímalaus hvað útlitið varðar. Móðir mín sáluga sagði mér um fermingu að ég yrði sköllóttur um fertugt ef ég klippti mig ekki, ég varð 55 ára í sumar og er enn svona. Ég er meira að segja með síðara hár í dag.“*

Bjartmar Guðlaugsson listamaður.

Myndin er tekin 1988 og er af albúmi plötunnar Með vottorð í leikfimi.

# Frægir berjast í næsta X-Factor

X-Factor þáttaröðin verður með breyttu sniði í haust. Að þessu sinni munu þjóðþekktir einstaklingar berjast um þennan titil sem hinn færeyski Jógvan hampaði fyrr á þessu ári. Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið. Undirbúningur fyrir þáttinn hefur staðið yfir í dágóðan tíma og hyggjast Stöðvar 2 menn fara á stúfana á næstunni til að leita að hentugum þátttakendum. Ekki liggur fyrir hvort hin þriggja manna dómnefnd, þau Einar Bárðarson, Páll Óskar Hjálmtýsson og Q4U-Ellý verði með aftur en það þykir þó líklegra heldur en hitt.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var ekki vilji til þess innan sjónvarpsstöðvarinnar að fara á stúfana og leita að næstu vonarstjörnu Íslands með tilheyrandi kostnaði. Töldu þeir meðal annars að hæfileikabrunnurinn hefði verið tæmdur í bili. Stöð 2 hefur nú staðið fyrir þremur Idol-keppnum og einni X-Factor þáttaröð og hefur gengi sigurvegaranna verið rysjótt þótt menn bindi vonir við að Jógvan nái viðlíka vinsældum og Hildur Vala.

X-Factor: Battle of the Stars, eins og þátturinn heitir á frummálinu, naut gríðarlegra vinsælda í heimalandi sínu, Bretlandi, en þar voru tekjurnar af símaatkvæðagreiðslunni notaðar til að styrkja góð málefni. Þættirnir eru byggðir upp á svipaðan hátt og X-Factor og fá dómararnir úthlutað sínum hóp. Simon Cowell, hugmyndasmiðurinn á bakvið X-Factor, blés þáttaröðina hins vegar af í fyrra og sagðist ekki ætla gera aðra slíka. - fgg



**COWELL** Blés þáttinn af fyrir um ári og sagðist aldrei ætla að taka þátt í svona löguðu aftur.



**DÓMNEFNDIN** Ekki liggur fyrir hvort hún muni taka þátt í næsta ævintýri Stöðvar 2.



**LÁRÉTT**
**2.** langar, 6. hvort, 8. sjór, 9. matjurt, 11. gylta, 12. strýta, 14. duglegur, 16. samanburðartenging, 17. skýra frá, 18. bók, 20. til, 21. spaug.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðartegund, 3. ryk, 4. ítalskur ofnréttur, 5. traust, 7. nokkrir, 10. hópur, 13. farfa, 15. komst, 16. mælieining, 19. golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. vilt, 6. ef, 8. mar, 9. kál, 11. sú, 12. keila, 14. iðinn, 16. en, 17. tjá, 18. rit, 20. að, 21. grín. **LÓÐRÉTT:** 1. tekk, 3. im, 4. lasanja, 5. trú, 7. fáeinir, 10. lið, 13. lit, 15. náði, 16. erg, 19. tí.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1. Urriðinn var 26 pund.
2. Stefán Ásmundsson.
3. Engan. Þeir hafa gert eitt jafn efli og tapað þremur leikjum.

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

KRISTJÁN KRISTJÁNSSON: BÖÐVAR GUÐMUNDSSON RITHÖFUNDUR Í LIÐIÐ

# Uppgangur í Uppheimum

„Já, nú var önnur stórkanóna að ganga til liðs við Uppheima. Ég var að semja við Böðvar Guðmundsson rithöfund um útgáfu á næsta skáldverki hans sem heitir Sögur úr þýðunni,“ segir Kristján Kristjánsson útgefandi hins litla en mjög svo vaxandi forlags Uppheima sem á varnarþing á Akranesi.

Stórtíðindi í bókmenntageiranum eru að Böðvar Guðmundsson sé að senda frá sér nýtt skáldverk en árið 1997 hlaut hann íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Lífsins tré sem var framhald Híbýla vindanna: Bækur sem fjalla um ferðir Íslendinga vestur um haf og nutu þær mikilla vinsælda og rötuðu á svið Borgarleikhússins. En þá vekur einnig athygli að Böðvar skuli kjósa Uppheima til að búa næsta verk sitt til prentunar en nú virðist kvarnast mjög úr fríðum hópi rithöfunda Eddu útgáfu, en þar var Böðvar áður. Og þeir finna sér stað hjá Kristjáni uppi á Skaga margir hverjir. Þannig gekk Gyrðir Elíasson nýverið til liðs við Uppheima en áður hafa skrifað undir samninga við Kristján þeir Ævar Örn Jósepsson, Bjarni Bjarnason og Ari Trausti Guðmundsson. Á skömmum tíma hafa því fimm höfundar Eddu gengið til liðs við Uppheima og virðist blasa við að komið sé rót á höfunda þar á bæ. Kristján kann aðspurður engar sérstakar skýringar á því hvers vegna þessir ágætu rithöfundar hafa gengið á mála hjá sér.

„Ekki spyrja mig að því. Ætli ég taki ekki bara vel á móti mönnum? Það er það eina sem mér dettur í hug.”

Uppheimar eru þegar farnir að undirbúa að krafti útgáfu sína fyrir næstu jólabókavertíð. Ný skáldsaga eftir Ara Trausta er væntanleg, forvitnilegt verk að sögn Kristjáns, þar sem hann í skáldskaparformi glímir við sögu fjölskyldu sinnar. Nýtt skáldverk eftir Bjarna Bjarnason er væntanlegt svo eitthvað sé nefnt, auk þýðinga. Eiríkur Örn Norðdahl þýðir nú sem mest hann má ljóð eftir Allen Ginsberg, Eiríkur Örn þýðir einnig þekktasta verk skáldkonunnar Joanne Harris, Chocolat, og til stendur að gefa út á næsta ári nýjustu bók hennar: The Lollipop Shoes. Það er svo ekki minni spámaður en Jón Kalmann sem þýðir Loftskeytamann Hamsuns. Hvað er að gerast?

„Það sem er að gerast er að útgáfan mín er að taka sér afgerandi stöðu í að gefa út íslenskar bókmenntir og vandaðar þýðingar. Ævar Örn með bók? Það er ekki ljóst á þessari stundu. Gæti orðið. En ég þori ekkert að segja til um það fyrr en í ágúst,” segir Kristján.

jakob@frettabladid.is



**KRISTJÁN KRISTJÁNSSON** Virtir rithöfundar flykkjast nú til hans til Uppheima en um leið kvarnast úr fríðum flokki Eddu útgáfu.



**BÖÐVAR GUÐMUNDSSON** Tíðindum sætir að verið er að undirbúa næsta skáldverk hans, „Sögur úr þýðunni“, til prentunar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Mikael Torfason** aðalritstjóri Birtings flutti fyrir nokkru í Grafarvog en þar keypti hann glæsilegt raðhús af **Kristni H. Gunnarssyni** alþingismanni. Mikael kemur öflugur inn í rithöfundafélag úthverfisins; keypti sér nýverið jeppa og ætlar von bráðar að skipta á gamla fellihýsinu sínu og fá sér nýtt. Nokkuð er um liðið síðan Mikael sendi frá sér skáldsögu en við upphaf ferils síns vakti hann athygli fyrir mjög svo krassandi og uppreisnargjarnar – svæsnar – lýsingar en nú veðja bókmenntafræðingar þeir sem styðjast við ævisögulega rýni frekar á að næsta bók hans muni snúast um borgaraleg gildi og mikilvægi þess að gera lífið skemmtilegra í sátt og samlyndi við alla.



Verulega er nú farið að hitna undir **Teiti Þórðarsyni** sem þjálfara hjá fyrrum stórveldinu KR sem situr nú í neðsta sæti efstu deildar í fótboltanum. Teitur er hins vegar með fimm ára samning við félagið, sem þýðir að dýrt reynist að losna við hann af fóðrunum auk þess sem Fréttablaðið heyrir að Teitur hafi haft lag á að blanda stjórnarmönnum í KR í allar sínar ákvarðanir þannig að þeir telja sig bera ábyrgð á slöku gengi eins og Teitur.



Rapparinn **Erpur Eyvindarson** útskrifaðist með formlegum hætti úr Margmiðlunarskólanum í síðustu viku. Erpur er upptekinn við kvikmyndaleik og önnur tilfallandi verkefni þessa dagana og þurfti því að afboða komu sína á sjálfa útskriftarathöfnina. Lokaverkefni Erps er teiknuð sápuópera í anda South Park sem fjallar um Lobster-svínafjölskylduna og ævintýri hennar. Stuttmyndin ku vera jafn frumleg og hún er skemmtileg og ætti að geta fært Erpi góða 9 til 5 vinnu í margmiðlun, hafi hann á annað borð áhuga á því.

-jbg/vig



Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Titillinn metinn á tvær milljónir

„Það hefur sýnt sig að honum var lagður einhver annar standard að lifa samkvæmt en öðrum keppendum,“ segir Vilhjálmur Bergs, lögmaður Ólafs Geirs Jónssonar.

Fyrirtaka var í gær í sérstæðu máli en Ólafur Geir höfðar skaðabótamál á hendur Arnari Laufdal Ólafssyni og Fegurðarsamkeppni Íslands vegna þess að hann var árið 2005 sviptur titlinum Herra Íslands. Kröfur sem gerðar eru af hálfu Ólafs eru tvær milljónir með vöxtum. Fyrirtakan í gær var sú fyrsta, en þá hittu aðilar málsins dómarann þann sem fengið hefur málið á sitt borð. Ólíklegt er að málið verði flutt fyrir réttarhlé sem stendur lungann úr sumrinu.

Að sögn Vilhjálms er málið með mestu ólíkindum og svo virðist sem aðstandendur hafi einfaldlega verið ósáttir við að Ólafur Geir hafi sigrað og fyrsta tækifærið notað til að svipta Ólaf Geir titlinum. Hann segir það að mörgu leyti sambærilegt við ólögmæta uppsögn sem fylgdu meiðandi ummæli. Titillinn var tekinn af honum á ólögmætan hátt að menn vilja meina og síðan fylgdu því órökstuddar dylgjur:

„Að hann hafi ekki staðið undir væntingum og gefið í skyn að hann væri dópisti og fyllibytta. En þetta er bara strákur um tvítugt sem er til fyrirmyndar, reykir ekki, er í íþróttum og hefur unnið til verðlauna í skák. Það er í góðu lagi með þennan dreng og með ólíkindum hvernig hefur verið farið með hann. En málið er tilraun til að rétta hans hlut og fá einhvern hluta mannorðs hans til baka,” segir Vilhjálmur. -jbg



**ÓLAFUR GEIR** Að sögn lögmanns hans er málið hliðstætt því að um ólögmæta uppsögn sé að ræða.



**ARNAR OG ELÍN GESTSDÓTTIR** Helstu aðstandendur keppninnar.

STILLUM HITANN HÓFLEGA
Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið
www.stillumhitann.is




SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA
- Lífið heil

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

**Opið 8-24 alla daga**




## BAKÞANKAR


GERÐAR KRISTNÝJAR


# *Rétta andlitið*

Fyrir alþingiskosningarnar virtist sem stjórnmálamönnum þætti öruggt að atkvæðin skiluðu sér ef börnum væntanlegra kjósenda væri boðið upp á andlitsmálningu. Að minnsta kosti sá ég ekki betur en að þetta föndur væri auglýst á næstum hverri einustu fjölskylduskemmtun sem flokkarnir buðu upp á í kosningabaráttunni. Gleðin fór gjarnan fram í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og þar gátu börnin með hjálp andlitsmálningarinnar varpað af sér sínum hefðbundna ham og brugðið sér í annan. Ekki ósvipað reyndar og stjórnmálamennirnir sjálfir hafa stundum verið vændir um fyrir kosningar.

**FYRIR** skömmu ákvað ég að fara að ráðum flokkanna og nýta mér andlitsmálningu til að búa mig til upp á nýtt. Karlmenn geta það með því einu að ganga með barðastóran hatt og fá þá gjarnan á sig stimpilinn lífskúnstner. Kona sem vill verða lífskúnstner skartar glamrandi armböndum. Svoleiðis djásn á ég ekki og því ákvað ég að binda svartan borða um ennið á mér upp við hárlínu. Borðinn gaf til kynna að inni í þessu höfði kviknuðu svo margar hugmyndir að helst þyrfti að binda þær inni. Síðan greip ég til svo dramatískrar andlitsmálningar að ég leit út fyrir að hafa komist margoft í kast við lögin og vera nokk sama þótt það gerðist aftur.

**SVONA** útlítandi tók ég á móti pípulagningamanni, sem kaus að hafa ekki orð á umbreytingunni, og góðri vinkonu. Hún horfði athugul á mig og sagði loks stillilega: „Flottur augnskuggi." Ekkert sagði hún þó um svarta borðann sem hélt skikki á gullinu í kolli mér. Þegar vinkonan var farin varð mér gengið framhjá spegli og var þá sem ég sæi andaflyksu út undan mér. Miskunnarlaus síðdegisbirtan lýsti upp andlitið á mér og ég áttaði mig á því að þessi flyksa var ekki úr handanheimi. Þetta var ég sjálf en í gervi Keith Richards. Og það er slæmt fyrir konu sem hvorki hefur drukkið né reykt um sína daga og því síður dottið niður úr pálmatré svo orðið hefur að aflýsa heilli tónleikaferð.

**ÉG** leysti hið snarasta af mér borðann, þreif framan úr mér málninguna og hætti þar með við að gerast lífskúnstner. Við sem ekki lágum í Disney-myndum í æsku lærum ekki fyrr en komin upp undir fertugt að það fer öllum best að sýna sitt rétta andlit, sama hvað gengur á í lífinu.


**Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



www.toyota.is

## Meira öryggi




Fimm stjörnu öryggi

EURO NCAP
www.euroncap.com
ADULT OCCUPANT PROTECTION
TOYOTA COROLLA

Corolla hlaut hæstu einkunn, fimm stjörnur,
í evrópska NCAP öryggisprófinu.
Meira rými
Hljóðlátastur í sínum flokki
Framúrskarandi aksturseiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og
reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla
á sölustöðum Toyota um land allt.

**Verð frá 1.960.000* kr.**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36878 05/07

*Corolla SD Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |